

KOLSVÖRT FLÓÐ OG FJARA

Stórslys vegna olíuflutninga á sjó eru sjaldgæf en þau hafa verið hreyfiaflið að baki alþjóðlegum samningum um varnir gegn mengun sjávar.



34



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

24. maí 2008 – 139. tölublað – 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

LAUGARDAGUR



Oddaflug með forsetahjónunum

Fréttablaðið flaug norður til Akureyrar og austur á Egilsstaði með fríðu föruneyti til að skoða myndlist á Listahátíð.

HELGIN 32



STÍLL 48

VEÐRIÐ Í DAG



HÆGVÍÐRI OG HLÝTT Í dag verður hæg suðlæg átt. Skýjað og hætt við smá vætu norðan og vestan til. Nokkuð bjart suðaustan og austan til og vestast á Vestfjörðum. Hiti 10-18 stig.

VEÐUR 4

Erlendir glæpahringir sestir að hér á landi

Skipulagðir erlendir glæpahópar hafa náð fótfestu hér á landi. Þeim er stjórnað erlendis frá. Erlendir glæpamenn sendir gagnert hingað til að fremja afbrot.

LÖGREGLUMÁL Skipulagðir erlendir glæpahópar hafa náð fótfestu hér á landi. Þetta hefur vinna greiningardeildar Ríkislögreglustjóra leitt í ljós, að sögn Sigríðar Bjarkar Guðjónsdóttur aðstoðarríkislögreglustjóra.

Einkum er um að ræða glæpahópa frá Mið- og Austur-Evrópu. Jafnframt hefur komið í ljós að erlendir glæpamenn eru sendir gagnert hingað til lands til að fremja afbrot.

„Þá hefur eftirgrennslan greiningardeildar leitt í ljós að erlendir glæpahópar eiga samvinnu við íslenska glæpamenn,“ útskýrir Sigríður Björk. „Þetta á einkum við

um smygl og dreifingu fíkniefna. Reynslan kennir hins vegar að skipulögð glæpastarfsemi vindur jafnan upp á sig og til verða ný svið. Hið sama gildir um möguleika á frekara samstarfi erlendra og íslenskra glæpahópa.“

Sigríður Björk útskýrir að þegar rætt sé um „íslenska“ eða „innlenda glæpahópa“ sé átt við þá sem íslenskir ríkisborgarar myndi. „Útlendir glæpahópar“ séu að sama skapi þeir sem erlendir ríkisborgarar, búsettir á Íslandi, myndi. Hinir útlendu geta hins vegar lotið stjórn manna hér á landi sem erlendis.

„Enginn vafi leikur á því að hluta þeirrar skipulögðu glæpastarfsemi

sem haldið er uppi á Íslandi er stjórnað erlendis frá,“ segir Sigríður Björk. „Fyrir liggur að menn eru sendir hingað til lands gagnert til að fremja afbrot. Upplýsingar greiningardeildar benda til þess að viðkomandi sé síðan „skipt út“ og nýir menn teknir inn þegar þörf er á eða þegar henta þykir.“

Greiningardeild telur að hér sé um að ræða mikil og söguleg umskipti á vettvangi löggæslu í landinu.

„Þessi þróun hefur í för með sér að lögreglan stendur frammi fyrir nýjum og sérlega krefjandi verkefnum,“ undirstrikar Sigríður Björk.

- jss / sjá síðu 4



NÚ ER AÐ DUGA EÐA DREPAÐ Friðrik Ómar og Regína keppa í úrslitum Eurovision í Serbíu í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Úrslitastund hjá Eurobandinu: Stefna á toppsætið í kvöld

FÓLK Það var rosa fín stemning á Eurobandinu á samnorrenum blaðamannafundi í gær enda mesta pressan að baki. „Allt sem gerist frá og með núna er bara bónus,“ segir Friðrik Ómar. „Það er öðruvísi pressa á okkur en var. En að sjálfsgöðu stefnum við á toppsætið.“

Jónatan Garðarsson, fararstjóri íslenska hópsins, segir Íslendinga vel geta haldið keppnina á næsta ári, fari svo að við sigrum. „Það er alveg búið að hugsa út í hvernig það verður leyst.“

- glh / sjá síður 38, 50 og 51

Fjölskylduhjálpi Íslands: Forstjóri í fjölskylduhjálpi

SAMFÉLAGSMÁL Hermann Ragnarsson, forstjóri Flotmúrs, var dæmdur til að sinna samfélagshjálpi eftir að hafa verið tekinn próflaus á bíl sínum. Tók hann út refsingu sína hjá Fjölskylduhjálpi Íslands sem úthlutar matarkorfum til þeirra sem á þurfa að halda.

Forstjórinn kann svo vel við það starf að hann hefur ákveðið að halda því áfram þótt hann hafi tekið út refsingu sína. Hann hefur einnig tekið sæti í stjórn félagsins.

Blaðamaður Fréttablaðsins var á vettvangi þegar verið var að úthluta síðasta miðvikudag. Öryrkjar sem þangað sóttu sögðust hvorki komast aftur inn á vinnumarkað né geta lifað af örorkubótum.

- jse / sjá síðu 36



HÚN Á AFMÆLI HÚN RÍKISSTJÓRN Eitt ár var í gær liðið frá undirritun stjórnarsáttmála Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar á Þingvöllum. Af því tilefni var börnum af leikskólanum Tjarnarborg boðið á ríkisstjórnarfund. Fremstir eru þeir Kári I. Pálsson og Úlfur Ólafsson en hinum megin borðsins sitja Þórunn Sveinbjarnardóttir, Valdemar Pálsson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Geir H. Haarde og Rebekka Rut Kristjánsdóttir.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fyrrum samstarfsmaður og samherji Jakobs Frímans í Íslandshreyfingunni:

Ráðin á skrifstofu borgarstjóra

SVEITARSTJÓRNARMÁL Svanlaug Jóhannsdóttir, sem skipaði annað sætið á lista Íslandshreyfingarinnar í Suðvesturkjördæmi fyrir alþingiskosningarnar í fyrra, hefur verið ráðin í sumarstarf sem verkefnisstjóri á skrifstofu borgarstjórans. Í fyrsta sæti framboðslistans var Jakob Frímagn Magnússon, nýráðinn framkvæmdastjóri miðborgar. Áður unnu þau saman hjá Reykjavík Records.

Anna Gunnhildur Ólafsdóttir, sérfræðingur á skrifstofu borgarstjóra, segir að leitað hafi verið til Svanlaugar um að taka að sér starfið. Anna bendir á að Svanlaug hafi unnið tímabundið að verkefninu 1,2 og Reykjavík hjá þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis.

„Ráðning Jakobs Frímans hafði ekki einu sinni komið til tals þegar Anna spurði mig hvort ég

vildi koma til starfa í sumar. Mín ráðning er því ekkert tengd Jakobi,“ ítrekar Svanlaug sjálf. Hún bendir á að í lokaritgerð hennar í viðskiptafræði hafi einmitt verið lögð áhersla á verkefnisstjórnun.

Jakob segir að Svanlaug muni ekki starfa undir honum, en vísar að öðru leyti á Önnu. „Þetta er ósköp venjuleg mannráðning og kemur pólitík akkúrat ekkert við,“ segir Anna Gunnhildur.



GARÐARSHÓLMI NÝJA BÓKIN HANS HUGLEIKS KEMUR ÚT EFTIR FJÓRA DAGA

OG ÞEGIÐU SVO

NÆSTUM NÝIR NOTAÐIR BÍLAR

www.bilathing.is

BÍLAPING HEKLU

Númer eitt í notuðum bílum

Klettháls 11 | Laugavegur 174

OPIÐ

til 20

alla daga

HAGKAUP

Ein ferð betra verð

SPURNING DAGSINS



Stefán, gengurðu ekki bara í Hjalpræðisherinn?

„Það væri hverjum her hjálpræði að fá mig til að leggja hann niður.“

Stefán Pálsson friðarsinni sótti um stöðu forstjóra nýrrar Varnarmálastofnunar. Í vikunni var tilkynnt að Ellísif Tinna Víðisdóttir, en ekki Stefán, hefði verið ráðin í starfið.

Breytingar á Markaðinum: Óli ráðinn við- skiptaritstjóri

FRÉTTABLAÐIÐ Óli Kristján Ármannsson hefur verið ráðinn viðskiptaritstjóri Fréttablaðsins og ritstjóri Markaðarins í stað Björgvins Guðmundssonar, sem hefur látið af störfum.



ÓLI KRISTJÁN
ÁRMANNSSON

Óli Kristján hefur verið blaðamaður og staðgengill ritstjóra á Markaðinum frá árinu 2006. Hann hóf störf á Fréttablaðinu haustið 2001 en sólaði um og tók að sér ritstjórn tímaritsins Tölvuheims árið 2002. Hann sneri aftur til Fréttablaðsins 2004 í innlenda fréttadeild þar sem hann sinnti meðal annars vaktstjórn áður en hann fór til starfa á Markaðinum. Óli Kristján er fæddur 1971. Viðskiptaritstjóri við hlíð hans er Björn Ingi Hrafnsson.

Iceland Express:

Nú manns sagt upp störfum

UPPSAGNIR Iceland Express tilkynnti í gær að nú starfsmönnum fyrirtækisins hefði verið sagt upp störfum. Samkvæmt Matthíasi Imsland forstjóra dreifast uppsagnirnar á nokkrar deildir innan fyrirtækisins.

„Starfsmannamálin hjá okkur eru í sífelldri endurskoðun og þetta er almennur niðurskurður. Það er alltaf leiðinlegt þegar fólk er sagt upp,“ segir Matthías.

Friðdóra Magnúsdóttir, ritari Flugfryjufélags Íslands, segist ekki vera uggandi um stöðu stéttarinnar að svo stöddu. „Það er ekkert verra ástand hjá okkur en hverjum öðrum, en ég vona að þetta lagist.“

Harður árekstur milli jeppa og rútu varð á Reykjanesbraut í gærdag:

Kona kastaðist út úr bílnum

LÖGREGLUMÁL Jeppi og rúta lentu í hörðum árekstri á Reykjanesbraut um klukkan fjögur í gærdag, á gatnamótum Grænásvegur og Flugvallarvegur. Mikil mildi þykir að enginn skyldi slasast alvarlega við áreksturinn.

Kona sem ók jeppanum kastaðist út úr bílnum og var flutt með sjúkrabifreið til Reykjavíkur. Þrjú börn, sem voru farþegar í bílnum, voru flutt til skoðunar á sjúkrahúsið í Keflavík. Enginn farþegi rútnunnar varð fyrir meiðslum.

Loka þurfti Reykjanesbraut í um eina og hálf klukkustund á meðan lögregla og sjúkraflutningamenn sinntu störfum sínum.



HARÐUR ÁREKSTUR Reykjanesbraut var lokað í um eina og hálf klukkustund meðan lögregla og sjúkralið sinntu störfum sínum.

VÍKURFRÉTTIR/HILMAR BRAGI

Segja ráðherra hunsa baráttu gegn mansali

Femínistar fóru í gær fylktu liði í dómsmálaráðuneytið, klæddir skruplum og svuntum með uppþvottahanska uppi og hreingerningarefni og tól. Gjörningurinn var táknrænn. Þeir vilja mótmæla því að rekstur Goldfinger fái þrífist.

DÓMSMÁL „Það er löngu tímabært að hreinsa skítinn úr dómsmálaráðuneytinu,“ segir Drífa Snædal sem fór fyrir sjö kvenna hópi femínista sem í gær fór í dómsmálaráðuneytið með skúringatól, skrúbbu og hreinsiefni. Fóru mikinn. Æptu: „Geisli! Geisli!“ Lýstu því yfir að þar væri skítugt. Meðal þeirra mátti þekkja konur sem hafa verið áberandi í baráttu femínista undanfarin ár svo sem Sóleyju Tómasdóttur, Guðfríði Lilju Grétarsdóttur og Katrínu Önnu Guðmundsdóttur. Gjörningur þessi er táknrænn. „Hagsmunir Ásgeirs [Þórs] Davíðssonar [á Goldfinger] eru teknir fram yfir baráttuna gegn vændi og mansali, enn einu sinni,“ segir Drífa.

Fréttablaðið greindi frá því á fimmtudag að dómsmálaráðuneytið hafi gert Lögreglustjóra höfuðborgarsvæðis að endurskoða umsögn sína um starfsemi Goldfingers. Brynjar Nielsson, lögfræðingur Ásgeirs Þórs Davíðssonar, eiganda nektardansstaðarins, hafði kært umsögnina sem leiddi til þess að sýslumaður synjaði Ásgeiri um rekstrarleyfi, og dómsmálaráðuneytið féllst á rök Brynjars. Þau snúast um að lögreglustjóri sé kominn út fyrir sitt starfssvið með því að leggja huglægt mat á hvort starfsemin er siðleg. Lögreglustjóra beri að fylgja lögum en ekki vera móráliserandi afl í samfélaginu. Brynjar segir niðurstöðuna augljósa og hann óar við aðgerðum femínista.

„Ég hef af því áhyggjur ef fólk ætlar með handaflí og mótmæl-



DÓMSMÁLARÁÐUNEYTIÐ ÞRÍFÍÐ Femínistar segja hagsmuni Geira á Goldfinger tekna fram yfir baráttuna gegn vændi og mansali.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

um að krefjast þess að ráðuneytið fari ekki að lögum. Ef mönnum finnst það í lagi fer ég að hafa verulegar áhyggjur af þessu samfélagi sem við búum í,“ segir Brynjar og bendir á að starfsemi Goldfingers sé í einu og öllu lögleg. Ekkert hafi komið fram um mansal eða vændi þar.

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra tók á móti hópnum en fjölmíðlar fengu ekki að fylgjast með þeim fundi. Drífa segir Björn hafa sagt þær ekki vera að þrifa á réttum stað. „Hann segir ráðuneytið hafa staðið sig vel í þessu máli. Mikilvægt er að fram komi að við erum ekki bara að mótmæla þessu tiltekna máli, sem reyndar er kornið sem fyllti mælinn, heldur linku ráðuneytisins almennt í mansalsmálum almennt.

Við höfum ekki fylgt alþjóðasamningum þar um þrátt fyrir undirritun,“ segir Drífa. Spurð hvort dómsmálaráðuneytið hafi átt annan kost en fylgja lögum segir Drífa það vissulega rétt að um pólitíska ákvörðun sé að ræða: Nektardans sé reyndar bannaður samkvæmt lögum en ýmis undanþáguákvæði eru í gildi. En hið raunverulega vald liggja hjá dómsmálaráðuneytinu þegar allt kemur til alls. „Þar eru frumvörpín samin og fara svo í gegnum þingið. Kvinnahreyfingin hefur samið aðgerðaáætlun. Unnið verkin fyrir Björn sem gerir ekkert nema draga lappirnar.“ Drífa segir engan efa í sínum huga að mansal og rekstur nektardansstaða tengist – það sýni rannsóknir.

jakob@frettabladid.is

Jarskjálftasvæðið í Kína:

Leitað að geisla- virkum efnum

KÍNA, AP Björgunarsveitarmenn reyndu sitt besta í gær til að finna tjöld, matvæli, lyf og læknisaðstoð fyrir þann fjölda fólks sem enn hefur hvergi höfði sínu að að halla eftir hamfaraskjálftann í Setsúan í byrjun síðustu viku. Staðfest tala látinna í hamförunum var hækkuð í 55.740, en auk þess er 24.960 manna saknað.

Á hamfarasvæðinu er meðal annars að finna 15 „uppsprettur geislunar“ sem enn kváðu vera í rústunum. Að sögn erlendrar sérfræðinga er líklega um að ræða geisla-virk efni sem notuð eru á sjúkrahúsum og í tilraunastofum.

- aa



FORSETAHLJÓNIN Ólafur Ragnar Grímsson og Dorrit Moussaieff.

Ólafur Ragnar Grímsson: Sjálfkjörinn forseti Íslands

STJÓRNMÁL Ólafur Ragnar Grímsson hafði einn manna skilað inn tilkynningu um framboð til forseta Íslands skömmu áður en frestur til þess rann út á miðnætti í gærkvöld. Hafi enginn annar skilað inn framboði og lista með tilsettum fjölda undirskrifa frá meðmælendum áður en framboðsfresturinn rann út verður Ólafur sjálfkjörinn forseti og því engar forsetakosningar haldnar í júní eins og ella hefði orðið.

Ólafur var fyrsti kjörinn forseti árið 1996. Næsta kjörtímabil verður því það fjórða sem Ólafur situr á forsetastóli.

- gar

Pingkosningar í Georgíu:

Stjórnarflokkur fær nær öll sæti

GEORGÍA, AP Stjórnarflokkur Mikhaíl Saakashvilis Georgíuforseta er á góðri leið með að tryggja sér öruggan þingmeirihluta að því er fulltrúar kjörstjórnar greindu frá í gær. Kosíð var á miðvikudag.

Vonsviknir stjórnarandstæðingar sögðust kunna að lýsa vanþóknum sinni á meintum kosningasvikum með því að neita að taka þau sæti á þingi sem þeir þó fá. Þegar nær öll atkvæði höfðu verið talin virtist Þjóðar-einingarhreyfing Saakashvili vera búin að tryggja sér 120 af þingsætunum 150,

- aa

Samninganefnd ríkisins hefur gert félögum innan BHM munnlegt tilboð:

Fengju 19.500 við undirskrift

KJARAMÁL Skriður er kominn á kjaraviðræður samninganefndar ríkisins og samninganefnda stéttarfélaganna innan BHM. Ríkið hefur gert félögum BHM munnlegt tilboð um kjarasamning til átján mánaða. Í tilboðinu er í flestum tilfellum gert ráð fyrir 19.500 króna hækkun við undirskrift og 6.500 króna hækkun í janúar 2009. Krónutalan við undirskrift gerir um sex prósentu launahækkun sé miðað við 320 þúsund króna mánaðarlaun.

Samningafundur samninganefndar ríkisins og samninganefndar Huggarðs og Ljósmeðrafélags Íslands var í gær frestað vegna samningaviðræðna ríkisins við BSRB. Inga Rún Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Huggarðs, segir að með tilboðinu sé kominn viðræðugrundvöllur en bendir á að fyrsta krónutöluhækkunin þýði



EKKI VON Á SAMÞYKKI „Ég á ekki von á að það fengist samþykkt,“ segir Inga Rún Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Huggarðs.

aðeins 5,48 prósentu hækkun fyrir sína félagsmenn. „Ég á ekki von á að það fengist samþykkt,“ segir hún.

Inga Rún telur að samningaviðræðurnar séu nú að skiptast í þrennt; samninganefnd ríkisins vilji ræða laun og kjarasamningsbundin atriði beint við stéttarfélagin, réttindi verði rædd við BHM og síðan verði sérstakar kvennastéttir teknar út sérstaklega, til dæmis ljósmeður, félagsráðgjafar og hjúkrunarfræðingar, undir vinnuheiminu VUK, Vakta-vinna, umönnun, kvennastétt. Þannig verði reynt að taka á kynbundnum launum.

Ögmundur Jónasson, formaður BSRB, segir að svipað sé til umræðu í viðræðum BSRB við ríkið, þó að ekkert sé fast í hendi. Samninganefndir komi saman í dag og sé stefnt á frekari fundi á sunnudag. „Við erum ekki búin að festa okkur í neinu en erum að tefla fram ýmsum valkostum í stöðunni,“ segir hann.

- ghs



Þú sparar á Orkustöðvunum


Net Orkustöðvanna umhverfis landið þéttist sífellt til enn frekari hagsbóta fyrir almenning. Kynntu þér hvar Orkustöðvarnar eru og hvað **bensinið er ódýrt þar.**

www.orkan.is



SPÁÐU Í HVAD ÞÚ SPARAR!

Þjónustudagur Toyota



ISLENSKA SÍLAJS FOT 421 85 02.2008

Toyota með allt á hreinu

Nú gerum við allt glansandi flott fyrir sumarið á þjónustudegi Toyota. Í dag milli kl. 11 og 16 bjóðum við öllum Toyota-eigendum í heimsókn til sölu- og umboðsaðila Toyota um land allt.

Við þrífum bílana að utan
Við deilum út skemmtilegum gjöfum
Við grillum og látum gosið freyða

Komdu til næsta sölu- og umboðsaðila Toyota ogaktu burt á skínandi hreinum bíl í glimrandi Eurovisiongír.



TODAY TOMORROW **TOYOTA**

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070

Bilatangi ehf.
Suðurgötu 9
Ísafjörður
Sími: 456-4580

Vestmannaeyjar
við Tysheimilið

GJALDMIDLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	72,06	72,4
Sterlingspund	142,65	143,35
Evra	113,23	113,87
Dönsk króna	15,175	15,263
Norsk króna	14,313	14,397
Sænsk króna	12,17	12,242
Japanskt jen	0,6955	0,6995

SDR	117,6	118,3
-----	-------	-------

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
145,8501
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Viðræður Ban Ki-moon, framkvæmdastjóra SP, við herforingjastjórnina í Búrma:

Heimila loks erlenda aðstoð

BÚRMA, AP Ban Ki-moon, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, sagði eftir viðræður við leiðtoga herforingjastjórnarinnar í Búrma í gær að þeir hefðu fallist á að heimila að „allir erlendir hjálparstarfsmenn“ fengju að koma inn í landið til að hjálpa nauðstöddum á hamfararsvæðinu eftir fellibylinn Nargis.



BAN OG THAN Ban Ki-moon og Than Shwe eftir viðræður þeirra í Naypyitaw í gær.

Fram til þessa hefur herforingjastjórnin aðeins hleypt sumum hjálpargögnum og sárafáum erlendum hjálparstarfsmönnum inn í landið, þrátt fyrir að það væri her landsins augljóslega ofvaxið verkefni að veita nauðstöddum þá bráðaaðstoð sem þeir þurfa lífsnauðsynlega á að halda.

Ban lýsti þessu yfir eftir tveggja stunda fund í gærmorgun með Than Shwe, oddvita herforingjastjórnar-

innar. Spurður hvort hann teldi samkomulagið brjóta blað, sagði Ban við fréttamenn að hann „teldi svo vera“.

Annar háttsettur erindreki SP, sem einnig var viðstaddur fundinn, sagði að Than Shwe hefði einnig gefið heimild fyrir því að útlendingar fengju að fara til svæðisins sem verst varð úti, óseyra-láglendi Irrawaddy-fljótsins, sem hingað til hefur verið svo gott sem lokað fyrir útlendingum.

Minnst 78.000 manns fórust í hamförum sem dundu yfir í byrjun maí og um 56.000 manns til viðbótar er saknað. Tvær og hálf milljón manna eiga á hættu að verða fyrir farsóttum og sulti og þurfa án þaks yfir höfuðið að freista þess að standa af sér monsunrigningar.

Rannsókn í Israel: Ógnar pólitísku lífi Olmerts

ISRAEL, AP Lögregla í Ísrael yfirheyrði í gær Ehud Olmert forsætisráðherra í annað sinn í rannsókn á meintri fjármálaspillingu. Rannsóknin ógnar pólitísku lífi Olmerts og friðarumleitunum við Palestínnumenn og Sýrlendinga.

Dómstóll í Jerúsalem ákvað í gær að fresta fram á þriðjudag yfirheyrslum yfir lykilvitni í málinu, bandaríska kaupsyslumanninum Morris Talansky. Grunur leikur á að Olmert hafi þegið með ólögætum hætti hálfá milljón Bandaríkjadala í reiðufé frá Talansky.

Olmert hefur neitað að hafa nokkuð til saka unnið. - aa



SIÓMENN ÓSÁTTIR Belgískir sjómenn mótmæltu einnig. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Franskir fiskimenn mótmæla: Trufla umferð um Ermarsund

FRAKKLAND, AP Franskir fiskimenn hafa síðustu daga efnt til mótmælaaðgerða til að vekja athygli stjórnvalda á því hvernig hækkað eldsneytisverð stefnir lífsviðurværi þeirra í hættu.

Í gær lokuðu fiskibátar aðkomunni að tveimur olíuhreinsistöðvum olíurisans Total og trufluðu umferð um Ermarsund. 25 togarar sköpuðu skipaumferðarsteppu á hinu fjölfarna Dover-sundi.

Margir fiskimenn hafa hafnað tilboði sem ríkisstjórnin gerði þeim fyrr í vikunni um að hraða fyrirhuguðum uppþótaraðgerðum.

Reiðin beinist einnig að efnahagsmótáformum Sarkozy forseta. - aa

Þingvallanefnd ofbýður:

Makrílveiði á stórrurriða hætt

STANGVEIÐI Þingvallanefnd hefur bannað alfarið notkun allrar beitu nema maðks við veiðar í Þingvallavatni fyrir landi þjóðgarðsins. Einnig verður óheimilt að veiða úr bátum og flotum. Þannig að nú má aðeins veiða frá landi á spún, maðk og flugu. „Ástæða þessa er gríðaraukun á sókn í stórrurriða undanfarin misseri og notkun alls kyns stærri beitu svo sem makrils, sardínu, hrogna og smurefna,“ segir Þingvallanefnd.

Í Fréttablaðinu hefur komið fram að nú í vor hafa margir stórir urriðar veiðst á makríl í Þingvallavatni. - gar

Starf lögreglu mun hættulegra en áður

Glæpaheimurinn hér á landi fer harðnandi, sem veldur því að starf lögreglu er nú mun hættulegra en áður. Greiningardeild Ríkislögreglustjóra bendir á að aukin hætta sé á að í odda skerist með skipulögðum glæpahópum hér á landi.

LÖGREGLUMÁL „Aukin harka ein-kennir heim afbrota hér á landi. Jafnframt er ljóst að starf lögreglu er nú mun hættulegra en áður var,“ segir Sigríður Björk Guðjónsdóttir aðstoðarríkislögreglustjóri um stöðu þessara mála hér á landi.

Athygli manna beinist mjög að þeirri staðreynd að erlendir glæpahópar hafi náð fótfestu á Íslandi, eins greint er frá í Fréttablaðinu.

„Hins vegar ber að leggja áherslu á að því fer viðsjarri að slíkir hópar haldi einir uppi þess háttar starfsemi hérlandis. Íslenskir hópar eru fyrirferðarmiklir og láta til sín taka á mörgum sviðum.“

Greiningardeild Ríkislögreglustjóra hefur bent á að aukin hætta sé á að í odda skerist með skipulögðum glæpahópum hér á landi. Um er að ræða hættu á því að innlendir og erlendir hópar takist á og að hinir erlendu taki að berjast innbyrðis. Vísendingar um slíkt hafa borist greiningardeild.

„Fjölgu útlendinga hér á landi og aukinn hlutur þeirra á vettvangi skipulagðrar glæpastarfsemi hefur áhrif á fjölmörgum sviðum samfélagsins,“ útskýrir Sigríður Björk. „Greiningardeild hefur bent á hættu á því að þessi þróun leiði til þess að umbráðar-lyndi minnki í samfélaginu og að aukinnar andúðar gæti í garð útlendinga almennt og fólks frá Mið- og Austur-Evrópu sérstaklega. Deildin telur ástæðu til að hafa áhyggjur af vaxandi andúð í garð útlendinga hér á landi.“



ERLENDIR GLÆPAMENN Aukin harka í heimi afbrota hér á land leiðir meðal annars til þess að starf lögreglu er nú mun hættulegra en áður var. Myndin sýnir erlenda brotamann í höndum lögreglu. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Greiningardeild hefur komið að fjölmörgum málum, sem eru þess eðlis að ekki er unnt að greina frá þeim opinberlega. Deildin hefur jafnframt sent frá sér fjölda skýrsla og hefur mörgum þeirra verið komið til lögregluembættanna í landinu. Lögregluumdæmin fimmtán hafa sérstaka tengiliði við deildina og hún hefur einnig tengiliði við tollstjórn í Reykjavík og Landhelgisgæslu Íslands. „Samstarf þessara innlendu aðila er afar mikilvægt og veitir nýja möguleika á kortlagningu og greiningarvinnu á landsvísi. Rétt

er að áréttu að greiningardeild fer ekki með rannsóknarforræði varðandi skipulagða glæpastarfsemi, heldur eru rannsóknir á forræði lögreglustjóra.

Jafnframt hefur verið lögð rík á áhersla á að koma á traustu samstarfi við stofnanir erlendis, sem sinna áþekkri greiningarvinnu. Sú vinna hefur nú þegar skilað miklum árangri og raunar meiri árangri en bjartsýnustu menn þorðu að vona. Alþjóðleg samvinna á sviði borgaralegra öryggismála fer ört vaxandi.“

jss@frettabladid.is

Ríkið sýknað af milljónakrófu: Á sjálfur sök á löngu varðhaldi

DÓMSMÁL Héraðsdómur Reykjavíkur hefur sýknað íslenska ríkið af skaðabótakrófu manns sem sat í gæsluvarðhaldi í mánuð vegna rannsóknar á fíkniefnamáli en var aldrei ákærður. Maðurinn krafðist fjögurra milljóna í bætur.

Maðurinn sat í varðhaldi frá 26. apríl til 30. maí 2006 grunaður um aðild að innflutningi á fimmtán kílóum af amfetamíni og tíu kílóum af hassi í bensintanki bíls. Ríkið var sýknað af kröfunni þar sem sýnt þótti að maðurinn hafi verið ósamvinnuþýður við yfirheyrslur hjá lögreglu og hafi stuðlað að því hversu varðhaldsvistin dróst á langinn. - sh

Forsetaframboðsslagurinn:

McCain birtir sjúkraskýrslur

BANDARÍKIN, AP

John McCain, forsetafram- bjóðandi Repúblikana- flokksins vestra, reyndi í gær að slá á vangaveltur um að hann kunn- i að vera of- aldurhninginn til að eiga erindi í valdamesta embætti heims með því að veita AP-fréttastofnunni aðgang að sjúkkaskýrslum sínum.



JOHN MCCAIN

Í þeim kemur fram að McCain, sem verður 72 ára í ágúst og hefur þrisvar látið skera af sér sortu- æxli, virðist alveg laus við allt krabbamein, hafi hraust hjarta og sé almennt við góða heilsu.

Framan af prófkjörsbaráttunni höfðu margir kósendur orð á að aldur McCains veikti hann sem frambjóðanda, en nýlegar skoðana- kannanir benda til að fáir kjósendur setji þetta nú fyrir sig. - aa

VEÐURSPÁ




Sigurður P. Ragnarsson veður- fræðingur

HLÝINDI

Við erum að sigla inn í eindregin hlýindi um helgina, einkum á Norðaustur- og Austurlandi. Í dag má búast við hita allt að 18 gráðum á þeim slóðum en á morgun og hinn kunna tölurnar að fara upp undir 20 stig og jafnvel yfir það á Austurlandi eftir helgi. Þótt víða sé þungbúið í dag eru horfur á bjart- viðri á morgun.

Á MORGUN 12-14 M/5
3-10 m/s, stífastur allra vestast



MÁNUDAGUR 5-10 m/s

HEIMURINN

Kaupmannahöfn	17°
Billund	20°
Ósló	13°
Stokkhólmur	16°
Gautaborg	18°
Helsinki	16°
Eindhofen	21°
Amsterdam	20°
London	17°
Berlín	21°
Frankfurt	23°
Friedrichshafen	22°
París	22°
Basel	23°
Barcelona	21°
Alicante	26°
Algarve	19°
Tenerife	19°

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

Er mataræðið óreglulegt?

LGG+ er fyrirbyggjandi vörn!

Skyndebitafæði, sætindi, óreglulegar máltíðir – allt þetta dregur úr innri styrk, veldur þróttleysi, kemur meltingunni úr lagi og stuðlar að vanlíðan. Regluleg neysla LGG+ vinnur gegn þessum áhrifum og flýttir fyrir því að jafnvægináist á ný. Dagleg neysla þess tryggir fulla virkni.



HEVITA HUSIÐ / SÍA

Mesta vöruúrvalið

OPIÐ
tíl **20**
alla daga



35%
afsláttur

1.819 kr/kg

Verð áður 2.799.-

Marineraðar
kjúklingabringur



Kjöt & Fisktorgið
Alltaf ferskt

25%
afsláttur
við kassa

748 kr/kg

Merkt verð 998.-

BBQ svínaríf
- kryddlegin



30%
afsláttur
við kassa

2.099 kr/kg

Merkt verð 2.998.-

Nautapíparsteik



50%
afsláttur
við kassa

1.099 kr/kg

Verð áður 2.199.-

Reyktar svínakótilettur
- kryddlegnar



Kjöt & Fisktorgið
Alltaf ferskt

40%
afsláttur

441 kr/kg

Verð áður 735.-

Svínabógur
- úr kjötbörði



Spennandi
nýjungar
tilbúnar beint á grillið!

Prófaðu eitthvað nýtt
og spennandi!



Gildir til 25. apríl eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

KJÖRKASSINN



Stóðu þau Friðrik Ómar og Regina Ósk sig vel í Eurovision?

JÁ 85,9%
NEI 14,1%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Sigrar Ísland í Eurovision?



Samfylkingarfólk skorar á ríkisstjórnina vegna úrskurðar um kvótaúthlutun:

Virði mannréttindanefnd SP

STJÓRN MÁL Sjávar- og landbúnaðarnefnd Samfylkingarinnar vill afnám gjaldfrjálsrar úthlutunar á fiskveiðikvóta í áföngum á næstu 20 árum. Þetta verði innihaldið í svari ríkisstjórnarinnar vegna úrskurðar mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna.

„Með þessari aðferð er kerfið opnað og mannréttindi tryggð en svo um búið að útgerðarfyrirtækin fá góðan aðlögunartíma og missa einskis af því fé sem þau hafa fest í heimildunum,“ segir Samfylkingarnefndin og bendir á að frestur Íslendinga til að bregðast við renni út 11. júní næstkomandi.



KARL V. MATTHÍASSON Einn alþingismanna Samfylkingarinnar er formaður nefndarinnar sem skorar á Alþingi að fylgja úrskurði mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna.

„Við erum að minna ríkisstjórnina á að sinna þessu máli,“ segir Karl V. Matthíasson, alþingismað-

ur og formaður sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Samfylkingarinnar.

Karl segir marga telja kvóta-kerfið ranglátt. „Og ég er einn af þeim,“ ítrekar hann.

Að sögn Karls er málið á forræði Einars K. Guðfinnssonar sjávarútvegsráðherra sem munivera að vinna tillögur að svari íslensku ríkisstjórnarinnar við úrskurði mannréttindanefndarinnar. Karl er hóflega bjartsýnn á að niðurstaða Einars verði Samfylkingarnefndinni að skapi. „Eigum við ekki að segja að ég voni hið besta,“ svarar þingmaðurinn.

-gar

Sjálfstæðismenn í Hafnarfirði:

Vilja vita laun bæjarstjórans

SVEITARSTJÓRNIR Fulltrúar minnihluta Sjálfstæðisflokks í bæjarstjórn Hafnarfjarðar vilja fá upplýsingar um greiðslur til Lúðvíks Geirssonar bæjarstjóra og annarra bæjarfulltrúa.

Í fyrirspurn sjálfstæðismanna í bæjarráði kemur fram að samkvæmt ársreikningi hafi bæjarstjórn greitt 43,5 milljónir króna á árinu 2007 til bæjarstjórnar og bæjarstjóra vegna launa og launatengdra gjalda. Segjast þeir vilja að upplýst verði í sundurliðum hver séu laun og aðrar greiðslur til bæjarstjóra og hver séu laun og aðrar greiðslur til aðalbæjarfulltrúa og varabæjarfulltrúa.

-gar

Átt þú enskt Linguaphone námskeið?

Mig vantar enskt Linguaphone námskeið, aðallega sjálfa textabókina, en í henni er íslensk skýring neðanmáls á sömu blaðsíðu og enski textinn kemur fram. Uppl. í síma 865 7013.



30% AFSLÁTTUR AF HJÁLMMUM

Viðskiptavinir í Stofni fá fjölbreytt úrval af hjólahjálmmum á **30% afslætti** í Markinu, Ármúla 40, 108 Reykjavík.

ENN EINN KOSTUR ÞESS AÐ VERA Í STOFNI

SJÓVÁ

STOFN

Hjúkrunarfræðideild

Viltu krefjandi, spennandi og fjölbreytt starf sem skiptir máli?

Komdu þá í hjúkrunarfræði. Framúrskarandi menntun með mikla atvinnumöguleika.

HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

www.hjukrun.hi.is

HÁSKÓLI ÍSLANDS



- » Umsóknarfrestur er til 5. júní 2008
- » Rafræn umsókn er á www.hjukrun.hi.is
- » Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu hjúkrunarfræðideildar í síma 525 4960

Alvarlegur samskiptavandi milli embætta

Ríkisendurskoðun segir samskiptavanda hafa verið milli Lögreglustjórans á Suðurnesjum og dómismálaráðuneytisins. Stofnunin tekur undir tillögur ráðuneytisins um að verkefni á sviði tolla- og flugöryggismála verði færð.

LÖGGÆSLA Alvarlegur samskiptavandi hefur verið á milli embætta Lögreglustjórans á Suðurnesjum og dómismálaráðuneytisins, eftir að embættið færðist undir dómismálaráðuneytið, að því er fram kemur í úttekt Ríkisendurskoðunar á embættinu. Vandinn snýst ekki eingöngu um boðaðar breytingar á embættinu, að áliti Ríkisendurskoðunar, sem telur að viðkomandi embætti hafi ákveðið að leggja ágreining sinn til hlíðar. Þau ætli að vinna í sameiningu að framgangi þeirra breytinga sem til standa á skipulagi og rekstri lögreglustjóraembætta á Suðurnesjum.

Ríkisendurskoðun telur að fag- og fjárhagsleg markmið stjórnvalda með sameiningu allrar lög- og tollgæslu á Suðurnesjum árið 2007 hafi náðst að hluta til. Um leið tekur hún undir tillögur dómismálaráðuneytisins um að forræði verkefna á sviði tolla- og flugöryggismála verði færð frá embættinu. Vel komi þó til álita að Lögreglustjóranum á Suðurnesjum verði áfram falin dagleg stjórnun verkefna á þessum sviðum með sérstökum þjónustusamningum.

Í úttekt Ríkisendurskoðunar er bent á að ýmislegt hafi áunnist við sameiningu allrar lög- og tollgæslu á Suðurnesjum árið 2007. Hlutfallslegur kostnaður við yfirstjórn hafi minnkað og skilvirki við afgreiðslu sakamála aukist. Löggæsla hafi hins vegar ekki orðið sýnilegri. Þá telur stofnunin að fjárhagsvanda embætta á Suðurnesjum rekja til aukinna umsvifa þess við öryggisgæslu, fíkniefnaeftirlit



LÖGREGLUSTJÓRI OG DÓMSMÁLARÁÐHERRA Ríkisendurskoðun segir alvarlegan samskiptavanda milli embætta dómismálaráðherra og Lögreglustjóra Suðurnesja ekki snúast eingöngu um boðaðar breytingar á Suðurnesjaembættinu.

og verkefni tengdum Atlantshafsbandalaginu. „Þessi auknu umsvif voru að hluta til með vitund og vilja utanríkisráðuneytisins, án þess þó að fjárveitingar ykjast að sama skapi. Við brottför varnarliðsins dró einnig úr sértekjum embætta á Suðurnesjum án þess að kostnaður minnkaði til samræmis,“ segir í úttekt Ríkisendurskoðunar.

Ríkisendurskoðun bendir jafnframt á að með breyttri stjórnun og fjármögnun verkefna þurfi stjórnvöld að taka afstöðu til þess hversu mikla lög- og toll-

gæslu þarf vegna starfseminnar á Keflavíkurflugvelli.

„Verði niðurstaðan að halda sem næst óbreyttum mannafla er ljóst að auka þarf fjárveitingar til löggæsluverkefna svo að reka meg þau hallalaust án frekari sparnaðar,“ segir í skýrsluni.

Stofnunin telur einnig nauðsynlegt að kanna til hlitar hvers vegna launakostnaður á stöðugildi er nokkrum meiri hjá Lögreglustjóranum á Keflavíkurflugvelli en hjá öðrum lögreglu- og tollstjóraembættum.

js@frettabladid.is

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum:

UNNIÐ AÐ FARSÆLLI LAUSN MÁLA

„Ég get staðfest það, eins og fram kemur í skýrslu Ríkisendurskoðunar, að lögreglustjóraembættið á Suðurnesjum og dómismálaráðuneytið eru sameiginlega að vinna að farsælli lausn málsins,“ segir Jóhann R. Benediktsson, lögreglustjóri á Suðurnesjum, um úttekt Ríkisendurskoðunar á embætti hans. Þar er meðal annars til umfjöllunar sá ágreiningur sem uppi hefur verið vegna ákvörðunar dómismálaráðuneytisins um að færa tollgæslu og flugvernd undan embætti lögreglustjórans til ráðuneyta fjármála og utanríkismála.

„Það er margt jákvætt í þessari skýrslu,“ segir Jóhann enn fremur. „Hún staðfestir að fjárvöntun sé til staðar í Suðurnesjaumdæmi, eigi að halda uppi öflugri lögreglu- og tollgæslu. Hún staðfestir jafnframt ágæti þessa fjárhagslega aðskilnaðar milli ýmissa stjórnsýsluþátta, sem reyndar mikil eining ríkir um.“

Ríkisendurskoðandi bendir á að huga þurfi nánar að hinum sameiginlega stjórnunarpætti allra verka. Ráðuneytið og embættið vinna nú að því máli.“



JÓHANN R. BENEDIKTSSON Færðir við sitt fólk vegna fyrirhugaðra breytinga.

Dómismálaráðherra:

KANNAST EKKI VIÐ SAMSKIPTAVANDA

„Ég átta mig ekki á því hvað vakir fyrir Ríkisendurskoðun með þessari staðhæfingu,“ segir Björn Bjarnason dómismálaráðherra um þá fullyrðingu Ríkisendurskoðunar að alvarlegur samskiptavandi hafi verið milli dómismálaráðuneytis og Lögreglustjórans á Suðurnesjum.

„Ég hef ávallt verið til þess búinn að ræða við lögreglustjórnann á Keflavíkurflugvelli og hef átt með honum langa fundi án nokkurra vandræða. Ráðuneytið hefur sömu samskipti við þetta embætti og öll önnur á þess starfssviði og kannanir sýna að almennt nýtur ráðuneytið mikils trausts hjá forstöðumönnum stofnana fyrir greið og skjót viðbrögð. Hið sama viðmót er að sjálfsögðu gagnvart embættinu á Suðurnesjum.“

FLUGDAGURINN

24. maí 2008
á Reykjavíkflugvelli



D A G S K R Á

Á svæði Flugþjónustunnar við Hótel Loftleiðir verða sýndar flugvélar af öllum stærðum og gerðum en á himni verður boðið upp á flugsýningu.

Kl. 12:00	Sýningarsvæði við Hótel Loftleiðir opnað	14:15-14:25	Vélflug Dash 8
13:00-13:10	Fallhlífarstökk og listflug.	14:25-14:45	Túndra, fis og paramótor.
13:10 -13:25	Setning flugsýningar.	14:45-14:55	Vélflug - Pristurinn DC-3 og Boeing 757 fljúga saman.
13:25-13:40	Listflug, sviffflug og vélflug.	15:00	Sýningaratriðum lýkur.
13:45-13:55	Þyrla og hjáflug YAK-11.	16:00	Sýningarsvæði lokar.
13:55-14:10	Þyrla Landhelgisgæslunnar		
14:10-14:15	„Drag Racing“ og Listflug. Flugvél og tryllitæki keppa á flugbraut.		

Nánari upplýsingar á www.flugmal.is
Athugið að breytingar gætu orðið á dagskrá.



1. Hvaða ráðherra hefur ferðast minnst frá því núverandi ríkisstjórn tók við?
2. Hvers lensk er flugsveitin sem um þessar mundir annast loftrýmisgæslu yfir Íslandi?
3. Hvaða leikmaður var valinn í landslið Íslands í knattspyrnu í stað Hermanns Hreiðarssonar?

SVÖRIN ERU Á Síðu 58

Útlán bankanna dragast saman um 58 milljarða króna:

Snöggkæling á íbúðamarkaði

VIÐSKIPTI Útlánatölur gefa vísendingar um mjög kröftuga kólnun á fasteignamarkaði. Útlán innlánastofnana til íbúðakaupa fyrstu fjóra mánuði ársins voru 75% minni en á sama tíma í fyrra. Í aprílmánuði var fjöldi lánasamninga 104 en á sama tíma í fyrra var fjöldinn yfir 450. Þegar hæst lét árið 2004 fór fjöldinn yfir tvö þúsund samninga segir í hálf fimm fréttum greiningardeildar Kaupþings.

Útlán bankastofnana til innlendra aðila lækkuðu um tæpa 58 milljarða króna í apríl. Mest var lækking á gengisbundnum skuldabréfum sem lækkuðu um rúma 28



KAUPSAMNINGUM FÆKKAR

Þinglýstir kaupsamningar í apríl voru 126 samanborið við 377 í fyrra.

FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

milljarða króna, yfirdráttarlán lækkuðu um 8,9 milljarða, óverðtryggt skuldabréf lækkuðu um

10,4 milljarða og verðtryggt skuldabréf um 6,2 milljarða króna segir í nýútgefnum tölum frá Seðlabanka Íslands.

Fækkun hefur verið á þinglýstum kaupsamningum. Í apríl voru einungis þinglýstir 126 kaupsamningar í Reykjavík samanborið við 377 í fyrra. Greiningardeild Kaupþings gerir ráð fyrir því að fasteignaverð lækki um 5 prósent á þessu ári að nafnvirði en um 17 prósent að raunvirði. Einnig segir að bjarta hliðin á gangi mála á fasteignamarkaði er að fasteignaverð mun nú taka að vinna gegn verðbólgu og flyta fyrir vaxtalækkunarferli Seðlabankans. - bpa

BSRB um Strætó:

Telja uppsögnina ólöglega

VINNUMARKAÐUR BSRB hefur falið lögfræðingi sínum að skoða nýlega uppsögn trúnaðarmanns hjá Strætó en BSRB telur hana ólöglega. Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar hefur skrifað stjórnarmönnum Strætós bs. vegna uppsagnarinnar. Ögmundur Jónasson, formaður BSRB, segir að sveitarstjórnunum sem standi að Strætó bs. verði gerð grein fyrir stöðunni.

„Menn spyrja sig hvort stjórnendur þessa fyrirtækis valdi sínu hlutverki,“ segir hann. „Þetta er komið í farveg sem við getum ekki lengur sætt okkur við.“

- ghs

Vinnsla og vörupróun
Matvælaöryggi
Líftækni



Sóknarfæri í sjávarútvegi og matvælaíðnaði á Austurlandi

Matis heldur kynningarfund í Verkmenntaskóla Austurlands, Neskaupstað, mánudaginn 26. maí frá kl. 10 til 12.

Fjöldmörg áhugaverð erindi verða flutt og Helga Jónsdóttir, bæjarstjóri Fjarðabyggðar, fjallar um atvinnulífið og fleira sem er á döfinni.

Allir velkomnir!

www.matis.is

5125050

Auglýsingasími



RÚMLEGA 80 PRÓSENT SAMNÝTA NÁLAR Í nýrri rannsókn um áhættu hegðun sprautufíkla kemur fram að mikill meirihluti þeirra deilir sprautubúnaði og telur aðgengi að því slæmt.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

HIV og lifrabólgu smit verða algengari:

Um 80 prósent fíkla hefur samnýtt nálar

HEILBRIGÐISMÁL Aðgengi að sprautubúnaði á Íslandi er ekki gott. Þetta segir yfirlitsskipti meirihluti íslenskra sprautufíkla, sem tóku þátt í rannsókn tveggja hjúkrunarfræðinema sem unnin var í samvinnu við vímuefnaeina-deild Landspítalans og SÁÁ.

Rannsóknin ber yfirskriftina sprautunotkun meðal fíkla á Íslandi: Umfang, áhættu hegðun og forvarnir. Hjúkrunarfræðinemarnir sem hana unnu eru þær Rúna Guðmundsdóttir og Jóna Sigríður Gunnarsdóttir. Þær segja ljóst að sjúkdómar á borð við HIV og lifrabólgu séu að verða algengari meðal íslenskra sprautufíkla. Áhættusöm sprautunotkun er ein helsta smitleið slíkra sjúkdóma en lítið er vitað um sprautu hegðun þessa hóps hérlandis. Töldu þær því nauðsynlegt að rannsaka þessi

mál og lögðu þær spurningalista fyrir 69 fíkla sem höfðu sprautað sig í æð og tóku viðtöl við ellefu manns. Niðurstöður þeirra eru enn óbirtar en meðal þess sem þar kemur fram er að áhættusöm sprautunotkun er algeng. Meðal annars sögðust 84 prósent þátttakenda hafa endurnýtt nálar, um 80 prósent þeirra samnýtt nálar og um 75 prósent samnýtt annan sprautubúnað.

Þá taldi fólkið aðgengi að sprautubúnaði ekki gott og töldu 80 prósent þörf á úrbótum á því þar sem slæmt aðgengi ýtti undir áhættu hegðun.

Samkvæmt upplýsingum frá SÁÁ er talið að um 700 sprautufíklar séu nú á landinu og fjöldi í hópi þeirra um 70 til 110 á ári. Um 300 þeirra eru smitaðir af lifrabólgu C.

- kdk

Explorer 2.0 - Götu hjól fyrir dömur og herra

- Állstell 7005 T-6
- Shimano Acera 21 gíra
- Tektro V-bremsur
- SR Suntour M2000 framdempari m/63 mm slaglengd
- Stillanlegur stífleiki

Hjólið hentar vel innanbæjar og á malarvegum. Upprétt setstaða ásamt dempara í sætisþósti auka enn á þægindin.

Verð

37.990 kr.



Trail X 2.0 - Fjallahjól

- Állstell 7005 T-6
- Shimano Acera 24 gírar
- V-bremsur
- RST Omni 191 dempari m/75 mm slaglengd
- Stillanlegur stífleiki

Vandað, alhliða fjallahjól í skemmri eða lengri ferðir. Setstaða hentar vel til þolþjálfunar.

Verð **36.990 kr.**

Hjóladeildin er í Holtagörðum

Nýja garðtækjalínan frá

CASTELGARDEN

slær í gegn!

20%
afsláttur

Kurlarar

20%
afsláttur

Mosatætarar

20%
afsláttur

af öllum **CASTELGARDEN** vörum
aðeins um þessa helgi!

20%
afsláttur

Sláttuorf
bensín og rafmagn

20%
afsláttur

Sláttuvélar
bensín og rafmagn

20%
afsláttur

Limgerðisklippur
bensín og rafmagn

20%
afsláttur

Keðjusagir
bensín og rafmagn

CASTELGARDEN

– ótrúlega fullkomin garðtæki á ótrúlega hagstæðu verði!



**GÓÐ RÁÐ
GARÐHEIMA:**

Blákorn er góður alhliða áburður á tré, gras og matjurtir. Notið um 5 kg. á 250 m²

Graskorn örvar grasvöxtinn. Notið 5 kg á 125 m²

Þörungamjöl er lífrænn áburður, góður á grasflöt og undir torf. Notið um 25 kg á 500 m²



GARDHEIMAR

heimur heillandi hluta og hugmynda

Stekkjarbakka 6 - Sími 540 3300 - www.gardheimar.is

Úrvalið er í Garðheimum:
15 tegundir af WEBER grillum!



weber
Fyrir vandláta...

ÚTFLUTNINGSRÁÐ ÍSLANDS
TRADE COUNCIL OF ICELAND



Útflutningur á íslenskri list

**Eru listir og viðskipti andstæður?
Hvað er menningarhagkerfi?
Er útflutningur lista háður opinberum
styrkjum?**

**Fimmtudaginn 29. maí frá 8.30 til 10.00
á Grand Hótel í Reykjavík**

Útflutningsráð Íslands og Bandalag íslenskra listamanna standa fyrir morgunverðarfundum fimmtudaginn 29. maí frá 8.30 til 10 á Grand Hótel í Reykjavík.

Umfjöllunarefni fundarinnar er **útflutningur íslenskrar listar**.

Þrjú fræðimenn munu velja fyrir sér spurningum sem varða stöðu listar innan hagkerfisins, hvernig list getur skapað þjóðfélaginu tekjur og hvort ríkið eigi að skipta sér af útflutningi listar með styrkjum.

Erindi flytja:

Margrét Sigrún Sigurðardóttir, aðjúnkt við Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands.

Gunnar Þór Jóhannesson, nýddoktor við Mannfræðistofnun Háskóla Íslands.

Njörður Sigurjónsson, framkvæmdastjóri Bókmenntasjóðs og lektor við Háskólann á Bifröst.

Fundarstjóri verður Ágúst Einarsson, rektor Háskólans á Bifröst.

Boðið verður upp á léttan morgunverð. **Aðgangseyrir er enginn.**

Skráning fer fram í gegnum netfangið utflutningsrad@utflutningsrad.is eða í síma **511 4000**. Nánari upplýsingar veitir Bergur Ebbs Benediktsson verkefnisstjóri hjá Útflutningsráði. Einnig er bent á nánari upplýsingar um efni fundarinnar á www.utflutningsrad.is.

www.utflutningsrad.is

Borgartún 35 • 105 Reykjavík • sími 511 4000 • fax 511 4040 • utflutningsrad@utflutningsrad.is

Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki

Reynsla af rekstri sjúkraflutninga með breyttu formi og án lækna kynnt í gær:

Góð reynsla af breytingunum

HEILBRIGÐISMÁL Reynsla af nýju fyrirkomulagi sjúkraflutninga á höfuðborgarsvæðinu hefur gengið vonum framar samkvæmt skýrslu sem kynnt var í gær en helstu breytingarnar eru að lækna fylgja ekki lengur sjúkrabílunum í hverju útkalli.

Í niðurstöðum skýrslunnar segir að þrátt fyrir ýmsa smávægilega hnökra hafi breytingin ekki haft áhrif á gæði þjónustunnar.

Í máli Más Kristjánssonar, sviðsstjóra lækninga á slysa- og bráðasviði Landspítalans, kom fram að mikil fjölgun bráðatækna og breytingar á verkferlum hafi gert það kleift að fara út í þessar

breytingar. Fimmtán bráðatæknar starfa nú hjá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins og er von á þremur til viðbótar í sumar. Þá geri fjarskiptatækni það mögulegt að bæta og auka upplýsingaflutning af yttvangi til bráðadeildar.

Á kynningu skýrslunnar kom fram að tíu vikur væri of skammur tími til að hægt væri að draga afdráttarlausa ályktun um hvort að breytingarnar hefðu skilað tilætluðum árangri. Þær upplýsingar sem nú lögju fyrir gæfu mönnum hins vegar ástæðu til bjartsýni. Þegar breytingarnar voru kynntar hafi því verið lofað að þremur mánuðum síðar yrði upplýst um



FRÁ KYNNINGU SKÝRSLUNNAR Yfirmenn á Landspítala og hjá slökkviliði eru sáttir við breytingarnar þó ekki hafi þær gengið hnökralaust.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

reynslu nýja fyrirkomulagsins en áfram yrði fylgst náið með stöðunni.

- ovd

Víttur fyrir ummæli

Bæjarfulltrúi Álftaness er borinn þungum sökum af forseta bæjarstjórnar; sagður hafa sagt ósatt og yfirgefið fund án skýringa. Bæjarfulltrúinn segir forsetann kasta steinum úr glerhúsi. Óvenjulegt að veitt sé víti segir sérfræðingur.

ÁLFTANES Forseti bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Álftaness vítti Guðmund G. Gunnarsson, bæjarfulltrúa og fyrrum bæjarstjóra, á fundi bæjarstjórnar á fimmtudag. Bæjarfulltrúi hefur ekki áður verið víttur í sveitarfélaginu.

Gunnar hefur ítrekað farið með ósannindi um stjórnsýslu sveitarfélagsins, segir Kristján Sveinbjörnsson, forseti bæjarstjórnar.

Hann segir víturnar formlegt úrræði forseta bæjarstjórnar, og muni ekki hafa frekari áhrif.

Gunnar og Kristján hafa áður deilt harkalega um málefni sveitarfélagsins. Þeir hafa til dæmis tekist á um skipulag lóðar við Miðskóga 8, en Kristján býr við Miðskóga 6.

Í bókun Kristjáns í bæjarstjórn segir: „[Guðmundur] hefur farið rangt með niðurstöður reikninga og þannig afflutt upplýsingar um fjármál sveitarfélagsins, gengið af fundi bæjarráðs án þess að gefa upp ástæður og í blaðagreinum og á bæjarstjórnarfundum haldið uppi ómálefnalegri og ærumeiðandi gagnrýni á störf einstakra bæjarfulltrúa og fyrirtækja sem starfa fyrir sveitarfélagið.“

Telur Kristján að þessi háttsemi Gunnars stangi á við sveitarstjórnarlög. Þar segir meðal annars



GUÐMUNDUR G. GUNNARSSON

KRISTJÁN SVEINBJÖRNSSON

að sveitastjórnarmönnum beri að gegna störfum af „alúð og samvissusemi“.

Guðmundur mótmælir þessum

fullyrðingum og segir Kristján kasta steinum úr glerhúsi. Hann hafnar því algerlega að hafa farið með rangt mál, og segist hafa gefið skýringar á því að hafa gengið út af bæjarráðsfundi nýverið.

„Fulltrúar meirihlutans gengu fram af mér og ég vil meina að maður eigi ekki að þurfa að sitja undir bulli, svo ég gekk út,“ segir Guðmundur.

Hann segir einkennilegt andrúmsloft ríkja innan bæjarstjórnarinnar, algert vantraust milli meirihluta og minnihluta. Ljóst sé að því ástandi ljúki ekki í bráð.

brjann@frettabladid.is

HÆPIÐ AÐ VÍTUR STANDIST SAMÞYKKTIR

Sérfræðingar í málefnum sveitarfélaga, sem rætt var við í gær, telja það líklega einsdæmi að vítur séu veittar fyrir eitthvað sem ekki gerist á þeim fundi sem vítt er. Yfirleitt sé vítt fyrir óheppilegt orðalag eða þegar fulltrúar haldi sig ekki við fyrirfram ákveðinn ræðutíma.

Einn sérfræðingur taldi afar hæpið að víturnar á Guðmund standist samþykktir sveitarfélaga um fundarskóp.

Í 27. grein samþykta um stjórn og fundarskóp Sveitarfélagsins

Álftaness er fjallað um vítur á bæjarfulltrúa:

„Beri bæjarfulltrúi aðra menn brigsllum skal forseti víta hann. Forseti getur lagt til við bæjarstjórn að bæjarfulltrúi sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík til-laga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist bæjarfulltrúi ekki úrskurði forseta eða bæjarstjórnar eða ef óregla kemur upp á fundi skal forseti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi ef nauðsyn krefur.“

EITT MÍNÚTUVERÐ BARA 14,90 KR.

Hjá Tali borgar þú bara eitt mínútuverð í alla GSM innanlands. Þú getur líka verið með allan pakkann frá **3.990 kr.** á mánuði – 0 kr. úr heimasíma í alla heimasíma innanlands, 14,90 kr. í alla GSM innanlands og ótakmarkað niðurhal.*

Ef þú kaupir allan pakkann á www.tal.is og greiðir með kreditkortu færðu fyrsta mánuðinn frían.



HEIMASÍMI



NET



GSM

*Samkvæmt skilmálum.

©OTT.FOLK

www.tal.is | Síðumúla 32, 108 Reykjavík | Þjónustuver 1817 | Skrifstofa 445 1600 | tal@tal.is

Tal

Óheppnir innbrotspjófar: Ölvaðir menn í innbrotum

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu handtók tvo átján ára menn um klukkan fimm í gærmorgun.

Höfðu mennirnir kallað eftir sjúkrabíl þar sem annar þeirra var skorinn á hendi. Kom í ljós að þeir höfðu skemmt og brotist inn í bíla við Dalsmára í Kópavogi og maðurinn hlotið skurðinn við það athæfi. Gert var að sárum mannsins og hann svo vistaður ásamt félaganum sínum í fanga-geymslum lögreglunnar. Mennirnir voru svo yfirheyrðir í gær, þegar runnin var af þeim áfengisvíman. - ovd

Fyrrum forstjóri SÍF tapar máli: Fær ekki 450 milljóna bætur

DÓMSMÁL Íslenska ríkið hefur í héraðsdómi verið sýknað af skaðabótakröfu Gunnars Arnar Kristjánssonar, fyrrverandi forstjóra SÍF, vegna meðferðar yfirvalda á máli sem hann tengdist. Hann krafðist um 450 milljóna króna í bætur.

Gunnar var meðal annars ákærður fyrir að hafa sem endurskoðandi áritað reikninga fyrir framkvæmdastjóra Tryggingasjóðs lækna, sem dró sér þannig 75 milljónir króna. Gunnar var sýknaður í héraði en Hæstiréttur vísaði málinu frá. Ákveðið var að halda rannsókn þess áfram, en henni síðar hætt. Í dómnum segir að Gunnar hafi ekki sýnt fram á að yfirvöld hafi með þessu bakað sér bótaskyldu. - sh

Líkamsárásin í Þverholti:

Lögregla rann- sakar tvo menn

LÖGREGLUMÁL Litháískur karlmaður, sem grunaður er um að hafa tekið þátt í hrottalegri árás á mann í Þverholti fyrir nokkrum dögum, losnaði úr gæsluvarðhaldi í gær. Annar karlmaður, einnig frá Litháen, situr enn inni vegna árásarinnar.

Maðurinn sem ráðist var á í Þverholti höfuðkúpubrotnaði. Hann var meðal annars barinn í höfuðið með barefli. Hann er einnig litháískur og er á þrítugsaldri.

Maðurinn, sem gæsluvarðhald rann út á í gær, var handtekinn skömmu eftir árásina. Nokkru síðar var hinn maðurinn, sem situr í gæsluvarðhaldi fram á miðvikudag, handtekinn. Vitað er að þessir tveir komu saman í bíl á árásarstaðinn. - jss



Dæmigerð þyngd í samanburði við MacBook Air	
Fartölva	2,50 kg
Tiskutímarit	1,64 kg
Handtaska	2,37 kg
MacBook Air	1,36 kg



Fágun. Upplifun. Óviðjafnanleg.

MacBook Air – örþunn, fislétt, líka fyrir Windows

Þegar þú snertir nýju MacBook Air breytist allt sem þú taldir þig vita um fartölvur og verður aldrei eins aftur. MacBook Air á þig um leið og þú sérð hana. Létt, örþunn, öflug.

Apple IMC | Humac ehf.

Sími 534 3400 Laugavegi 182 Kringlunni
www.apple.is 105 Reykjavík 103 Reykjavík



Apple IMC

Gleði og samvera

á degi barnsins 25. maí 2008 - www.dagurbarnsins.is

Dagskrá í Ráðhúsi Reykjavíkur, kl. 13:50-15:00

Atriði úr Skilaboðaskjóðunni
Barnakór Kársnesskóla
Lúðrasveit Seltjarnarness
Big band barna



Jóhanna Sigurðardóttir
félags- og tryggingamála-
ráðherra flytur ávarp
Dorrit Moussaieff forsetafrú
og verndari dagsins afhendir
verðlaun í hugmyndasamkeppni

Börn og foreldrar um land allt - gleðjumst saman!

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

OMX ÍSLAND 15
4.828 -0,89%Fjöldi viðskipta: 265
Velta: 2.531 milljónir

MESTA HÆKKUN

↑ EIK BANKI 0,95%
FÖROYA BANKI 0,66%
ALFESCA 0,15%

MESTA LÆKKUN

↓ ATLANTIC PETROL 4,69%
BAKKAVÖR 2,50%
EXISTA 1,85%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Atorka 7,06 +0,00% ... Bakkavör 35,10 -2,5% ... Eimskipafélagið 20,10 +0,00% ... Exista 10,11 -1,85% ... Glitnir 17,60 -0,57% ... Icelandair Group 20,90 -0,95% ... Kaupþing 785,00 -0,76% ... Landsbankinn 25,70 -1,15% ... Marel 95,50 +0,11% ... SPRON 4,51 -0,66% ... Straumur-Burðarás 11,44 -0,78% ... Teymi 3,33 -1,48% ... Össur 97,80 -0,20%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN

nánar á visir.is

Peningaskápurinn ...

Ýktar andlátsfregnir

Í erfiðu árferði í heimi viðskiptanna geysa sögur um vandræði hinna og þessa sem aldrei fyrr.

Reynir Traustason, ritstjóri DV, segist vel kannast við sögur af erfiðleikum í rekstri blaðsins, en kveðst hvergi banginn. „Fregnir af andláti DV eru stórlega ýktar. Auðvitað finna allir fyrir samdrætti í samfélaginu, en okkur gengur vel að safna áskrifendum og ætlum svo sannarlega að halda útgáfu blaðsins áfram,” segir Reynir og bætir við: „Þessar sögur verða hins vegar einhvers staðar til, ætli það sé í Hádegismóum?” Þess má geta að við þá ágætu götu er einmitt að finna höfuðstöðvar tveggja samkeppnisblaða, Morgunblaðsins og 24 stunda.

Fækkun meðal fasteignasala

Meðal þeirra sem hvað harðast finna fyrir samdrættinum í efnahagslífinu eru þeir sem starfa við fasteignasölu og í byggingariðnaði. Mörg stór verktakafyrirtæki sitja nú uppi með fjölda óselðra eigna og fjármögnun á afar óhagstæðum lánskörum.

Heyrst hefur af töluverðum uppsögnum á fasteignasölum, enda veltan dregist mjög hratt saman og laun oft bundin beinni sölu og tekjurnar því litlar nú um stundir eftir ævintýrlegan uppgang síðustu misserin. Segja fasteignasalar að spár um lækkun fasteignaverðs bæti ekki úr skák, hvað þá deilur um framtíðarhlutverk íbúðalánasjóðs.



Exista kaupir keðju á pund

Breska íþróttavörverslunin JJB Sports keypti á fimmtudag skókeðjuna Qube Footwear á sem nemur einu bresku pundi (144 krónur), að sögn breskra fjölmiðla. Exista keypti í fyrra 29 prósentu hlut í JJB Sports ásamt Chris Ronnie, forstjóra verslunarinnar.

Seljandi er West Coast Capital, félag Toms Hunter, ríkasta manns Skotlands og eins af stærstu hluthöfum Glitnis.

Breskir fjölmiðlar sögðu í gær sölu lið í uppstokkun á eignasafni West Coast Capital en Quebe, sem rekur 22 verslanir víðs vegar um Bretland, tapaði 6,1 milljón punda, jafnvirði 876,5 milljóna íslenskra króna, á síðasta ári. -jab

Niðurstæða væntanleg á næstunni

„Niðurstæða fæst í málinu fljótlega, hugsanlega á næstu vikum,” segir Gunnar Sigurðsson, forstjóri Baugs. Félagið gerði óbindandi yfirtökutíðni í bresku herrafataverslunina Moss Bros seint í febrúar. Það hljóðar upp á 42 pens á hlut, í heildina 40 milljónir punda, sem jafngildir um 5,7 milljörðum króna á gengi gærdagsins. Hann vildi ekki gefa upp nánari tíma- setningar en bætti við að málið væri í stöðugri skoðun.

Baugur Group er stærsti hluthafi Moss Bros með 29 prósentu hlut. Tilboðið mætti strax harðri mótspyrnu frá rötgrónum hluthöfum Moss Bros og var um tíma



GUNNAR SIGURÐSSON

talið að þeir reyndu að hindra kaupin, jafnvel með utanaðkomandi fjárfesti.

Á sama tíma hefur breska kvenfata- og húsvöruekjan Laura Ashley aukið frekar við eignarhlut sinn í herrafataversluninni en hún fer nú með tæpan tíu prósentu hlut í henni. Kaupverð hefur numið um 46 til 47 pens-

um. Laura Ashley, sem er í meirihlutaeigu MUI Asia, risastæðu í Malasíu, kom fyrst inn í hluthafahóp Moss Bros um miðjan desember í fyrra.

Vefútgáfa Retail Week segir í vikunni að innkoma Lauru Ashley geti vel leitt til gagntilboðs á móti Baugi á næstunni. -jab

Efnahagsbrotum á eftir að fjölga

Markaðsmisnotkun er litin alvarlegum augum segir saksóknari efnahagsbrota.

„Þessi brot eru alvarleg og það er lítið alvarlegum augum að menn séu að eiga við gengi fjármálagerninga með þeim hætti sem fellur undir markaðsmisnotkun,” segir



HELGI MAGNÚS GUNNARSSON

Helgi Magnús Gunnarsson, saksóknari efnahagsbrota hjá Ríkislögreglu- stjóra.

Fjármálaeftirlitið kærði tvo menn fyrir markaðsmisnotkun. Annar var sjóðsstjóri en hinn miðlari.

Báðir störfuðu fyrir Kaupþing, en hafa verið leystir frá störfum.

Málið snýst um að sex daga í röð urðu rétt fyrir lokun markaða kaup eða kauptilboð sem viku verulega frá kauptilboðum sömu viðskipta-

daga. Lög banna viðskipti eða tilboð sem gefa rangar eða misvísandi upplýsingar um framboð, eftirspurn eða verð.

Helgi Magnús segir að lagaumhverfi hafi batnað nú undir það síðasta. Á bilinu tíu til fimmtán mál hafi borist embættinu undanfarin misseri, en lítið hafi verið um ákærur og sakfellingar. „Við höfum tekið upp gott samstarf við Fjármálaeftirlitið. Það er ekki við öðru að búast en að þessum málum eigi eftir að fjölga á næstu árum og að þau eigi eftir að stækka,” segir Helgi Magnús.

Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar, segir nauðsynlegt að málum af þessu tagi sé fylgt fast eftir.

ÞÓRÐUR FRÍÐJÓNSSON Forstjóri Kauphallarinnar segir brýnt að lögbrotum á markaði sé fylgt fast eftir. Fréttablaðið/E.Ól.



Er krónan dauðans matur?

HAGFRÆÐIDEILD



HÁSKÓLI ÍSLANDS

www.vidskipti.hi.is

Hjá okkur ættir þú að komast nær svarinu. BS-nám í hagfræði er sérlega góður grunnur fyrir starfsframa, svo sem í fjármálagiranum og í öðrum störfum þar sem kunnátta í fjármálum kemur að gagni. BA-nám í hagfræði er unnt að móta að óskum nemenda og veitir þeim færi á að læra aðra námsgrein samhliða hagfræði, svo sem stjórnmálafræði og fjölmiðlafræði. Hagfræðinám er síðast en ekki síst góður undirbúningur fyrir framhaldsnám í hagfræði og fjármálum, innan lands og utan. Umsóknarfrestur er til 5. júní. Sótt er um rafrænt á www.hi.is

EADS tekur flugið

Evrópska flugvélasamstæðan EADS hagnaðist um 285 milljónir evra, jafnvirði 34,8 milljarða íslenskra króna, á fyrsta ársfjórðungi. Þetta er talsverður viðsnúningur frá sama tíma í fyrra en þá tapaði félagið tíu milljónum evra.

Mestu munar um betri sölu á flugvélum undir merkjum Airbus nú en í fyrra, að sögn breska ríkisútvarpsins. Það hefur eftir Louis Gallois, forstjóra EADS, að niðurstaðan sé ánægjuleg þrátt fyrir erfiðar aðstæður. Sérstaklega sé staðan erfið vegna lækkunar á gengi Bandaríkjadals gagnvart evru en fyrirtækið selur flestar vörur sínar í dólum en kaupir í evrum.

EADS hefur lent í miklum



KÁTUR FORSTJÓRI Louis Gallois, forstjóri EADS, er ánægður með viðsnúning á afkomu félagsins á fyrsta ársfjórðungi.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

hremmingum síðustu misseri vegna tafa á nýjasta flaggskipi Airbus, risapotunni A380, og muni færri vélar verða afhentar á þessu ári og því næsta en fyrirhugað var.

- job

Bankarnir ekki frábrugðnir

Íslensku bankarnir eru að engu frábrugðnir öðrum norrænum bönkum og eru fyllilega samkeppnishæfir við þá. Þetta segir greiningardeild Glitnis í nýju sértiliti.

Í ritinu er afkoma Glitnis, Landsbankans og Kaupþings á fyrsta ársfjórðungi borin saman við aðra norræna banka. Ingólfur Bender, forstöðumaður greiningar Glitnis, segir að bæði eiginfjárstaða og arðsemi bankanna sé góð. Auk þess sé lausafjárstaðan mjög vel viðunandi í samanburði við aðra norræna banka.

Grétar Már Axelsson, sérfræðingur hjá greiningu Glitnis, segir að þótt íslensku bankarnir séu á heildina litið samkeppnishæfir



GRÉTAR MÁR AXELSSON

meigi benda á frávík í fjármögnunarhlíðinni. „Það er meðal annars af því að almennt gildir að ef bankar eru með hátt hlutfall af húsnæðislánasöfnum er auðvelt að búa til fjármálagerninga úr því. Íslensku bankarnir hafa ekki gert mikið af því. Hins vegar er þetta aðferð sem bæði Kaupþing og Glitnis munu beita í vaxandi mæli á næstunni,“ segir hann.

Einar Guðbjartsson, dósent í

viðskiptafræði við Háskóla Íslands, segir að við fyrstu sýn virðist íslensku bankarnir standast samanburð við norrænu bankana. Varðandi lágt innláns hlutfall íslensku bankanna segir Einar að taka verði tillit til þess að stærsti hluti sparnaðar Íslendinga liggir utan bankastofnana, t.d. lífeyrisjóðum og hlutabréfum.

„Þessi kennitölusamanburður gefur vissa innsýn í fjárhags- og rekstrarlegan samanburð við aðrar fjármálastofnanir á Norðurlöndum. Þetta er frábært framtak hjá Glitni og ættu þeir að fylgja þessu eftir með kynningarfundum, vegna þess að reikningsskil fjármálastofnana eru flóknari en hefðbundinna fyrirtækja,“ segir Einar. -as



BANKASTJÓRINN Jean-Claude Trichet segir mikilvægt að peningamálastefnan og efnahagslífið gangi í takt.

MARKAÐURINN/AP

Varasamt er að lækka stýrivexti

Lausafjarkreppunni er ekki lokið og engin teikn um að það versta sé yfirstaðið. Þetta segir Jean-Claude Trichet, bankastjóri evrópska seðlabankans.

Trichet, sem sat nýverið fyrir svörum í breska ríkisútvarpinu, segir varasamt að lækka stýrivexti í því árferði sem nú einkenni helstu hagkerfi heims. Hann líkir ástandinu við niðursveifluna á áttunda áratug síðustu aldar en þá rauk olíu- og matvælavæðing í hæstu hæðir líkt og nú.

Evrópubankinn hefur haldið stýrivöxtum óbreyttum í fjórum prósentum frá miðju síðasta ári og hefur Trichet lagt ríka áherslu á nauðsyn þess í skugga verðbólguþrýstings.

- job

Lokauppgjörið sem skráð félag

„Við höfum greitt skuldir hratt niður og dregið mjög úr birgðastöðunni,“ segir Finnboogi Baldvinsson, forstjóri Icelandic Group.



FINNBOGI BALDVINSSON Félagið tapaði 7,3 milljónum evra, jafnvirði um 880 milljóna króna, á fyrstu þremur mánuðum ársins, samanborið við 2,3 milljóna evra hagnað í fyrra. Miklu munar um gengistap á fjórðungnum.

Finnboogi segir stöðu Icelandic Group sterka þrátt fyrir miklar sviptingar innan veggja þess. Fyrirtækið hafi gert breytingar á rekstrinum og selt og lagt niður óhagkvæmar eignir. Skipt var um stjórn á síðasta aðalfundi í síðasta mánuði auk þess sem Finnboogi settist sjálfur í forstjórastólinn í byrjun febrúar.


Uppgjörið markar tímamót í sögu Icelandic enda verður þetta síðasta fjórðungsuppgjör félagsins sem skráð félag. Afskráning tekur gildi um miðjan næsta mánuð.


- job

UPPGJÖR ICELANDIC*		
	Q1 08	Q1 07
Hagnaður/-tap	-7,3	2,3
Rekstrarhagnaður/-tap	7,3	9,5
Gengishagnaður/-tap	-7,5	-0,5

* í milljónum evra

Brostu! Þú ert á Spáni!





Komdu og kynntu þér spennandi áfangastaði!

SPÆNSKIR DAGAR

í Kringlunni 23. og 24. maí

Fjölbreytt dagskrá fyrir alla fjölskylduna!

Spænsk gítartónlist – Flamenco dans – Ferðakynning – Andlitsmálun – Teiknimyndasamkeppni – Brot úr söngleiknum AbbaBabb! – Glaðningur



2.000 kr.
notkun á mánuði
í 12 mánuði fylgir
öllum símatil-
boðum hjá Nova!

**0 kr. Nova
í Nova**
Símtöl, myndsímtöl,
SMS og MMS milli
viðskiptavina Nova
kosta ekki krónu!

9.637 viðskiptavinir hjá Nova

Nú stýttist í að viðskiptavinir Nova verði 10.000 talsins! Þú gætir orðið tíuþúsundasti viðskiptavinur Nova og hlotið í verðlaun Nokia N95 8G farsíma.

Að auki munum við hringja myndsímtal í 10 heppna viðskiptavini sem einnig fá nýjan Nokia N95 farsíma að gjöf frá Nova.

Við þökkum frábærar viðtökur við Nova – stærsta skemmtistað í heimi.



Stærsti
skemmtistaður
í heimi!

NOVA

Áköll um aðgerðir í lok fyrsta ársins

Ár er liðið síðan ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar settist að völdum. Við þau tímamót er spurt hvort stjórnin hafi staðið sig vel eða illa.

Auðvitað er ekki sama hver er spurður. Formenn stjórnarandstöðuflokkanna eru til dæmis á einu máli um að ríkisstjórnin hafi staðið sig afar illa en formenn stjórnarflokkanna eru sammála um að vel hafi tekist til þetta fyrsta ár. Þessar skoðanir eru bæði fyrirsjáanlegar og sjálf-sagðar.

Ekki er sama magn og gæði í pólitík en hvað sem því líður hefur ríkisstjórnin lagt fram meira en 130 lagafrumvörp, nokkur þeirra býsna stór um viðamikil mál. Skólafrumvörp menntamálaráðherra og sjúkra-tryggingafrumvarp heilbrigðisráðherra eru af þeim toga. Setning varnarmálagaga og tilheyrandi tilurð Varnarmálastofnunar með næstum eins og hálf milljarðs króna árlegum fjárfraumlögum er líka stórt mál.

En ríkisstjórnin hefur ekki bara verið dugleg við að leggja fram frumvörp, hún hefur líka verið dugleg við að ferðast. Ferðalögin eru 130 á þessu eina ári (jafnmörg frumvörpunum). Það eru meira en tíu ferðir á mann sé deilt niður á ráðherrana tólf en þeir hafa, jú, ferðast mismikið. Ekki kemur á óvart að Jóhanna Sigurðardóttir ferðist minnst.

Og eins og ríkisstjórna er hátt-



HÚN Á AFMÆLI Í DAG Börn af leikskólanum Tjarnarborg fengu köku í ráðherrabústaðnum í gær í tilefni þess að þá var ár liðið frá því Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og Geir H. Haarde skrifuðu undir stjórnarsáttmála þessarar ríkisstjórnar.

RETTAÐLAD/STEFAN

ur hefur þessi verið iðin við að skipa nefndir. Þær skipta tugum.

Margt ágætt hefur verið gert á þessu eina ári en í almennri og pólitískri umræðu falla öll góðu verkin í skuggann af því sem ekki hefur verið gert. Áköll um aðgerðir í efnahagsmálum hafa borist linnulaust úr öllum áttum síðustu mánuði. Enn geta ráðherrarnir ekkert annað sagt en að unnið sé í málinu.

Fylgismæling er ein stíkan sem hægt er að setja á ríkisstjórnina. Kvikasilfrið hefur sigið niður á við. Samkvæmt Capacent hefur stuðningurinn við stjórnina fallið síðan hún var mynduð, úr 83 prósentum í 56 prósent í apríl. Í kosningunum fyrir rúmu ári fengu stjórnarflokkarnir samanlagt 64 prósent atkvæða. Átta prósent eru stokkin frá borði. Það segir sína sögu. bjorn@frettabladid.is / sjá síður 30-31

VERKIN SEM BÍÐA

- Endurskoðun landbúnaðarkerfinsins.
- Athugun á reynslunni af aflamarkskerfinu við stjórn fiskveiða og áhrifum þess á þróun byggða.
- Áætlun um að minnka óútskýrðan kynbundinn launamun hjá ríkinu.

- Endurskoðun á eftirlaunakjörum alþingismanna og ráðherra.
- Efling forvarnarstarfs gegn kynferðislegu ofbeldi.
- Aukinn stuðningur við fjölskyldur ungmenna í vanda vegna vímuefna.
- Endurmat á kjörum kvenna hjá hinu opinbera.

Ekki tekið á efnahagsvanda

„Ríkisstjórnin leit glæsilega út daginn sem hún tók við, þrúðbúin og flott með mikinn þingmeirihluta og, að margir héldu, pólitískan metnað. En það fer ekki alltaf saman gæfa og gjörvileiki og ég tel að fáum ríkisstjórnunum hafi farnast jafnilla á sínu fyrsta ári sem ég man eftir á mínum pólitíska ferli eins og þessari,“ segir Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins.

Helsta ástæða þessa mats Guðna er að ríkisstjórnin hafi aldrei almennilega hafið störf. „Hún fór ekki að takast á við þau vandamál sem blöstu við. Það var alveg ljóst að á síðustu tveimur árum í minni ríkisstjórn vorum við að glíma við of mikla þenslu og einhvern veginn var maður sannfærður um að ríkisstjórnin myndi byrja á að takast á við efnahagsvandann. Það gerði hún ekki.“ Né heldur hafi hún búið sig undir að takast á við vandamál vegna fjármálakreppu á heimsvísu sem þó hafi blasað við í haust. „Ég tel að í rauninni hafi ríkisstjórnin framið svik við skulduga Íslendinga því bæði forsætisráðherra og utanríkisráðherra sögðu að allir hlutir væru í lagi. Ekkert væri að óttast.“

Afleiðingarnar af þessu eru, að mati Guðna, þær að nú hriktir í stóðum samfélagsins. „Gjaldþrot og uppsagnir blasa við.



GUÐNI ÁGÚSTSSON Formaður Framsóknarflokksins segir fáum ríkisstjórnunum hafi farnast jafnilla á fyrsta árinu og þessari.

Atvinnuleysi og verðhruni á eignum almennings er spáð. Og þess vegna er það nú svo að á ársafmælinu finnst mér að það sé slöknað á flestum kertunum sem loguðu skært þegar ríkisstjórnin tók við völdum með tiltölulega gott þjóðarþú. Ég held að áhyggjur sæki að mörgum og menn kvíði því sem er fram undan. Ekkert er verra fyrir þjóð en að eiga lélega ríkisstjórn þegar kreppa sækir að.“

Ósamstiga ríkisstjórn

„Það kemur mér verulega á óvart hversu ósamstiga ríkisstjórnarflokkarnir eru um margt. Þeir hafa tvær og stundum þrjár skoðanir á viðamiklum málum,“ segir Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins. „Þetta sést á Evrópumálunum, hvalveiðunum, Íbúðalánasjóði, málefnum löggæslunnar á Keflavíkurflugvelli og ekki síst í efnahagsmálunum. Þar segir Samfylkingin að allt sé hægt að leysa með aðild að Evrópusambandinu og upptöku evru en Sjálfstæðisflokkurinn er á annarri skoðun.“ Guðjón segir þetta athyglisvert í ljósi þess hve stutt er liðið á kjörtímabilið.

„Svo er ekki hægt að segja annað en að ríkisstjórnin hafi verið sofandi á verðinum varðandi efnahagsþróunina. Oft og margsinnis var bent á þetta, til dæmis í umræðum um fjárlögin í haust, en fjármálaráðherra gerði ævinlega lítið úr viðvörðunum. Það var í raun ekki fyrr en eftir áramót sem stjórnin viðurkenndi að eitthvað væri að.“

Guðjón óttast að niðursveiflan verði of djúp áður en ný skref til að efla atvinnulíf-ið verði upphugsuð. Því sé mikilvægt að ríkisstjórnin fari að vinna markvisst að því að stefna frá kreppunni. Hann leggur til að



GUÐJÓN ARNAR KRISTJÁNSSON Formaður Frjálslynda flokksins segir ríkisstjórnina hafa verið sofandi á verðinum varðandi efnahagsþróunina.

þorskeiðkvótinn verði aukinn um 50 þúsund tonn. „Með því er engin áhætta tekin en það myndi auka útflutningstekjurnar og ekki veitir af, hvorki fyrir þjóðarþú né útgerðina sem berst við gríðarlega hátt olíuverð sem líka kemur niður á byggðunum.“

Við erum á viðkvæmu stigi og ég óska ríkisstjórninni vissulega velfarnaðar en það gengur ekki vel ef uppi eru margar skoðanir á málunum.“

Sumarferð til Berlínar



21.-26. ágúst

Fararstjóri:

Óttar Guðmundsson

Verð á mann í tvíbýli

78.900 kr.

Innifalið: Flug með sköttum, gisting á 4* hóteli með ríkulegum morgunverði í fimm nætur, akstur til og frá flugvelli og íslensk fararstjórn.



Nánar á expressferdir.is eða í síma 5 900 100

Express ferðir

Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express



Ótrúlega verklítil ríkisstjórn

„Mér finnst þessi ríkisstjórn, með sinn stóra meirihluta, hafa verið ótrúlega verklítil. Og ég held að það sé almennrómur að hún hefur reynst daufgerðari og seinni til allra verka en menn gátu búið við,“ segir Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri hreyfingarinnar - græns framboðs. „Frægast er það í tengslum við efnahagsástandið, hina löngu bið eftir góðum fréttum af hennar hálfu sem engar eru ennþá. Það er helst Seðlabankinn sem hefur aðeins vaknað til lífsins nú upp á síðkastið.“ Að sama skapi megi segja að ríkisstjórnin hafi ekki aðhafst mikla hluti sem mikil ástæða sé til að ergja sig yfir. „Varhugaverðasta stefnubreytingin er þó þessi mikla áhersla á Nató-væðingu og útgjöld til ýmiss konar hernaðarlegra hluta.“

Steingrímur segir snemma hafa borið á að ríkisstjórnin virtist ekki hafa hugsað fyrir því að meira þyrfti að gera en að ná völdum og nefnir handabakakennd vinnubrögð vegna mótvægiságerðanna síðastliðið sumar og haust sem dæmi. „Í vaxandi mæli hefur svo ósamstaða og ýmiss konar kritur gert vart við sig og hvalveiðarnar eru einstakt dæmi þar um. Svona tvíeðli ríkisstjórnar kann ekki góðri lukku að stýra.“

Steingrímur segir ríkisstjórnir vitaskuld háðar



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON Formaður Vinstri grænna segir ríkisstjórnina ekki gera betur en að slefast í gegnum prófið með lægstu mögulegu einkunn.

árferði, það hafi ekki verið gott að undanförunu og stjórn undanfarinna ára. „Hún hefur haft heilt ár til að bregðast við því allar þessar aðstæður voru meira og minna fyrirsjáanlegar. Þessi stjórn gerir ekki betur en að slefast í gegnum prófið með lægstu mögulegu einkunn.“



Háskóli lífs og lands

Spennandi háskólanám til BS-gráðu

- Náttúru- og umhverfisfræði
- Umhverfisskipulag (grunnám að landslagsarkitektúr)
- Búvísindi
- Hestafræði
- Skógfræði/landgræðsla

Námið fer fram á Hvanneyri í Borgarfirði en þar hefur risið háskólaþorp í fallegu umhverfi með allri aðstöðu og skemmtilegu félagslífi.

Umsóknarfrestur er til 4. júní.

Einnig er í boði meistaranám (MS) og doktorsnám.

Kynntu þér námið á heimasíðu skólans!
www.lbhi.is



Álit Skipulagsstofnunar vekur áleitnar spurningar.

Höfum við efni á að virkja ekki?

BJÖRN INGI HRAFNSSON SKRIFAR

Nýlegt álit Skipulagsstofnunar um tvær fyrirhugaðar jarðvarmavirkjanir á vegum Orkuveitu Reykjavíkur á Hellsheiði hefur eðlilega vakið mikla athygli. Afleiðingar þess eru þegar orðnar sýnilegar með ákvörðun stjórnar Orkuveitunnar um að hætta undirbúningi Bitruvirkjunar og slá á frest öllum frekari framkvæmdum á svæðinu.

Umhverfisverndarsinnar, hagsmunaaðilar í ferðaþjónustu á svæðinu og sveitarstjórnarmenn í Hveragerði fagna álitinu; sama gæra ýmsir úr hópi kjörinna fulltrúa í stjórn OR og sjálfur umhverfisráðherrann. Undarlega lítið fer hins vegar fyrir öndverðum sjónarmiðum og því hljóta þær spurningar að vakna hvort orðið hafi mikilvæg stefnubreyting í viðhorfum landsmanna til nýtingar auðlindanna.

Á tyllidögum er gjarnan vísað til afreka okkar Íslendinga í umhverfisvænni orkuframleiðslu. Forseti Íslands sagði í síðasta nýársávarpi sínu að almennt væri viðurkennt að Íslendingar hefðu náð heimsforystu um nýtingu jarðhitans og hann teldi brýnt að setja hér á laggirnar heimsmiðstöð alþjóðlegs samstarfs um þróun hreinnar orku. Auk hans hefur iðnaðarráðherra verið manna duglegastur að dásama jarðvarmavirkjanir og þingmenn jafnt sem sveitarstjórnarmenn hafa keppt við að lofa nýtingu jarðvarmans sem orkugjafa, ekki síst í stað „hefðbundinna“ vatnsaflsvirkjana sem hafa orðið sífellt umdeildari vegna umhverfisáhrifa.

Þannig sagði Steingrímur J. Sigfússon, formaður VG, fyrir þremur árum að eðlilegt væri að nýta virkjanasvæði sem búið væri í fara inn á og opna og átti þá við Hellsheiðarsvæðið og raunar Kröflusvæðið líka. Í sama streng hafa margir aðrir stjórnáramenn tekið. Svo virðist hins vegar sem kaflaskil hafi orðið í þessum efnunum með álit Skipulagsstofnunar, þar sem lagst er gegn Bitruvirkjun vegna verulegra neikvæðra og óafturkræfra áhrifa á landslag, útivist og ferðaþjónustu. Forstjóri Orkuveitunnar hefur þannig sagt að í kjölfarið hljóti að þrengjast að byggingu jarðvarmavirkjana og starfsbróðir hans hjá Hitaveitu Suðurnesja hefur lýst undrun yfir álitinu, enda stefnir Hitaveitan að því að reisa umfangsmiklar virkjanir á háhitasvæðum á Reykjanesi, meðal annars í Krísvík, þar sem búast má við að sjónarmið ferðamennsku og landslags geti einnig vegið þungt.

Undarlegt má telja að slík vatnaskil skuli ekki vekja meiri umræður og eftirtekt. Eru Íslendingar tilbúnir að setja til hliðar nýtingu orkulinda til orkuframleiðslu? Hefur farið fram rannsókn á þjóðhagslegum áhrifum slíkrar ákvörðunar á lífskjör okkar? Erum við reiðubúin, sérstaklega í því erfiða efnahagsumhverfi sem nú blasir við hér á landi, að takast á við þau neikvæðu áhrif á lífskjör og afkomu, sem fylgja því að afskrifa svo veigamikla þætti í auðlindanýtingu einnar þjóðar?

Fróðlegt væri að fá svör við einhverjum af þessum spurningum. Á meðan þau fást ekki og nýtt viðhorf Skipulagsstofnunar stendur, er staðan sú að aðrar þjóðar láta sig dreyma um umhverfisvæna virkjun jarðvarma til lengri framtíðar, meðan sú þjóð sem lengst hefur náð á þeirri braut hefur ákveðið með sjálfri sér að leggja frekari áform í þeim efnunum til hliðar.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365
 RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson
 AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir
 FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Halldórsson og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál).
 FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvín Baldvínsson.
 VÍÐSKIPTARITSTJÓRAR: Björgvin Guðmundsson og Björn Ingi Hrafnsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds.
 ISSN 1670-3871



Vor í Kaupmannahöfn!

Come2 Scandinavia er með tvær íbúðir í miðborg Kaupmannahafnar. Einungis 15 mín gangur að Ráðhústorgi. Þetta er frábær og ódýr lausn fyrir hópa og fjölskyldur sem vilja hafa það gott yfir helgi eða viku í Köben. Erum einnig með góð verð á bílaleigubílum.

Nánari upplýsingar á www.come2scandinavia.com



Sími: +45 3325 6425 • Netfang: info@come2scandinavia.com

FRÁ DEGI TIL DAGS

Kratar gramir

Í Samfylkingunni eru menn orðnir óþreyjufullir eftir að sjávarútvegsráðherra bregðist við úrskurði mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna. Einar K. Guðfinnsson hefur sagt að svar íslenskra stjórnvalda muni liggja fyrir áður en svarfrestur rennur út 11. júní. Kratar eru hins vegar orðnir langþreyttir á hvornig Einar hefur hammað málið fram af sér, eins og sést á ályktun sem sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Samfylkingarinnar sendi frá sér í gær, þar sem hvatt er til endurskoðunar á kvótalögnum. En óánægja jafnaðarmanna beinist ekki aðeins að Einari; forysta Samfylkingarinnar á líka að taka þessa sneið til sín



því hún hefur þótt draga lappinar í málinu og gert lítið til að þrýsta á sjávarútvegsráðherra.

Gamall í hettunni

Á dv.is í gær mátti finna óvæntan sögulegan fróðleik í stuttri kynningu á einlægum helgarviðtali við Pál Rósinkrans söngvara í DV. Í kynningunni segir að Páll tali um villta tíma með Jet Black Joe á Íslandi, „þar sem hann var meðal annars fyrstur á Íslandi til að verða fyrir tágasi“. Þetta eru söguleg tíðindi því það merkir að Jet Black Joe hafi verið með tónleika í miðbæ Reykjavíkur á friðardegnum 8. maí 1945 – en þá var tágasi fyrst beitt af lögreglu á Íslandi. Það verður

ekki af Páli tekið að hann lítur merki-lega vel út eftir 63 ár í bransanum.

Endurtekur sagan sig?

Að lokum af evrópskri menningar- og pólitík. Fyrir réttum níu árum sigruðu Manchester United naumlega í úrslitaleik Meistaradeild Evrópu. Um svipað leyti bar hin sænska Charlotte sigurorð af Selmu Björnsdóttur í Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva. Nú í vikunni gerðist það að Manchester United vann Evrópu-bikarinn á nýjan leik og kvöld stígur þökkagýðjan Charlotte aftur á svið fyrir hönd Svíþjóðar í lokakeppni Eurovision. Ef til vill er þetta tilviljun. En kannski endurtekur sagan sig í tvenndum.



bergsteinn@frettabladid.is

Liðskönnun landans

Úrslitaleikur meistaradeildarinnar í knattspyrnu var stór skemmtun. Manchester United fáninn blakti á þaki frystihússins í Hrúsey fram að leik og starfsmenn þess höfðu fyllt neðri hæðina á veitingahúsinu Brekku þegar Hörður Magnússon, yfirlýsari Íslands, hrópaði alla leið frá Moskvu að leikurinn væri hafinn. Knattspyrna er falleg íþrótt sem sameinar alla heimsins landa, og sundrar: Í Brekku sátu United-menn á einu borði en Arsenal-menn á öðru. Þeir fyrrnefndu hlógu, pöntuðu bjór og höfðu hátt, hinir síðarnefndu þögðu og átu pizzu. Chelsea-drengur fannst ekki í eyjunni þennan daginn en stríðnisþúkinn í hópnum, Púlarinn, fór á milli borða og tók púlsinn á hörðustu Man Jú mönnum þegar Ronaldo klikkaði á vítinu. „Nauj! Það slær eins og sláttuvél, drengur!“

Eitt sinn skiptust Íslendingar í Sturlunga og rest. Þá komu heimastjórnarmenn og valtyngar. Síðar voru menn annaðhvort kapítalistar eða kommúnistar. Nú er öldin léttari. Nú skiptast landsmenn í United, Arsenal, Liverpool og Chelsea.

Man. Utd og Arsenal

Man Jú á flesta að. United-maðurinn er meirihlutamaður í eðli sínu. Hann vill tilheyra þeim sem gengur vel. Líðið er kraftmikið, alþjóðlegt, sigrandi. Væri Man. Utd tónlist væri það U2. Fylgjendur þess fylgja fjöldanum, þrá öryggi í óvissu leiksins, taka minnsta sénsinn. Þið þekkið þessa menn. Í hverju plássi er það aðeins of feiti náunginn sem rekur bensínstöðina, á sjoppuna og flottasta bílinn. Er örlítið óheppinn í einkamálum en finnur hamingjuna flæða þegar Tevez kemst inn í teig. Á sjönnum er það skipstjórinn sem ber ekki



HALLGRÍMUR HELGASON Í DAG | Fótbolti

virðingu fyrir neinum nema hafinu og Alex Ferguson. „Sjáið hann! Sextíu og sex ára gamall!“ hrópaði Höddi Magg hvað eftir annað í Moskvuvímu sinni, þegar rauðþrútið andlit framkvæmdastjórans kom í mynd. Fyrir helmingi Íslendinga er Ferguson maðurinn og Manchester liðið. Sjálfstæðisflokkur fótboltans.

Arsenal-aðdáendur eru aðeins annar þjóðflokkur. Hér er að finna gáfumenn sem huga að fagurfræði leiksins. Líðið spilar finlegan bolta og bætir upp skortinn á baráttuanda með því að röfla í dómaranum, sem yfirleitt er á bandi meirihlutans (United). Þjálfarinn er franskur og liðið fjölmenningslegt. Væri Arsenal tónlist væri það heimstónlist.

Gönnarar taka feður leiksins fram yfir völd og sigra. Þeir eru því ekki meirihlutamenn í eðli sínu. Þið kannist við klúbbinn: Eilítið finlegir menn, oft með gleraugu, sem sitja ekki fremst á sportbarnum (United-félagið alltaf fyrst á staðinn) heldur standa þeir aðeins aftar og eru svo sem ekki allveg á kafi í boltanum, eiga sér líka líf. Ef illa gengur er líka gott að hafa afsökun: Var búinn að lofa konunni að kíkja á blómasýninguna í Hveragerði, þarf að þjóta. Arsenal-menn eru sýnu mykri en United-hópurinn. Samfylking fótboltans.

Liverpool og Chelsea

Svo eru það Púlararnir. Þetta er sauðtryggur mannskapur en samt eilítið á skjön við hina stóru tvo. Eilítið hógværi, eilítið færri og með aðeins meiri húmor fyrir sjálfum sér. Púlarinn er einfari í eðli sínu, rómantísk uppreisnarsál sem drekkir sigrum sínum jafnt sem sorgum; harmar og fagnar á sama hátt; með því að breyta grátandi í söng. Liverpool ER tónlist. „You'll Never Walk Alone.“ Það væri illa gert að skipa Púlurum í flokk Frjálslyndra. Eignum við ekki að kalla þá menn sem fara eigin leiðir, í stjórnárum sem öðru.

Chelsea er hinsvegar hreinrættuð Framsókn. Tækifærismenn og -konur. Því stuðningsmenn Chelsea voru fáir sem engir á Íslandi þar til Eiður Smári fór í bláu búninginn og rússagullíð tók að streyma inn á Brúna. Þeir fáu sem voru bláir frá barnsbæni þurfa að taka það sérstaklega fram, því hinir eru allir nýkeyptir yfir eða gerðust blámenn í nafni lands og þjóðar, urðu svo hálfvolgir eftir að Eiður fór, en snarhitna aftur um leið og liðið kemst í úrslit. Væri Chelsea tónlist væri það Eurovision. Þú filar lagið ef það vinnur.

Þá eru bara eftir vinstri grænir stuðningsmenn Wigan, Leeds og Birmingham, West Ham og Newcastle; sannir minnihlutamenn sem fagna sínum titli á 67 ára fresti, í einrómi með pulsu og kók á Bæjarins bestu. Sjálfur verð ég að teljast í þeim hópi. Þótt kominn sé af Arsenal-mönnum langt aftur í ættir gerðist ég snemma öðruvísi og tók praktaralegu en afar skammsýnu ástfóstri við Derby County þegar þeir komu, sáu og sigruðu, upp úr annarri deild og beint á toppinn. En síðan eru liðin 36 ár. Og nú erum við vanari að falla en fagna.

Eyðum biðlistum í talþjálfun

UMRÆÐAN

Þóra Másdóttir skrifar um talþjálfun

Áætla má að um 350 manns, mikið til starfandi talmeinafræðinga. Auk þess hefur reynst erfiðleikum háð að veita talmeinaþjónustu á nokkrum opinberum heilbrigðisstofnunum. Þess eru dæmi að börn með mjög alvarlega erfiðleika tengda máltöku hafi þurft að bíða hátt í tvö ár eftir meðferð.

Þetta er, eins og gefur að skilja, óviðunandi ástand. Jákvæða hliðin er hins vegar sú að þessi vandir eru mjög viðráðanlegur ef aðilar taka höndum saman. Þetta ástand má bæta hratt og vel með litlum tilkostnaði.

Biðlistarnir eftir talþjálfun eru einkum tilkomnir vegna þess að mikill skortur er á talmeinafræðingum í landinu. Þess eru dæmi að auglýst hafi verið eftir talmeinafræðingum en engin umsókn hafi borist.

Ein helsta ástæða þessa skorts er sú að talmeinafræði er ekki kennd hér heima. Þeir tæplega fimmtíu talmeinafræðingar sem hér starfa eru menntaðir erlendis. Margir setja fyrir sig að sækja



ÞÓRA MÁSDÓTTIR

starfstengt meistaranám til útlanda.

Auk þess er verulega bagalegt að íslenskir talmeinafræðingar þurfi að leita menntunar erlendis. Þekking á íslensku máli og málfærði er ein af meginundirstöðum í starfi íslenskra talmeinafræðinga. Þeir þurfa ekki eingöngu að hafa góð tækni á íslensku máli heldur einnig að skilja eðli og birtingarform mál- og taltrufllana hjá íslenskum skjólstæðingum.

Með fjölgun talmeinafræðinga má útrýma biðlistum. Með meistaranámi í talmeinafræði á háskólastigi yrðu stigin stór skref í átt að því marki. Kostnaður við að ýta náminu úr vör er ekki mikill þótt fjármagnandi þurfi vissulega að koma einhvers staðar frá. Stofnframlag upp á þrjú til fjóra tugi milljóna er það sem þarf. Að því loknu borgar námið sig sjálf, talmeinafræðingar útskrifast og biðlistar eyðast. Samfélagslegur ávinningur er skýr. Hér má koma góðu til leiddar á árangursríkan hátt í þágu almannaheilla og leysa aðkallandi vandamál fljótt og vel.

Höfundur er talmeinafræðingur og verkefnisstjóri á Heyrmar- og talmeinafræðingum á Íslandi.

Íbúðalánasjóði „einungis“ kollvarpað?

UMRÆÐAN

Jón Bjarnason skrifar um Íbúðalánasjóð

Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra skrifar stutta grein í Fréttablaðið þann 19. maí sl. Þar segir hún boðaðar breytingar á Íbúðalánasjóði fela „einungis“ í sér aðskilnað milli almennra lánveitinga og félagslegra lánveitinga.

Ekki veit ég hvort það er rétt hjá Jóhönnu að það sé „einungis“ þessi aðskilnaður sem standi til hjá núverandi ríkisstjórn. Ýmsir ráðherrar ríkisstjórnarinnar hafa ábyrgðarlaust talað út og suður um þetta mál á síðustu dögum og vikum. Hitt er ljóst að Sjálfstæðisflokkurinn og öfl innan Samfylkingar sem höll eru undir frjálslyggjuna vilja Íbúðalánasjóð feigan.

Ef það er hins vegar rétt hjá Jóhönnu, að það eigi að skilja á milli almennra og félagslegra lánveitinga, er það í sjálfu sér stórt mál sem felur í sér grundvallarbreytingu á starfi Íbúðalánasjóðs.

Þjóðinni skipt í ríka og fátæka. Ég hef trú á Jóhönnu Sigurðardóttur en nú veldur hún mér miklum vonbrigðum.

Með þeirri leið sem hér er boðuð, aðskilnaði félagslegra og almennra lána, mun fólk verða dregið enn frekar í dilka en orðið er í íslensku samfélagi: Annars vegar er þeir sem metnir eru vanburða og eiga að vera á „ölmusu“ hjá ríkinu; hins vegar eru þeir sem taldir eru bjargálma og fá lán á markaðsvöxtum bankanna – þeir sem metnir eru hæfir fyrir bankana til að græða á.

Það er mikill misskilningur hjá ráðherranum að ímynda sér að hægt sé að reka tvískiptan Íbúðalánasjóð, annan fyrir fátæka og hinn fyrir ríka. Í grunninn er þetta aðför að þeirri jafnaðarhugsjón sem Íbúðalánasjóður byggir á – opinn öllum, óháð þjóðfélagsstöðu, efnahag, búsetu og öðru.

Nái þessar tillögur ríkisstjórnarinnar fram að ganga er í raun verið að grafa verulega undan Íbúðalánasjóði og kasta húsnæðislánum fólks beint í gin viðskiptabankanna með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir íbúðarkaupendur og íslenskt samfélag.

Hvar lendir landsbyggðin í flokkunarkerfinu?


Hvar á landsbyggðin að fá lán fyrir sínum eignum þegar „einungis“ er skilið á milli lána? Ekki lána bankarnir til íbúðakaupa á landsbyggðinni, svo mikið er víst. Í augum fjármagnsafla er landsbyggðarfólk í reynd þriðja flokks þegar kemur að húsnæðisþörf og aðgangi að fjármagni.

Kannski er landsbyggðin bara fyrirbrigði sem á að heyrna fortíðinni til hjá Samfylkingunni? Það

virðist margt benda til þess nú um stundir, slíkt er háttalagið á nær öllum sviðum er varðar byggðir landsins.

Ingibjörg Þórðardóttir formaður Félags fasteignasala þekkir greinilega vel aðstæður íbúðakaupenda um land allt. Málflutningur hennar í Kastljósi sl. mánudag fyrir samfélagslegum Íbúðalánasjóði fyrir alla, var bæði sterkur og góður. Hún skilur þessi mál greinilega mun betur en þeir sem með völdin fara.

Ráðherrar ríkisstjórnarinnar tala um málin af mikilli léttúð,



JÓN BJARNASON

landinu.

Ríkisstjórn viðskila við þjóðina

Í skoðanakönnun Gallup í desember síðastliðnum kom fram að 86% þjóðarinnar vilja hafa Íbúðalánasjóð áfram í óbreyttri mynd. Mér kæmi ekki á óvart þó það

enda er væntanlega „einungis“ verið að kollvarpa grunninum að sterkum Íbúðalánasjóði jöfnuðar. Þessi veruleikafirra ríkisstjórn ætti ef til vill öll að fara í kennslustund til Ingibjargar Þórðardóttur, og með þeim hætti leitast við að nálgast þjóð sína og fólkid í

Það er mikill misskilningur hjá ráðherranum að ímynda sér að hægt sé að reka tvískiptan Íbúðalánasjóð, annan fyrir fátæka og hinn fyrir ríka.

hlutfall hafi enn vaxið síðustu mánuði, þrátt fyrir látláusan áróður fjármagnsafla og yfirvalda til hins gagnstæða. Ríkisstjórnin virðist verða æ meir viðskila við þjóðina.

Að mínu viti tryggir maður jöfnuð í samfélaginu m.a. með því að jafna tekjugrunn fólks og veita ókeypis aðgang að öflugri almannaþjónustu s.s. heilsugæslu, en ekki með því að flokka

fólk opinberlega niður í húsnæði eftir efnahag. Það sér hver maður sem kynnir sér málin að þessi ójafnaðarleið ríkisstjórnarinnar felur feigðina í sér fyrir Íbúðalánasjóð og þá félagslyggju sem að baki honum býr. Enda er það einmitt það sem fjármagnsöflin vilja.

Íbúðarhúsnæði er ein af grunnþörfum fólks. Það er langsamlega gæfurikast fyrir þjóðina að hafa öflugan Íbúðalánasjóð með ríkisábyrgð sem veitir grunnlán til íbúðarkaupa þar sem allir hafa sama rétt. Það er enda það sem þjóðin vill.

Höfundur er þingmaður Vinstri grænna í Norðvesturkjördæmi.

Þægindi um land allt

Verið velkomin í Útilegumanninn, Fosshálsi 5-9 alla daga. Við sýnum ykkur fellihýsin, hjólhýsin og bátana okkar fyrir sumarið 2008 ásamt ferðavöru.

Á ferðalögum þínum um landið getur þú notið sams konar þæginda og heima hjá þér á öllum uppáhaldsstöðunum þínum. Uppbúið rúm og fyrirtaks aðstaða til að framreiða og njóta yndislegra máltíða fylgja þér hvert sem leið þín liggur - en útsýnið er aldrei eins.



OPIÐ
Helgar
12-16
Virka daga
10-18

Sumargjöf
Sólarrafhlaða,
fortjald og gasgrill
fylgir öllum fellihýsum
Tilboðið gildir til 15. júní

Ríkulegur staðalbúnaður

- Galvaniseruð grind
- Evrópskar þrýstibremsur
- Radial dekk / 13" álfelgur
- Góð fjöðrun, hentar vel á ísl. vegum
- Útdraganleg trappa við inngang
- Breitt nefhjól (uppblásið gúmmidekk)
- 50 mm kúlutengi
- 220v tengill (blár skv. reglugerð)
- Útvarp með geislaspilara, hátalarar inni og úti
- Upphitaðar 12 cm springdýnur
- Vatnsh. öndunardúkur í svefnrými
- Dometic kælikápur XL 2,5 cubic
- SMEV ryðfri gaseldavél m/rafstarti
- 2 gaskútar
- Gasviðvörðunarkerfi
- Öflug Truma combi 4 miðstöð m/heitu vatni
- Stór loftlúga m/þriggja hraða viftu
- Skyggðir gluggar
- 2 feta geymsluhólf
- Stórt farangurshólf
- Voldugir öryggisarmar fyrir þak og tjald
- 1 x færanlegt lesljós með viftu
- 110 amp rafgeymir
- Heitt og kalt vatn, tengt
- Rafmagnsvatnsdæla
- 86 lítra vatnstankur
- Klósett með hengi



Fjöldrun f. ísl. aðstæður



Evrópskar þrýstibremsur



vatn tengt heitt/kalt



CD spilar/útvarp



Upphitaðar lúxusdýnur

Rockwood fellihýsi

Verð frá 1.398.000 kr.



Allt til ferðalagsins



Útilegu maðurinn

Fosshálsi 5-9 • Sími 551 5600 • www.utilegumadurinn.is

Gefðu
dýrmætasta
efni í heimi

Hjálparstarf
kirkjunnar

www.help.is

EINA BLAÐIÐ Á SUNNUDEGI



Chris, börnin og Kabbala
Gwyneth Paltrow í viðtali við Fréttablaðið.

Vilja skipta út náttúrunni fyrir eigin framleiðslu

Bandaríski vísindamaðurinn Jeffrey Smith varar við erfðabreyttum matvælum, þar sem þau geta verið okkur skaðleg. Hann segir líftæknifyrirtæki einungis stjórnast af peningum en ekki hugsjónum.

Matur

Matur fylgir Fréttablaðinu á sunnudag:

Ævintýralegar afmælisveislur + Sykruð sæluvíma, léttir sumarréttir, möndluskreytt ísterta, gæsalifrarterriner með kryddjurtum, Eldað ofan í erlenda gesti. Matarpistill Nönnu Rögnvaldar dóttur.

FRÉTTABLAÐIÐ

Allt sem þú þarft – alla daga



MAÐUR VIKUNNAR

Eljusamur fagurkeri

Utánríkisráðherra valdi í vikunni Ellisif Tinnu Víðisdóttur, aðstoðarlögreglustjóra á Suðurnesjum, úr hópi 26 umsækjenda til að gegna starfi forstöðumanns nýrrar Varnarmálastofnunar. Ellisif Tinnu er maður vikunnar að þessu sinni.

Ellisif fæddist í Reykjavík en flutti sex ára til Danmerkur og bjó þar næstu átta ár. Þegar heim var komið lauk hún grunnskóla, gekk síðan í Menntaskólann við Hamrahlíð og fór að því loknu í mannfræðinám við Háskóla Íslands. Það var þá sem hún kynntist fyrst störfum við löggæslu, þegar hún vann sem tollvörður samhliða náminu. Eftir að hafa búið í London um tíma ákvað hún að söðla um og fara í laganám við Háskóla Íslands.

Ellisif reis tiltölulega hratt til metorða í löggæslunni eftir að laganáminu lauk og varð fulltrúi hjá sýslumannsembættinu á Keflavíkurlugvelli árið 2001. Hún hafði skrifað lokaritgerð um efni sem tengdist starfinu, landamæravörslu og flóttamenn, sem ber vott um áhuga hennar á starfssviðinu. Hún varð staðgengill sýslumanns árið 2004 og aðstoðarlögreglustjóri við skipulagsbreytingar árið 2007. Hún þykir hafa foringjaeðli, og því kom það viðmælendum ekki á óvart að hún skyldi velja sér starfa við löggæslu. Hún hefur enda haft gaman af starfinu og þótt metnaðarfull fyrir hönd vinnustaðarinnar.

Flestir eru sömuleiðis sammála því að hún sé sem sniðin í nýja starfið sitt sem forstöðumaður Varnarmálastofnunar. Hún hafi starfað náið með herliðinu áður en það hvarf á braut, þekki vel til borgaralegra stofnana og sé vel kunnug starfsemi Schengen og NATO á sviði varnarmála og landamæravörslu. Auk þess stýrði hún breytingum á Ratsjárstofnun síðasta haust, en verksvið hinnar nýju Varnarmálastofnunar er að stórum hluta það sama og Ratsjárstofnunar. Þá er það mat manna að mannfræðimenntunin veiti henni mikilvæga jarðtengingu til að takast á við stjórnunarstörfin.

Dugnaður er fyrsta orðið á vörum allra viðmælenda þegar þeir eru innir eftir áliti á Ellisif – og flestir nota það ítrekað. Hún þykir skipulögð og óhrædd að takast á við hið óþekkta, kraftmikil og eljusöm. Dugnaðurinn braust fram með hvað mest áberandi hætti þegar hún hellti sér út í fimm ára laganám, einstæð móðir með þrjú ung börn. Og hún lét sér ekki nægja að klára það með hefðbundnum glans, heldur lauk hún námskeiðum fjórða og fimmta

árs á einu ári. Það tók á, en eftir að fyrri önnin hafði unnist á tvöföldum hraða sá hún fátt því til fyrirstöðu að endurtaka leikinn eftir áramótin.

Vinum Ellisifjar ber saman um að henni sé mjög umhugað um að hafa allt fínt og flott í kringum sig. Ef það á að gera eitthvað – eða kaupa eitthvað – á annað borð, þá skal það vera almennilegt. Einn viðmælandi grípur til orðsins „þjattrófa“, en dregur það snögglega til baka og segir það kannski helst til neikvætt. „Fagurkeri“ sé nærri lagi. Hún eyðir peningum, en þó ekki í hvað sem er, og hefur til dæmis aldrei haft áskrift að Stöð 2. Hún er „lúxuspía“, vill hafa huggulegt í kringum sig og býður sjálfri sér og öðrum eingöngu upp á það vandaðasta og flottasta.


„Ef hún heldur matarboð þá gerir hún það með stæl,“ segir viðmælandi. Þegar hún var í laganámi bauð hún til dæmis fjórmenningum í mat á heimili sitt, og þá dugði ekkert minna en að hafa á staðnum bæði þjón og kokk. Og Ellisif gerðist snemma vandlát. Þannig fór hún helst ekki í klippingu nema á uppáhaldshárgreiðslustofuna sína í Kaupmannahöfn fyrst eftir að hún flutti heim til Íslands.

Það þarf því ekki að koma á óvart að lífskúntnerinn Ellisif hafi mikið dálæti á hinum klassískum kúntstum. Hún er hrfingmög og listfeng mjög eins og foreldrar hennar, sem gáfu barnabörnunum listaverk í skírnargjöf til snemmbúinnar innrættingar. Þá er Ellisif mikill óperunnandi, sækir óperuna á Íslandi reglulega og þegar gesti ber að garði er ekki óalengt að tónarnir taki á móti þeim alla leið út á bílplan. Hún giftist enda óperusöngvara og átti með honum þrjú börn.

Ellisif lætur ekki vaða yfir sig og þykir hörð í horn að taka eins og leiðtogum sæmir. Þannig sópar að henni hvert sem hún fer og jafnan er eftir henni tekið og um hana rætt. „Hún er eins og stormsveipur,“ segir einn vandamaður, „nagli“ segir annar. Og þrátt fyrir að flestir sem hana þekjja séu sammála

um að hún sé afar hlý manneskja, barngóð og heilsteypt, þá getur ákveðið fasi hennar stundum orðið til þess að hlýjan dylst mönnum við fyrstu kynni. Hún vill þó opinberast þeim sem kynnast henni betur, segja kunnugir, en einn bætir við að hann vildi ekki eiga hana fyrir óvinkonu. Mislíki henni eitthvað eða misbjóði á hún það til að rjúka upp, verða ódamaða og orðhvöss, og þótt full ástæða sé þá til að taka mark á því sem sagt er gengur stormurinn jafnan fljótt yfir.

ELLISIF TINNA VÍÐISDÓTTIR



ÆVIÁGRIP

Ellisif Tinnu Víðisdóttir fæddist í Reykjavík hinn 18. september 1965. Hún flutti ung að árum til Danmerkur og ólst þar upp á meðan foreldrar hennar voru við nám. Þeir eru Víðir Hafberg Kristinnsson sálfræðingur og Hulda Guðmundsdóttir sállæknir. Ellisif á eina yngri systur, Kolbrúnu Hrund. Yngri bróðir hennar, Borkur Hrafn, lést af slysförum árið 2002. Ellisif var gift Tómasi Tómassyni óperusöngvara í þrettán ár og á með honum þrjú börn: Kolfinnu og tvíburana Björn og Víði. Hún bjó með Tómasi í London um tíma en flutti til Íslands þegar þau skildu og býr nú í Hlíðahverfi, í nábýli við foreldra sína.

Ellisif útskrifaðist með stúdentspróf frá Menntaskólanum við Hamrahlíð árið 1986 og lauk síðan mannfræðinámi við Háskóla Íslands árið 1992. BA-ritgerð hennar fjallar um mannfræðinginn Margaret Mead, ævi hennar og helstu verk. Þegar hún kom heim frá London hóf hún laganám sem hún lauk árið 2001. Lokaritgerð hennar fjallar um landamæravörslu og flóttamenn.

Með námi vann Ellisif fyrst sem tollvörður hjá sýslumannsembættinu á Keflavíkurlugvelli. Eftir laganámið var hún ráðin sem fulltrúi hjá embættinu og árið 2004 varð hún staðgengill sýslumanns. Við skipulagsbreytingar á lögregluembættum árið 2007 var hún ráðin aðstoðarlögreglustjóri á Suðurnesjum.

Ellisif var fengin til að stýra breytingum á Ratsjárstofnun síðastliðið haust og var nýlega valin úr hópi 26 umsækjenda í starf forstöðumanns nýrrar Varnarmálastofnunar.

VANN SÉR TIL FRÆGDAR

Lauk embættisprófi í lögfræði á fjórum árum í stað fimm á sama tíma og hún sinni ein, með aðstoð vina og vanda-manna, uppeldi á þremur ungum börnum.

HVAÐ SEGJA AÐRIR?

„Hún er eins og Villi spæta, maður setur hana á nýtt tré og hún goggar það alltaf niður á methraða. Hún hefur alltaf fengið fleiri og fleiri steina í bakpokann, en það hægir ekkert á henni í fjallgöngunni.“

Jóhann R. Benediktsson, lögreglustjóri á Suðurnesjum.

„...fyrst á visir.is“



visir.is

...ég sá það á visir.is



FJÖLSKYLDUBÍLLINN GRAND VITARA



Way of Life!




**SÖNN ÁNÆGJA HVENÆR SEM ER,
Í HVAÐA VEÐRI SEM ER.**



GRAND VITARA frá 3.390 þús.

Sterkbyggð grind, aflmikil vél og fullkomið fjórhjóladrif, með háu og lágu sídrifi. ABS/EDB hemlakerfi, ESP stöðugleikakerfi og spólvörn, 4 öryggisloftpúðar og hliðargardínur auk ISO FIX barnastólafestinga eru staðalbúnaður.



SUZUKI SPARNEYTNI



TRAUST UMBOÐ Í 27 ÁR

SUZUKI BÍLAR HF • SKEIFUNNI 17 • SÍMI 568 5100 • WWW.SUZUKIBILAR.IS

BONUS**BONUS****BONUS**

GOTT FYRIR EUROVISION

ÞÚ SÆKIR, ÞÚ BAKAR OG ÞÚ BORGAR AÐEINS 1000 KR. FYRIR TVÆR 635g PIZZUR

TVÆR PIZZUR 1000 KR.

**119****98****49**

Pepsi MAX 2 ltr. **119 kr.**
Fanta Orange 2 ltr. **98 kr.**
Egils pilsner léttbjör 500 ml **49 kr.**



CHICAGO TOWN TAKE-AWAY pizzur,
Þú sækir, þú bakar og þú borgar aðeins **1000 kr. fyrir tvær 635g pizzur.**
MEÐ BLÖNDUÐUM OSTI EÐA PEPPERONI

**2498**

KS ferskt lambafillet **2498 kr./kg.**

**1198**

KS lambalæri í sneiðum **1198 kr./kg.**

**1398**

KS lambaframhyggjasneiðar **1.FLOKKUR.FROSNAÐ**
1398 kr./kg.

**30% AFSLÁTTUR**

KF villikryddaðar lambalærisneiðar
1398 kr./kg. MERKT VERÐ 1998 KR./KG.

**498**

Bónus íspinnar 24 stk. kassi
498 kr.

**40% AFSLÁTTUR**

Bónus ferskir kjúklingabitar blandaðir
299 kr./kg. MERKT VERÐ 499 KR./KG.

**498**

Ali ferskur grísabógur **498 kr./kg.**

Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.

BONUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: LAUGARDAGA: 10.00 TIL 18.00 SUNNUDAGA 12.00-18.00

BONUS**BONUS****BONUS**

GOTT FYRIR EUROVISIO



ÍSLANDSGRÍS Á GÓÐU VERÐI 40% AFSLÁTTUR

**40%
AFSLÁTTUR**ÍG ferskt grísahakk
528 kr./kg. MERKT VERÐ 879 KR./KG.**40%
AFSLÁTTUR**ÍG ferskar grísaríffjur
599 kr./kg. MERKT VERÐ 998 KR./KG.**40%
AFSLÁTTUR**ÍG ferskur grísahnakki úrbeinaður
1019 kr./kg. MERKT VERÐ 1698 KR./KG.**40%
AFSLÁTTUR**ÍG ferskar grísaköttlettur
1019 kr./kg. MERKT VERÐ 1698 KR./KG.**40%
AFSLÁTTUR**ÍG ferskar grísalundir
1319 kr./kg. MERKT VERÐ 2198 KR./KG.**40%
AFSLÁTTUR**ÍG ferskir grísaskankar
179 kr./kg. MERKT VERÐ 298 KR./KG.**40%
AFSLÁTTUR**ÍG ferskur kryddleginn úrb. grísavöðvi
1319 kr./kg. MERKT VERÐ 2198 KR.**40%
AFSLÁTTUR**ÍG fersk kryddlegin grísahelgarsteik
1079 kr./kg. MERKT VERÐ 1798 KR./KG.**498**Nautaat ferskir ungnautahamborgarar
4 stk m/brauði 498 kr.**40%
AFSLÁTTUR**Nautaat ferskt íslenskt ungnautahakk
898 kr./kg. MERKT VERÐ 1498 KR./KG.**98**

EUROSHOPPER snakk 200g 98 kr.

**98**

Voga idýfur 175g Þrjár teg. 98 kr.

BONUS BÝÐUR BETURMeð fyrirvara um prentvillur
eða uppseldar vörur.

AFGREIÐSLUTÍMI: LAUGARDAGA: 10.00 TIL 18.00 SUNNUDAGA 12.00-18.00

Dillibossakvöld eftir kvöld

Í dagbók **Práins Bertelssonar** er fjallað um sjálfsnám í blístri og frönsku, írsk-íslenska skáldskapargáfu, heilun og handayfirlagnir. Einnig er vikið stuttlega að ferðalögum á kústskafti, tilgangi lífsins og dillibossakeppni í Eurovision.



KÆRA DAGBÓK

Práinn Bertelsson skrifar

LAUGARDAGUR, 17. MAÍ.

Sjálfsnám í skóla lífsins

Letilíf. Lauk við að lesa „Empire des Loups“ (Veldi úlfanna) eftir Jean-Christophe Grangé sem skrifaði „Purpuralitar ár“ og „Flug storkanna“. Þetta er fjórða bókin sem ég þrælast gegnum eftir kallinn – og tilheyrir sjálfsnámi mínu í franskri tungu.

Ég er ekki eini heimilismaðurinn sem stunda sjálfsnám óháð skólapiensúmi. Litla Sól er staðráðin í að læra að blístra og ég er að reyna að segja henni til eftir mætti.

Um er að ræða tvenns konar blístur. Annars vegar hátt og hveitt áherslublístur sem maður notar á tilfinningaþrungnum augnablikum og hins vegar er svo tónlistarblístur.

Frókenin og ég stöndum því á blístri flesta daga svo að hún er á réttri leið í blístursnáminu eins og ég í frönskunni, en bæði eigum við töluvert langt í land með að verða fullnuma.

SUNNUDAGUR, 18. MAÍ.

Stjórnarandstæðingur eða stjórna-andstæðingur

Heimsóttum Lenu og Árna. Hjá þeim var stóð skólasystir Lenu, Alla. Þær voru saman í bókmenntanámi við Moskvuháskóla á sjötta áratug síðustu aldar og bundust vináttuböndum sem ekki hafa rofnað síðan, enda er Lena vinföst með afbrigðum og þeir sem eignast vináttu hennar hafa eignast eitthvað sem er gulli betra.

Frændi minn og vinur Óssur Skarphéðinsson, sem er með gleggstu mönnum, tekur soldið skakkan pól í hæðina þegar hann kallar mig „stjórnarandstæðing“ á blogginnu sínu í dag og segir m.a.:

„Práinn er uppreisnarmaður í eðli sínu og svo þver og þrjóskur að stöðugar fyrirbær mínar og reglulegar handayfirlagnir breyta engu um það að hann er harðasti – kanski eini – stjórnarandstæðingurinn nú á dögum sem nær einhverju máli.“

Það er rétt hjá Óssuri að hvorki heilun né handayfirlagnir duga til að breyta því að ég er á móti ríkisstjórninni. Maður á ekki að espa þá upp sem sitja í ráðherrastólum með því að hrósa þeim heldur reyna að ró þá niður og hafa vit fyrir þeim.

Með öðrum orðum þá vil ég heldur standa utan við tjaldid og pissa inn heldur en að híma inni í tjaldinu og pissa út.

Reyndar er ég ekki „stjórnarandstæðingur“ eins og Óssur segir heldur „stjórna-andstæðingur“ því að í hjarta mínu er ég á móti öllum ríkisstjórnnum.

Mesta samúð hef ég þó með þeim ríkisstjórnnum sem eru duglitlar og virðast ekki hafa neina forystu, svo að andstaða mín við þá stjórn sem nú situr er í lágmarki.

Ég óttast mest athafnasamar stjórnir, því að ævilöng reynsla mín af ríkisstjórnnum er sú að stjórnmalamenn haldi að ríkið samanstandi af fyrirtækjum sem þurfi að hjúkra af árvekni og helst að næra þau á mannförnum.

MÁNUDAGUR, 19. MAÍ.

Jarðskjálftar og Vorið 68

Andri sem er tíu ára er í stífum próflestri þessa dagana. Á morgun er náttúrufræðipróf og þar geta hugsanlega komið spurningar eins og „hvað veldur jarðskjálftum“. Mikið er ég feginn að vera búinn að ljúka mínu skólanámi og þurfa ekki að fara eldsnemma á fætur til að svara svona spurningum.

Fór í bókabúð og keypti mér „Maí 68“ eftir Einar Má Jónsson (ekki Guðmundsson) sem stýrir einhverjum skemmtilegasta penna á íslensku nú um stundir; þetta eru innblásnar greinar frá „Vorinu 68“ sem óskandi væri að endurfæddist í einhverri mynd á okkar sálardepandi peningaplokkstímunum.

Annars vorkennði ég löggungi alltaf soldið þegar óánægja ungs fólks með stjórnmalamenn braust út í því að henda grjóti í lögregluna. Hérna lenti fólk í stimpingum við príuðmennið Bjarka Eliasson lögregluvarðstjóra vegna þess að ráðherrar höfðu vit á að láta ekki sjá sig á almannaferri.



ÞRIÐJUDAGUR, 20. MAÍ.

Eurovision og tilgangur lífsins

Átti fund með mínum ágæta ritstjóra, Jóni Kaldal. Við hittumst á Kjarvalsstöðum og skoðuðum saman skemmtilegt verk eftir Mörtu Schwartz, Aluminati, en það er svart box á stærð við Köbuna í Mekka sem maður fer inn í og skoðar inn í annan svartan kassa sem fóðraður hefur verið með krumpuðum álpappír. Mjög, hmm, athyglisvert!

Til þess að höfða til sem flestra kjósenda hefur Samfylkingin tekið upp þá pólitísku jafnréttisstefnu að bjóða upp á tvær andstæðar skoðanir í senn þannig að öllum sé gert til hæfis á sama tíma og hafa boð verið látn út ganga um að formaðurinn sé á móti hvalveiðum í ríkisstjórn en fylgjandi þeim á alþjóðavettvangi.

Þetta mun eflaust auka traust manna á bæði formanni Samfylkingarinnar og utanríkisstefnu Íslands.

Hugsanlega væri þó hægt að toppa þetta með því að vera fylgjandi hvalveiðum á nóttunni en á móti þeim á daginn. Eða öfugt.

Þegar leið að kvöldmatartíma spurði frá Sólveig hvort ég ætlaði

að horfa á Eurovision. Stundum er eins og eins og þessi yndislega kona skilji ekki alveg hver er tilgangurinn með lífinu.

Sigmar lýsti Evróvisjón-keppninni af svo mikilli snilld að ég geri fastlega ráð fyrir að hann verði muntraður sem næsta borgarstjóraefni Flokksins og Gíslí Marteinur verði endurráðinn að Sjónvarpinu.

Eitthvert afturhvarf til tíma Gleðibankans virðist hafa átt sér stað í Evrópu. Búningarnir eru margir mjög leikhúslegir, og flutningur sumra laga minnir frekar á leikhús en tónleika.

Ísland kom hvergi við sögu í kvöld svo að ég hélt með frændum okkar Írum í okkar stað því að frá þeim höfum við þegið skáldskapargáfunna.

Írar hafa auk þess allra þjóða oftast unnið Eurovision en í kvöld brást þeim bogalístin þegar keppandi þeirra, kalkúninn Dustin, féll úr keppni, þrátt fyrir ljómandi góðan söngtexta sem sannar skyldleika Íra og Íslendinga. Eitt erindið í ljóðinu var til dæmis svona:

„Hello Abba, hello Bono, hello Helsinki
Ola Prague, hello sailor, se la vie
Alvida sein Mama Mia, and god
save the Queen
Bon joir Serbia, good day Austria
You know what I mean?“

Þetta kalla ég dýrt kveðið. Meira að segja James Joyce hefði verið stoltur af þessu ljóði.

MÍÐVIKUDAGUR, 21. MAÍ.

Sigur réttlætisins og leðjan í Moskvu

Annar daginn í röð var kvöldmatn- um flýtt svo að ég gæti horft á sjónvarpið.



Það er þýðingarlaust að reyna að lýsa þeirri upplifun að sjá ofurmanninu John Terry skrika fótur í leðjunni á Luzhniki-leikvanginum í Moskvu og klúðra mikilvægustu vítaspyrnu 21. aldar – og Man United vinna Evrópumeistaratiðilinn fyrir framan rauðbólgið nefið á kærnum vini íslenskra mikilmenna, billjónungnum Róman Abramóvitsj, á hans heimavelli.

Stundum efast maður ekki um æðri forsjón og sigur réttlætisins.

Reyndar var ég soldið veikur fyrir Chelsea meðan Eiður var þar innanbúðar.

FIMMTUDAGUR, 22. MAÍ.

Dillibossakvöld

Ríkisstjórnin er búin að ferðast fyrir 95 milljónir á einu ári meðan borgarstjórn Reykjavíkur rétt slefar í 12 milljónir – og hefði ég þó haldið að borgarfulltrúar hefðu meiri tíma til að skemmta sér en önnur kafnir ráðherrar. Verst að þetta lið skuli ekki geta ferðast á kústskafti eins og Harry Potter og fleira gott fólk.

Ólafur borgarstjóri er bara búinn að ferðast fyrir 0 krónur, enda gerði minnihlutinn duglega grín að þeim heimóttarskap borgarstjórans að bera sig ekki eftir frímiðum og dagpeningum eins og alvöru stjórnmalamaður. Mikið er ég stoltur af því að þjóðin mín skuli vera svo dugleg að borga skatta að mikilmenni þurfi ekki að neita sér um nokkurn skapaðan hlut.

Það er að verða fullt starf hjá mér að horfa á sjónvarpið. Ísland er komið í úrslitakeppnina í Eurovision.

Þetta var nú meira dillibossakvöldið – og ekki allt búið enn. Það liggur við að maður fari að sakna skrimslanna úr Lordi.

ATVINNA

Samkaup Úrval Borgarnesi

Samkaup Úrval við Hyrnutorg óskar eftir verslunarstjóra

Starfssvið:

Ábyrgð á rekstri verslunarinnar
Dagleg stjórnun og starfsmannahald
Samskipti við viðskiptavini
Birgðahald og önnur tilfallandi störf

Hæfniskröfur:

Reynsla af verslunarstörfum skilyrði
Frumkvæði og metnaður í starfi
Góð framkoma og rík þjónustulund
Reynsla af stjórnun rekstri.

Um áhugavert starf er að ræða hjá ört stækkandi fyrirtæki.
Góð laun í boði fyrir drifandi og kraftmikinn einstakling.

Upplýsingar veitir starfsmannastjóri Dómhildur Árnadóttir í síma 4215400 eða
á netfangið domhildur@samkaup.is. Umsóknarfrestur er til 30.maí
og umsóknir berist á sama netfang.

Samkaup **úrval**

+ Sól og sumar

Gerðu vel við þig og þína



20% afsláttur

John Frieda - Blonde og Brunette
Gljái - Glæsileiki - Fullkomin



20% afsláttur

Surgi háreyðingarlínan

Einföld og fljótleg háreyðingarmeðferð sem endist í 6-8 vikur.



2590 kr.

Scholl fótataskan
Frískir og flottir fætur með Scholl í allt sumar.



Kaupauki

Loreal Perfect Slim

Með L'Oréal Perfect Slim Body gelinu fylgja Perfect Slim plástrar sem kaupauki að andvirði 2539,- kr.



Kaupauki

Aqualina

Baðsvampur fylgir keyptri vöru frá Aqualina (meðan birgðir endast).



Hydroxycut

Hydroxycut eykur hitastig líkamans og þar með grunnbrennsluna. Minnkar einnig matarlyst ásamt að koma í veg fyrir að líkaminn breyti kolvetnum í fitu.

Lágmúli - Smáratorg - Laugavegur - Smáralind - Spöngin - Garðatorg - Setberg - Keflavík - Grindavík - Selfoss - Laugarás - Borgarnes - Stykkishólmur
Grundarfjörður - Búðardalur - Ísafjörður - Bolungarvík - Patreksfjörður - Sauðárkrúkur - Blönduós - Hvammstangi - Skagaströnd - Húsavík - Kópasker
Raufarhöfn - Þórshöfn - Egilsstaðir - Seyðisfjörður - Fáskrúðsfjörður - Höfn - Neskaupstaður - Reyðarfjörður - Eskifjörður

www.lyfja.is

LYFJA
- Lifið heil

LYFJA STYÐUR LANDSLIÐ KVENNA Í HANDBOLTA



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, hlýju og vináttu við andlát og útför elskulegs eiginmanns, föður, tengdafaður, afa og langafa,

Hjalta Þórarinnssonar

fyrirverandi yfirlæknis og prófessors, Laugarásvegi 36, Reykjavík.

Sérstakar þakkir færur við starfsfólki Sóltúns fyrir góða umönnun.

Alma Anna Þórarinnsson

Þórarinn Hjaltason Halla Halldórsdóttir
Oddur Carl Gunnlaugur Hjaltason Ingibjörg Halldóra
Jakobsdóttir
Sigríður Hjaltadóttir Þórir Ragnarsson
Hrólfur Hjaltason
Gunnlaug Hjaltadóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýju við andlát og útför elskulegrar móður okkar, uppeldissystur, ömmu og langömmu,

Ingibjargar Pálsdóttur

Ásta Sveinsdóttir Jón Sigurðsson Jón Gunnarsson
Kolbrún Valdimarsdóttir Ólafur Þórðarson
Ingibjörg Ólafsdóttir Emil Þór Ásgeirsson
Sigríður Sigmarsson Sólrún Smáradóttir
Kristófer Jónsson
Páll Jónsson
Guðný Halla Jónsdóttir
Elsa Björg Jónsdóttir
og barnabarnabörn.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Erna B. Árnadóttir

Holtsbúð hjúkrunar- og dvalarheimili,

sem lést 18. maí síðastliðinn, verður jarðsöngin frá Bústaðakirkju miðvikudaginn 28. maí kl. 15.00. Þeim sem vilja minnst hennar er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

Anton Bjarnason Helga Torfadóttir
Pétur Bjarnason Sigríður Jóhannsdóttir
Rósa Antonisdóttir
Birna María Antonisdóttir Jón Þórarinnsson
Helga Björg Antonisdóttir
Jón Bjarni Pétursson
Skúli Steinar Pétursson
Guðrún María Pétursdóttir.



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afa og langafi,

Þórgímur Júlíus

Halldórsson

Lækjargötu 26, Hafnarfirði, áður Svöluhrauni 10, Hafnarfirði,

sem andaðist 17. maí sl., verður jarðsöngin frá Frikirkjunni í Hafnarfirði mánudaginn 26. maí nk. kl. 13.00. Bálför fer fram síðar. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vildu minnst hans er bent á Flugbjörgunarsveitina í Reykjavík eða Krabbameinsfélag Íslands.

Þórgímur Þórarinnsdóttir
Ingi Þór Þórgímsson Margrét Jóna Jónsdóttir
Sigrún Björg Þórgímisdóttir
Helgi Marteinn Ingason Hlín Pálsdóttir
Húnbogi Bjartur Helgason
Guðlaugur Ingason
Jóhann Óli Ingason
Elisabet María Ingadóttir
Katrín Þórey Ingadóttir.

Auglýsingar sendist á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 512 5000.

BOB DYLAN, SKÁLD OG TÓNLISTARMAÐUR, ER 67 ÁRA.



„Manneskja nýtur velgengi ef hún vaknar á morgnana, gengur til hvílu á kvöldin og gerir allt sem hún kærir sig um í millitíðinni.“

Robert Allen Zimmerman byrjaði að troða upp sem Bob Dylan árið 1959 og sló í gegn með laginu *Blowin' in the Wind*.

tímamót

timmot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST: 24. MAÍ 1941

HMS Hood skotið í kaf

Í dag eru 67 ár síðan HMS Hood, þá stærsta herskip heims, sökk eftir orrustu við þýska herskipið Bismarck um 250 sjómílu vestur af Reykjanesi, en skipið hafði lagt af stað úr Hvalfirði fáum dögum áður.

HMS Hood 51 var flaggskip breska flotans og herdjás breska konungdæmisins á millistríðs-árunum og í upphafi seinni heimsstyrjaldarinnar. Skipið var smíðað 1916 og oftsinnis endurbætt fram að endalokum sínum, en þrátt fyrir stórlega endurbætta hönnun og lagfæringar til betri vegar eftir fyrri orrustu á sjó, ekki síst til að standa af sér grimmilegar árásir Þjóðverja á hafi úti á



stríðsárunum, var ljóst að alvarlegir vankantar voru á hönnun og smíði skipsins.

Alls hlutu 1.418 Bretar vota gröf með herskipinu Hood. Premur var bjargað og voru þeir fluttir til Reykjavíkur. Bismarck var sökk vestur af Bretlandi þremur dögum síðar.



KAFFIMENNINGIN Guðný Guðjónsdóttir minnst fyrstu espressóvélarnar á Mokka og hvernig suðræn kaffimenning var kynnt fyrir landanum fyrstu árin. FRETATABLADIÐ/ARNÞÓR

MOKKA KAFFI Á SKÓLAVÖRÐUSTÍG: FIMMTÍU ÁR FRÁ OPNUN

Margir kaffibollar á hálfri öld

Guðný Guðjónsdóttir og maður hennar heitinn, Guðmundur Baldvinsson, stofnuðu kaffihúsið Mokka kaffi við Skólavörðustíg í miðborg Reykjavíkur fyrir hálfri öld og fagnar því þeim tímamótum í dag.

Staðurinn hefur verið í eigu þeirra hjóna frá upphafi, eða allt frá hann var opnaður 24. maí 1958.

Mokka kaffi var frumkvöðull á sviði kaffimenningar á Íslandi og margir eiga eflaust minningar um sinn fyrsta alvöru espressobolla á Mokka. „Guðmundur átti hugmyndina að þessu. Hann var í söngnámi á Ítalíu og þar kynntist hann ítalskri kaffigerð sem var gjörólík því sem við þekktum hér á landi. Við á Mokka kaffi hellum aldrei upp á kaffi heldur gerum hvern kaffibolla fyrir sig, en þetta þekktist ekki hér áður fyrr. Við þurftum að kenna hverjum og einum viðskiptavini muninn á hinum mismunandi kaffigerðum,“ segir Guðný.

Sértök espressóvél var flutt inn til landsins og var hún sú fyrsta sinn-

ar tegundar hér á landi. „Þetta vakti strax mikla lukku en ég man að viðskiptavininum þótti skrítíð að þurfa að borga sama verð fyrir stóran kaffibolla og lítinn espressóbolla,“ rifjar Guðný upp.

Mokka kaffi var ekki einungis frumkvöðull að því að kynna suðræna kaffimenningu fyrir landanum, það var líka eitt af fyrstu kaffihúsum til að halda málverkasýningar. Á þeirri fyrstu sýndu þrjú listamenn, þeir Bragi Ásgeirsson, Barbara Árnason og Bjarni Jónsson. „Sýningar-rýmið varð strax vinsælt hjá okkur enda ekki margir sýningarsalir á þessum tíma,“ útskýrir Guðný.

Mokka kaffi hefur lítið breyst frá upphafi. Innréttingarnar eru þær sömu og enn eru haldnar listasýningar.

Staðurinn hefur átt marga tryggja viðskiptavini í gegnum tíðina og enn koma nokkrir þeirra sem hafa verið viðskiptavinir frá upphafi. „Nokkrir okkar fastakúna voru menntaskóla-

krakkar þegar við fyrst opnuðum og sumir þeirra hafa fylgt okkur alla tíð,“ segir Guðný.

Viðskiptahópurinn í dag er mjög breiður, það eru bæði ungir sem aldnir sem sækja staðinn sem er frægur fyrir kaffið, heita súkkulaðið og vöfflurnar.

Guðný segir að þessi hálfra aldri tími á Mokka kaffi hafi verið skemmtilegur en að þetta hafi verið mikil vinna og geysilega margir kaffibollar.

Mokka var snemma á ferð með reykingabannið en leyfir gestum að sitja úti þegar veðið leyfir þar sem hægt er að virða fyrir sér iðandi mannlíf á Skólavörðustíg.

Einnig varð sú breyting á í fyrravor að staðurinn lokar nú hálf sjó á kvöldin í stað hálf tölfs eins og hann gerði áður.

Í tilefni dagsins hefur Guðný ákveðið að halda upp á tímamótin í dag og bjóða viðskiptavinum staðarins upp á kaffi og með því. klara@frettabladid.is



Ástkær móðir okkar og tengdamóðir,

Guðrún Marsibil Jónsdóttir

Erluhrauni 11, Hafnarfirði,

lést á hjúkrunarheimilinu Sólvangi í Hafnarfirði 21. maí.

Þórir Sigurðsson Sigrún Sigurðardóttir Sigurjón Ingvarsson.



Hjartans þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýbug við andlát og útför elskulegs föður okkar, tengdafaður, afa og langafa,

Karls Kristins

Valdimarssonar

áður til heimilis Brekkustígs 16, Reykjavík.

María Karlsdóttir Þórhallur Guðmundsson
Valdimar Karlsson Björg Björgvinsdóttir
Kolbrún Karlsdóttir Ásgeir N. Ólafsson
barnabörn og barnabarnabörn.



Hafnfirðingar eru allir að dubba sig upp fyrir heimboð



Heimboð í Hafnarfjörð *Afmælishátíð 29. maí - 1. júní*

Í tilefni af hundrað ára afmæli Hafnarfjarðarkaupstaðar er þér og þínum boðið til veglegrar afmælishátíðar. Líkt og í ævintýrum, stendur veislan í marga daga og verður boðið upp á margvíslega skemmtan sem gleður augu, eyru og, ekki síst, bragðlauka.

Komdu og njóttu lífsins með okkur á hundrað ára afmælinu.
Við hlökkum til að sjá þig!

Ítarlega dagskrá allra hátíðardaganna
má finna á www.hafnarfjordur.is



FRÁBÆRT
VERÐ

ÚTIPOTTAR

Frostþolnir
39X31 sm grár/hvítur
11441587/93

1.990

30X24 sm grár/hvítur
11441588/94

1.290

21X18 sm grár/hvítur
11441589/95

890

FRÁBÆRT
TILBOÐ

SPRENGIVIKA

í Húsasmiðjunni og Blómavali 22. - 27. m

Sýpris

799



Stjúpur
10 stk.
599

Garðborð
Bradford, 110 x 72 sm
3899085

6.872
~~8.590~~

Garðstóll
Oregon, m/stíllanlegum örmum
3899088

5.890
~~7.390~~

20%
AFSLÁTTUR

ÚTSKRIFTAR
BLÓMVENDIR
Í MIKLU ÚRVALI





20%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM HJÓLUM
MEÐAN BIRGÐIR ENDAST



Bob the builder
12"-16"

12" 11.752
3899960
16" 13.352
3899961




My Bonnie
12"-16"

12" 11.752
3899962
16" 13.352
3899963


20%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM
SKJÓLGIRÐINGUM

Madrid




180 x 120 sm
603414

7.890




180 x 120/90 sm
603411

5.890



180 x 180 sm
603400

9.920



90 x 180 sm
603405

7.490



180 x 180 sm
603420

9.920

AÐEINS BROT AF ÚRVALINU

Verðin eru sýnd með afslætti

Pallaefni

Gagnvarin fura
28x95 mm
628601

**FRÁBÆRT
VERÐ**

186 kr/m
~~199~~ kr/m



**FRÁBÆRT
VERÐ**

Jotun Treolje
Pallaolia 3 ltr.
7049123-33

1.299
~~2.029~~

8.999



Háprýstidæla

Nilfisk/Alto, 100 bör, 440 ltr/klst
5m slanga.
5254254

Kaupauki 5084344

Laufhrifa fylgir öllum
sláttuvélum um helgina
meðan birgðir endast

14.995



Rafmagnssláttuvél, B&D

1200W, 34 sm sláttubreidd, 35 ltr.
grassafnari, 5 hæðarstillingar.
5085134

OUTBACK

34.990
~~39.990~~

Hunter Classic

11,8 Kw
Grillflöturinn er 60x40 sm
Þrjú brennarar úr ryðfríu stáli
Flame tamer hlíf yfir brennurum
Auðþrífanlegur lekabakki
Hitamælir á hlíf
Aðfellanleg hitagrind
Hjálmur með emelaraðri postulínshúð
Grillið og grillgrindin er húðað með postulíns-
emeleringu sem gefur góða vörn gegn háum hita og ryði
Innbyggð snúningskveikja
Gaskútur fylgir ekki
3000237



Frábær saman

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Vörulífi er háð lagerstöðu í hverri verslun.

Ánægð með verkin og samstarfið

Geir H. Haarde forsætisráðherra og **Ingibjörg Sólrún Gísladóttir** utanríkisráðherra lýsa í samtali við **Björn Þór Sigbjörnsson** ánægju með störf sín og samstarfið í ríkisstjórninni þetta ár sem hún hefur starfað. Mörgum mikilvægum málum hafi verið hrint í framkvæmd, þar á meðal mörgu sem kveðið sé á um í stjórnarsáttmálanum. Efnahagsmálin séu stóra málið fram undan.



GEIR H. HAARDE FORSÆTISRÁÐHERRA Geir segir mikilvægt að fyrirsjáanlegur tekjumissir ríkissjóðs muni segja til sín í velferðarmálum. Helsta viðfangsefni ríkisstjórnarinnar sé að komast á lygnan sjó í efnahagsmálum.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Samdráttur komi ekki niður á velferðarmálum

Ríkisstjórnin setti sér metnaðarfull markmið í stefnuýfirlýsingu sinni og ég sé ekki betur en að um áttatíu prósent mála sem þar eru tiltekin séu annað hvort frá eða í vinnslu," segir Geir H. Haarde, forsætisráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins, spurður um mat á efndum stjórnarsáttmálans. „Og ég held að það sé nú bærilegur árangur," bætir hann við.

Geir telur að verulegur árangur hafi náðst við að bæta kjör aldradra og öryrkja; samkomulagi frá 2006 hafi verið fylgt eftir með lagasetningu í desember og önnur frumvörp sem miði í sömu átt liggja fyrir þinginu. Hann nefnir líka frumvörp menntamálaráðherra um breytingar á skólakerfinu, skipulagsbreytingar á stjórnarráðinu og breytingar á þingsköpum. „Sturla Böðvarsson þingforseti beitti sér sérstaklega fyrir þeim breytingum og þær eru að skila þrjúðilegum árangri að því er mér sýnist í bættum vinnubrögðum Alþingis."

Geir segir eitt ár ekki langan tíma í stjórnarmálum þegar lagt er upp með fjögurra ára áætlun eins og stjórnarsáttmáli er. „Það er ekki hægt að ætlast til þess að allt nái fram að ganga í einum hvelli."

Ófyrirséður vandi

Geir segir stjórnarmálin þess eðlis að verkefni séu ekki alltaf fyrirséð og bregðast þurfi við ýmsu sem beri óvænt að. Tvö slík veigamikil mál hafi komið upp á þessu eina ári.

„Annars vegar voru það tillögur Hafrannsóknastofnunar um að skerða þorskvóta. Ég tel að sjávarútvegsráðherrann með fulltingi ríkisstjórnarinnar hafi tekið þar ábyrga ákvörðun sem ekki var auðveld.

Hins vegar voru það áhrifin að

utan sem enginn gat séð fyrir. Lánsfjárrættan í útlöndum segir til sín hér og erlendar verðhækkningar eru eins konar skattur á þjóðarþúíð og virka í þá átt að skerða kjör landsmanna. Allt þetta höfum við verið að glíma við og efnahagsmálin hafa verið mjög fyrirferðarmikil frá áramótum."

Tími sértækra lausna liðinn

Margir hafa kallað eftir sterkari viðbrögðum og aðgerðum ríkisstjórnarinnar vegna efnahags-



Sá misskilningur er uppi að ríkisstjórnin sé með nefið ofan í hvers manns koppi.

vandans. Geir segir gagnrýnina byggða á misskilningi. „Sá misskilningur er uppi að ríkisstjórnin sé með nefið ofan í hvers manns koppi, ef svo má segja, eins og var hér áður fyrr.

Ein aðalefnahagsráðstöfun ríkisstjórnarinnar sem sat 1988 til 1991 var að niðurgreiða brytjað lambakjöt í sérstökum pakkningum og ráðherrarnir í þeirri stjórn létu mynda sig með slíkt kjöt. En þetta er liðin tíð. Nú er landinu stjórnað með almennari aðgerðum og við höfum beitt okkur fyrir margis kyns hlutum sem meðal annars eru til meðferðar í þinginu."

Aðkoma ríkisstjórnarinnar að kjarasamningum í febrúar og ráðstafanir til að styrkja efnahagslegar varnir og viðbúnað landsins út á við séu dæmi um slíkar almennar aðgerðir. „Þau mál munu skýrast þegar þau eru frágengin," svarar hann spurður um aðgerðir í efnahagsmálum.

Rofar til

Að sögn Geirs er helsta viðfangsefni ríkisstjórnarinnar fram undan að komast á sléttan sjó í efnahagsmálum. Þar á hann bæði við vandann vegna lausfjárrættunnar erlendis og aðlögun íslensks efnahagslífs að breyttum aðstæðum. „Ég held að það sé að rofa til á alþjóðlegum mörkuðum. Mér finnst margt benda til þess að ástandið gagnvart aðgangi að erlendu fjármagni sé að verða betra en það var og þegar það vandamál er frá getum við einbeitt okkur að því að stuðla að jafnvægi í efnahagsmálum hér, náð niður verðbólgunni og komið á meiri stöðugleika." Geir segir að þar hjálpi til sveigjanleiki í hagkerfinu, það sé fljótt að aðlagast breyttum aðstæðum.

Geir segir að minnkandi tekjur muni vissulega segja til sín við fjárlagagerð næsta árs en á móti komi að ríkissjóður sé nettó skuldlaus. Sú staða sé ný og spari miklar vaxtagreiðslur. „Þess vegna erum við miklu betur í stakk búin að takast á við breyttar horfur," segir hann.

Þó að tekjusamdráttur ríkissjóðs sé fyrirsjáanlegur vegna minni umsvifa í samfélaginu telur Geir að hann muni ekki segja til sín í velferðarmálum. Áfram verði unnið að breytingum á skattkerfinu, til hagsbóta fyrir almennung en síður ríkissjóð. „Persónuafslátturinn mun hækka og þar með skattleysismörkin í takt við verðlagsbreytingar og við erum farin af stað með að lækka stimpilgjöld. En það getur vel verið að við þurfum að gæta betur að okkur og sætta okkur við minni opinberar framkvæmdir."

Sanngjörn samskipti

Ríkisstjórnin hefur mikinn þingsstyrk, einn hinn mesta í þingsögunni. Við slíkar aðstæður er hætt við að meirihlutavaldið taki lítið tillit til minnihluta. Aðspurður segir Geir stjórnarflokkana umgangast stjórnarandstöðuna af nægilegri sanngirni. „Mér finnst það. Við ráðgumst við hana þegar mál eru þess eðlis að eðlilegt sé að um þau náist breið samstaða. Það er eðlilegt að menn deili um einstök mál en í hinum stærri málum sem varða hagsmunum Íslands út á við þá reynum við að hafa breiða samstöðu," segir hann.

Geir nefnir einnig að stjórnarflokkarnir hafi stuðlað að bættum starfsháttum stjórnarandstöðunnar. „Í vetur tryggðum við forystumönnum stjórnarandstöðunnar sérstakan aðstoðarmann auk þess

sem allir landsbyggðarþingmenn fá aðstoðarmann í hlutastarfi. Það má heldur ekki gleyma því að á sínum tíma var séð til þess að betur væri gert við formenn stjórnarandstöðuflokkanna í launalegu tilliti en áður var."

Gott samstarf

Geir segir andrúmsloftið í pólitíkinni nú um stundir ágætt og að ýmsu leyti betra en áður. „Auðvitað verða einhverjir fyrir vonbrigðum eftir kosningar og menn eru misjafnlega ánægðir með sína útkomu og hvernig úr spílást en menn verða að sætta sig við það. En andrúmsloftið er að mörgu leyti betra en það var og þar kemur til bætt starfsaðstaða auk þess sem við færri vandamál er að glíma heldur en var hér áður. Ástandið er miklu betra þó að við göngum núna í gegnum ákveðna efnahagsörðugleika sem eru bara viðfangsefni að takast á við."



INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR UTANRÍKISRÁÐHERRA Ingibjörg segir að í skoðun sé hjá viðskiptaráðuneytinu hvernig og hvort hægt sé að taka á greiðsluæfðleikum fólks í gegnum íbúðalánasjóð. Aldrei sé þó hægt að bjarga öllu.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Mikilvægt að fólk missi ekki húsnæðið

Mér finnst hafa tekist alveg ótrúlega vel að koma þeim málum áfram sem um samdist þegar ríkisstjórnin var mynduð og þá ekki síst málum á sviði velferðar. Mér sýnist að nálægt níutíu prósent af þeim verkefnum sem er að finna í stjórnarsáttmálanum séu þegar komin til framkvæmda eða á góðan reksþól í ráðuneytinum," segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, utanríkisráðherra og formaður Samfylkingarinnar. Samfylkingin hafi lagt upp í kosningarnar með það að markmiði að reyna að bæta hag barna og kjör – ekki síst aldradra og öryrkja – og um þau mál hafi náðst gott samkomulag við sjálfstæðismenn. „Samþykkt hefur verið aðgerðaáætlun í málefnum aldradra og öryrkja sem felur í sér gríðarlega mikilvægar réttarbætur," segir hún og nefnir sérstaklega afnám tenginga á bótum aldradra og öryrkja við tekjur maka, hundrað þúsund króna frítekjumark 67-70 ára og 25 þúsund króna greiðslur til fólks sem ekki nýtur greiðslna úr lífeyrissjóðum.

Þá er aðgerðaáætlun í málefnum barna ekki síður hugleikin Ingibjörgu. Samþykkt hennar var eitt fyrsta verk ríkisstjórnarinnar. „Þar eru sett fram fjölmörg atriði sem við ætlum að vinna að á kjörtímabilinu og nú þegar er margt komið til framkvæmda. Í því sambandi má sérstaklega nefna úrbætur í málefnum langveikra

barna, hækkun barnabóta og aukio jafnræði í fæðingarorlofi." Hún segir þessi mál skipta Samfylkinguna miklu, velferðarmálin séu kjarnamál jafnaðarmannaflokka.

Unnið gegn verðbólgunni

Fjölmörg önnur viðamikil mál úr ranni ríkisstjórnarinnar eru til meðferðar Alþingis. Ingibjörg Sólrún segir ráðherrana mjög vinnusama og sama sé hvert hún líti, alls staðar sé margt að gerast. Þó beri að hafa í huga að kjörtímabilið telji fjögur ár. „Við framkvæmum auðvitað ekki allt á fyrsta ári," segir hún og kveðst skynja óþreyju bæði í þingflokki Samfylkingarinnar og meðal almennra flokksmanna. „Fólk vill sjá hlutina gerast mjög hratt og sem allra fyrst en það má ekki gleyma því að kjörtímabilið er fjögur ár. Að þeim tíma loknum verður hægt að meta hvernig til hefur tekist."

Eitt af því sem fólk vill sjá gerast hratt – og vildi raunar að væri þegar frágengið – eru aðgerðir vegna efnahagsvandadræðanna sem nú eru uppi. Ingibjörg segir að á vettvangi stjórnvalda sé reynt að styrkja varnir íslenska hagkerfisins, auka trúverðugleika þess og opna þannig fyrir aðgang bankanna að lánsfé. Þá sé forgangsmál að koma í veg fyrir að verðbólgan festist í sessi og í undirbúningi séu aðgerðir til að mæta fólki sem lendir í erfiðleikum sökum ástandsins.

BYLTING Í HÖNNUN

Hönnuðir Land Rover hafa tekið í notkun þrívíddarhelli sem hjálpar þeim og tæknimönnum að vinna með nýja tækni án þess að þurfa að framleiða dýr módel.

BÍLAR 2



SUMARIÐ KOMIÐ

Tiskuvörurverslanirnar eru nú að fyllast af litríkum og léttum flíkum fyrir sumar- og sóldýrkendur.

TÍSKA 7



allt

HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA GRÆJUR ATVINNA TILBOÐ VINNUVÉLAR O.FL.

FRÉTTABLAÐIÐ

leikjanámskeið[®]



... fyrir börn 3-6 ára

Íþrótt, enskukennslu og óvænt uppákoma á hverjum degi.

577 2555
WWW.HREYFILAND.IS

Kiktu á heimasíðu okkar!



NÁMSKEIÐIN VERÐA HALDIN 7.JÚLI-1.ÁGÚST

Hópur fyrir hádegi er frá kl. 10-14 (hópur A) alla virka daga
Hópur eftir hádegi er frá kl. 12-16 (hópur B) alla virka daga
Við tökum aðeins á móti 15 börnum í hvern hóp.

Hafið samband eins fljótt og unnt er þar sem fyrstir sem skráðir eru ganga fyrir.

WWW.HREYFILAND.IS | 577 2555



„Það eru ekki margir svona bílar til í heiminum og þetta er sá eini hér á landi,“ segir Einar Gunnar um Chevrolet-pallbílinn sem hann flutti inn frá Bandaríkjunum í fyrrihaust.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Á bremsunni í göngunum

Akurnesingurinn Einar Gunnar Einarsson viðskiptafræðingur ekur um á glæsilegum Chevrolet SSR af árgerð 2003 sem er eftirlíking af Chevrolet Pickup frá 1952.

„Chevrolet-pallbílinn er skemmtilegur og hefur vakið alveg gríðarlega athygli, miklu meiri en ég hafði reiknað með. Þessir bílar voru framleiddir frá 2003 til 2006. Það eru því ekki margir til í heiminum og þetta er sá eini hér á landi, eftir því sem ég kemst næst,“ segir Einar Gunnar þegar forvitnast er um rauðan pallbíl sem hann sést stundum á á götum borgarinnar. Hann tekur því vel að koma við á Fréttablaðinu næst þegar hann eigi leið um og stendur við það.

Bílinn er gljáfægður og þó að árgerðin sé 2003 þá er allt í gömlum stíl. Framendinn er endursköpun á Chevrolet Pickup frá 1952 og leðurklædd sætin og hvalbakurinn eins og úr mynd með James Dean.

Toppurinn er harður en hægt er að taka hann niður eins og blæju með einu handtaki. Einar Gunnar kveðst eiga eftir að notfæra sér það í sumar. „Ég flutti bílinn inn frá Bandaríkjunum í fyrrihaust þannig að ég er að keyra inn í fyrsta sumarið á honum. Tækifærin til að hafa toppinn niðri hafa ekki verið ýkja mörg til þessa,“ útskýrir hann.

Chevrolettinn er með átta cilindra, 5,3 lítra vél, 300 hestöfl og „skrambi sprækur“ eins og eigandinn orðar það. Viðurkennir að þurfa að standa á bremsunni í Hvalfjarðargöngunum. „Ég hef verið með mikla bíladellu gegnum tíðina og flutt inn nokkra frá Bandaríkjunum. Á meðal annars Kádilják en lenti í árekstri á honum fyrir nokkrum dögum þannig að hann er úr leik í bili,“ segir hann.

Þar sem bensínverð er orðið býsna hátt er Einar Gunnar spurður í lokin hvort Chevrolettinn sé ekki dýr í rekstri. „Jú,“ svarar hann. „Ég hef ekki mælt hversu miklu hann eyðir og vil sem minnst um það vita!“

gun@frettabladid.is



Sumarblóm í miklu úrvali

Trjágróður af öllum gerðum
Ráðgjöf og tilboðagerð

GRÓÐRARSTÖÐIN
Mörk

STJÖRNUGRÓF 18 * Sími 581 4550 * Fax 581 2228
WWW.MORK.IS MORK@MORK.IS



Rafstilling ehf

startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991 / 6634942
rafstilling@rafstilling.is

KOLAPORTIÐ

OPIÐ

um helgina
frá kl. 11-17

pantaðu bás á netinu:
www.kolaportid.is

K2 ICEHOBBY
Mótorhjólavörur

Halvarsson's Götu hjóla fatnaður

Enduro- og crossfatnaður

Gott úrval hjálma Dekk í úrvali

MOTUL olíur

www.icehobby.is
K2Icehobby Dalsbraut 1 600 Akureyri sími 464-7960



Nýr tveggja dyra borgarjeppi Land Rover er á meðal þeirra bíla sem hannaðir verða með hjálp þrívíddarhellisins.

Nýr sýndarhellir

Hönnuðir Land Rover hafa tekið formlega í notkun svokallaðan þrívíddarhellir. Tilkoma hans hefur verið kölluð bylting í hönnun bifreiða.

Hellirinn hjálpar hönnuðum og tæknimönnum að vinna með nýja tækni sem þeir skapa í sýndarveruleika án þess að þurfa að framleiða dýr módel. Hellirinn er ekki stór, allt í allt aðeins tíu fer-

metrar að stærð, en kostnaðurinn var um fjögur hundruð milljónir. Hellirinn er sagður sá fullkomnasti í heiminum í dag og leggja aðrir bílaframleiðendur kapp á að fá þessa tækni inn hjá sér. Hellirinn er í hönnunarmiðstöð Land Rover í Gaydon í Bretlandi. Um átta milljónir kostar að skipta um perur í skjávröpunum en þeir gera þrívíddarmyndina af bílnum nær algjörlega eins og hann lítur út í raun og veru.



Bílan er meðal annars hægt að fá með safnkassa, sturtupalli og aftursæti.

Fjölnota smábílar

Fyrirtækið Vélar og þjónusta býður upp á fjölnota smábíla sem henta til hinna ýmsu verka bæði innanbæjar sem utan.

Bílararnir eru fjórhjóladrifnir og er hægt að fá þá með rafmagns-, bensín- og díselmótor. Þeir eru liprir og léttir en geta um leið flutt fjölbreyttan varning. Hægt er að fá margs konar útbúnað á bílana, til dæmis hús, safnkassa, sturtupall, snjótönn, aftursæti og dráttarbeisli svo eitthvað sé nefnt. Bílararnir henta til dæmis vel í ferðamennsku, ýmiss konar iðnað og þjónustu.

Nánari upplýsingar um bílana má nálgast á slóðinni <http://www.alke.com/>

Háþróaður búnaður

HJÁ BMW HEFUR VERIÐ ÞRÓAÐUR BÚNAÐUR SEM METUR LÍKURNAR Á MEIÐSLUM EFTIR ÁREKSTUR OG SENDIR NEYÐARÞJÓNUSTUM UPP-LÝSINGAR UM EDLI ÞEIRRA.

Það tekur sjúkrahil í Þýskalandi alla jafna fimmtán mínútur að komast á slysstað. Þessi staðreynd varð til þess að BMW hóf að útbúa bíla sína með sérstökum tilkynningar-búnaði sem fer í gang við árekstur. Búnaðurinn hefur verið í notkun frá 1997 og hefur stýtt tilkynningartíma yfir 25.000 bílslysa á þeim tíma. Framfarirnar hafa orðið miklar og nú getur búnaðurinn greint alvarleika og eðli hvers áreksturs.

Sérfræðingar segja að það geti skilið milli lífs og dauða hvort neyðarþjónustan hafi nægar upplýsingar um alvarleika slysa. Þessi upplýsing BMW er því mikilvægt skref í að auka enn frekar umferðaröryggi.



Nýtt kerfi

MAZDA HEFUR NÚ LAGT MIKIÐ Í RANNSÓKNIR OG TILRAUNIR SEM SNÚA AÐ AUKNU UMFERÐARÖRYGGI.

Brátt hefjast verklegar rannsóknir hjá Mazda í almennri umferð með nýrri tækni sem hefur það markmið að fækka árekstrum. Við rannsóknirnar er notast við bifreiðar sem eru búnar tæknilausnum sem fyrirtækið er að þróa.

Það sem einkennir hina nýju tæknilausn er að hún byggir á búnaði sem gerir stjórnólum bílanna kleift að hafa samskipti sín á milli. Kerfið nýtist meðal annars til þess að vara ökumenn við bílum handan blindhæðar, bílum sem nálgast á hlykkjöttum vegum þar sem útsýni framundan er takmarkað, en einnig í þöku í umferð á hvernig vegum sem er.



Meirapróf



Upplýsingar og innritun í síma 567 0300
Næsta námskeið byrjar 4. júní



Mikið er úrvalið hjá Bónvali og ættu allir að finna það sem hæfir bílum þeirra.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Bónað fyrir sumarið

Nú eru margir farnir að thuga þrif á bílum sínum enda er sólin farin að skína æ oftar.

„Bónval er fyrirtæki sem flytur inn hágæðabón og bílhreinsivörur bæði fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Við erum með umboð fyrir vörur frá tveimur framleiðendum; Mothers og Einszett,“ segir Bæring Jón Skarphéðinsson hjá Bónvali.

Vörurnar eru allt frá finum mössum og upp í bón og alhliða hreinsivörur fyrir bíla. Bónval hefur hingað til verið með lager-

starfsemi en nú er fyrirtækið að herja á smásölumarkaðinn. „Þetta hefur farið mjög vel af stað og framhaldið lítur bara vel út. Margir sem hafa keypt af okkur eru yfir sig hrifnir af vörunum og koma alltaf aftur en einnig koma nýir kúnnar,“ útskýrir Bæring.

Í Mothers-bónlínunni sem Bónval er með umboð fyrir er mikið úrval og allir ættu að finna eitthvað sem hæfir þeirra bíl, að sögn Bærings. Mothers-bónin eru frá Bandaríkjunum og hafa gert garðinn frægan þar í landi.

Bónval er einnig með eina elstu bónlínu Evrópu, sem nefnist

Einszett og býður upp á mikið úrval. „Einszett eru vörur sem fólk hefur lengi verið að leita að. Við höfum verið með kynningar á tveimur bílasýningum nýverið. Þar sýndum við bíla sem við notuðum vörurnar á og voru viðtökur áhorfenda mjög góðar,“ lýsir Bæring.

Í Bónvali er markmiðið að mæta þörfum allra viðskiptavina hvort sem þeir eru einstaklingar eða fyrirtæki og er því hægt að fá vörurnar í 250 millilítra brúsum og upp í 200 lítra tunnur. Verslun Bónvals er í Súðavogi 32.

mikael@frettabladid.is

MOTHERS®

Polishes • Waxes • Cleaners

BÓN OG BÍLHREINSIVÖRUR.

Opnunartími
Mán - Föst 10-18
Laugardaga 11-14



BÓNVAL

Súðavogi 32. 104 Reykjavík S: 557 6460

VILTU VERÐA RIDDARI GÖTUNNAR?

VERTU KLÁR FYRIR SUMARIÐ!

BÓKLEGT BÍFHJÓLANÁMSKEIÐ Á NETINU!

www.ekill.is



ekill

www.ekill.is • upplýsingar í síma 894 5985

Nú er rétti tíminn til að kaupa garðsláttuvélar



4 ha Briggs & Stratton mótór
51,5 cm sláttubreidd,
5 hæðarstillingar,



5 ha Briggs & Stratton mótór
51,5 cm sláttubreidd,
5 hæðarstillingar,
Grassasfnari.



6 ha Briggs & Stratton mótór
51,5 cm sláttubreidd,
5 hæðarstillingar,
Grassasfnari, drif.

ÞÓR HF | REYKJAVÍK: Ármúla 11 | Sími 568-1500 | AKUREYRI: Lónsbakka | Sími 461-1070 | www.thor.is

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24
alla virka daga frá kl. 8-17.

Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið

STÝRISENDAR, SPINDILKÚLUR OG FÓÐRINGAR

í jeppa í miklu úrvali

Japan/U.S.A.



FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.

Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000

WWW.ABVARAHLUTIR.IS

EIGUM ÁVALLT Á LAGER VARAHLUTI Í FLESTAR GERÐIR BÍLA

NÝ VEFVERSLUN!

VIÐ ERUM YKKAR BÓNUS



BODDÝHLUTIR - GRINDUR - LIÓS - SPEGLAR - SLITHLUTIR - VATNSKASSAR OG FLEIRA

MÁN - FIM. OPIÐ 8.30 - 17.30

FÖSTUDAGA. OPIÐ 8.30 - 16.30

Bíldshöfða 18 - Sími: 567 6020 - ab@abvarahlutir.is - www.abvarahlutir.is



Sýning á námsefni

NÁMSGAGNASTOFNUN TEKUR NÚ Á MÓTI SKRÁNINGU FYRIR NÁMSEFNASÝNINGU OG FYRIRLESTRARÖÐ UM NÝTT NÁMSEFNI SEM FER FRAM Í ÁRBÆJARSKÓLA Í HAUST.

Árlega fer fram sýning á námsefni og fyrirlestraröð um nýtt námsefni á vegum Námsgagnastofnunar. Að þessu sinni fer hún fram í Árbæjarskóla í Reykjavík, hinn 20. ágúst. Skráning er þegar hafin og að því er fram kemur í fréttatilkynningu er mikilvægt að tilkynna þátttöku fyrir 15. júní, þar sem næg þátttaka er forsenda fyrir fyrirlestrunum sem í boði eru. Þá má kynna sér á www.nams.is. - rh



Tennis- og leikjaskóli fyrir börn verður starfræktur í sumar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Íþrótt fyrir unga sem aldna

Tennis er skemmtileg íþrótt. Til að læra undirstöðuatriðin er sniðugt að skella sér á námskeið í Tennishöllinni í sumar.

„Við verðum með alls kyns námskeið í sumar og erum að skrá á fullu núna,“ segir Soumia Islami hjá Tennisfélagi Kópavogs sem hefur aðstöðu í Tennishöllinni.

Yfir sumarið er boðið upp á tíu vikna byrjendanámskeið sem gefið hafa góða raun. „Á þessum námskeiðum eru fjórir saman með einum kennara. Fólk getur hringt og skráð sig og við setjum saman hópinn og eins geta fjórir vinir skráð sig saman á námskeið,“ segir Soumia. Sigurlaug Sigurðardóttir íþróttfræðingur er yfirkennari á námskeiðunum og boltar og spaðar eru á staðnum.

„Þessi

námskeið eru mjög vinsæl og henta vel til að læra undirstöðuatriðin. Fólk nær ágætis byrjendafærni, lærir reglurnar og getur spilað á milli sér til skemmtunar,“ segir Soumia.

Börnin geta líka lært tennis í sumar í tennis- og leikjaskóla Tennisfélags Kópavogs og Tennishallarinnar. Um er að ræða þriggja vikna námskeið þar sem börnin kynnast tennisíþróttinni og fara í skemmtilega leiki.

Nánari upplýsingar um námskeiðin má nálgast á heimasíðunni www.tfk.is - þo



Brokey býður bæði upp á námskeið fyrir börn og fullorðna.

MYND/BROKEY



Fátt jafnast á við það að sigla frjáls eins og fuglinn.

MYND/BROKEY

Einfalt að læra að sigla

Hvern hefur ekki dreymt um að sigla um höfn blá á eigin spýtur? Siglinganámskeið hjá Brokey, Siglingafélagi Reykjavíkur, er góður kostur, vilji maður æfa sig áður en lagt er út á heimshöfnin.

„Þetta er ofboðslega skemmtileg íþrótt og ólík þeim íþróttum sem kannski flestir eru í. Leikvöllurinn er stærrí og það fylgir því ákveðið frelsi að geta siglt út á hafið,“ segir Friðrik Örn Guðmundsson siglingahjálfari hjá Brokey.

Líkt og undanfarin ár býður félagið upp á siglinganámskeið fyrir börn og fullorðna í sumar. Í boði eru fimm daga námskeið þar sem kennt er í tvo tíma á dag og þátttakendur öðlast undirstöðufærni í siglingum.

Á barnanámskeiðunum, sem hefjast 2. júní næstkomandi, læra krakkar á aldrinum tíu til fjórtán ára á litla seglbáta, Optimist sem eru eins manns bátar og Topper Topaz báta sem taka þrjá. Námskeiðið hentar jafnt byrjendum sem lengra komnum og farið er yfir helstu atriði er varða siglingar. „Þessi námskeið hafa gefið mjög góða raun og krakkarnir eru hæstánægðir,“ segir Friðrik. Börnin séu fljót að læra og flest örög við sjóinn. „Við gætum auðvitað fyllsta öryggis og



Krakkarnir læra réttu tókin á litlum kænum.

MYND/BROKEY

þau rétt til æfinga og keppni á vegum Brokeyjar.

Þeir sem eldri eru geta líka lært að sigla hjá Brokey því boðið er upp á tíu tíma námskeið fyrir fullorðna. Kennt er eftir bresku kerfi (RYA Competent Crew) og eiga þátttakendur að loknu námskeiði að geta siglt sem áhafnarmedlimir á seglbát í vindstyrk allt að tíu metrum á sekúndu. „Við fáum fólk á öllum aldri og sumir hafa varla stigið á bryggju áður,“ segir Friðrik og bætir því við að áhuginn sé alltaf að aukast. Margir komi til dæmis á námskeið til þess að eiga kost á að sigla í sumarfríinu sínu erlendis.

Skráning er hafin á námskeið sumarsins. Hægt er að fræðast betur um þau á heimasíðu Brokeyjar www.brokey.is thorgunnur@frettabladid.is

Krakkarnir fara aldrei einir út á sjó. Það fylgir þeim alltaf gæslubátur og með hverjum fimmtán barna hópi fylgjast með tveir leiðbeinendur og einn hjálfari, útskýrir Friðrik. Brokey hefur aðstöðu beint fyrir ofan ylströndina í Nauthólsvík og krakkarnir fá að sigla á vikinni en ekki út á fjörðinn. Þegar börnin hafa komist upp á lag með að sigla geta þau skráð sig í ungliðaklúbb Brokeyjar en við skráningu öðlast

• EINKAFLUGMANNSNÁM

• ATVINNUFLUGMANNSNÁM

• FLUGKENNARANÁM

Íslenska útrásin í CBS

Það hefur vakið athygli hjá Copenhagen Business School að stór hluti nemenda í fullu MBA-námi er Íslendingar.

Skólinn er oftast nefndur CBS og eru þar mun fleiri Íslendingar en Danir í fullu MBA-námi. Námið er hugsað fyrir fólk með háskólamenntun og um fimm til sjö ára starfsreynslu. „Við erum átta strákar sem erum að útskrifast en yfirleitt hafa verið tveir til þrír Íslendingar í þessum hópi en það hefur vakið mikla athygli hvað við erum margir núna,“ segir Einar Már Guðmundsson, sem stundar nú nám við skólann.

„Það væri hægt að skrifa heila bók um upplifunina af þessu öllu. Má þar til dæmis nefna þá gremju sem við finnum fyrir frá sumum Dönum í garð Íslendinga en andinn er svolítið þannig að enginn má vera öðrum fremri. Það var til dæmis mjög viðkvæmt þegar Baugur keypti Magasín og um daginn þegar ég var að sækja dóttur mína í skólann kom kennarinn glottandi með forsíðuna á Børsen þar sem stóð að allt væri að fara til fjandans á Íslandi og það þótti mér dálítið magnað,“ segir Einar. Hann hefur orðið var við umræðu um að nú sé að koma í ljós að íslenska undrið hafi allt verið bóla sem sé að springa.

Einar hefur þó líka margt gott um dvöl sína í Danmörku að segja og er hann afskaplega ánægður með námið. „Ég var framkvæmdastjóri áður en ég kom hingað og mér fannst ég þurfa að bæta kunnáttu mína í fjármálum og fleiru. Námið er sniðið að þeim þörfum. Það veitir almennan skilning á því að vera stjórnandi og það er verið að þjálfa stjórnendur í að verða betri í sínu starfi.“ Bakgrunnur nemenda er fjölbreyttur. Þó er gert ráð fyrir að þeir hafi nokkurra ára reynslu af vinnu- og markaðnum svo þeir hafi eitthvað fram að færa. „Náminu svipar til samþærilegs náms í Háskólanum í Reykjavík nema að það er tveggja ára nám hugsað með vinnu,“ útskýrir Einar en hann telur að þótt álagið í árslöngu MBA-námi sé



Einar Már flutti alla fjölskylduna með sér til Kaupmannahafnar og una þau þar hag sínum vel. Hann vill gjarnan prófa að starfa í Danmörku að námi loknu.



mikið sé ekki síður erfitt að stunda svona nám með vinnu.

Ástæðan fyrir að Íslendingar í náminu eru mun fleiri en Danir er að mati Einars einna helst sú að Danir eru almennt ekki tilbúnir að greiða nám sitt dýru verði. „Námið kostar tvær og hálf milljón. Síðan kemur fólk alls staðar að úr heiminum en það er stutt fyrir okkur Íslendinga að fara og fjölskylduvænt umhverfi,“ útskýrir Einar, sem flutti fjölskylduna með sér til Danmerkur. Það er alltaf mikil breyting að koma sér fyrir í nýju landi en Einar naut þar dýrmætrar aðstoðar. „Stór hluti Íslendinga sem flyst til Danmerkur hefur notið aðstoðar Sigrúnar Þormar sem er íslensk kona, búsett í Danmörku. Hún sérhæfir sig í að aðstoða Íslendinga við að koma sér fyrir.“

Frábær til íþróttaiðkunar jafnt og fyrir daglegt amstur.

Sölustaðir: Hagkaup, Náttúrulækningabúðin og Kaup.is



Hlíðasmára 14 • 201 Kópavogur
Opíð mán - fös 11-18 og lau 11 - 17
Sendum frítt um land allt

ATVINNA

VANTAR ÞIG SMÍÐI, MÚRARA, JÁRNABINDINGAMENN EÐA HJÚKRUNARFRÆÐINGA?

Höfum á skrá fólk sem að óskar eftir mikilli vinnu. Getur hafið störf nú þegar.

Proventus starfsmannapjónusta s. 661 7000

TIL LEIGU

ATVINNUHÚSNÆÐI

STÓRAR INNKEYRSLUDYR OG GÓÐ LOFTHÆÐ

Til leigu 400-1000 m² atvinnuhúsæði á Dalvegi 24. Stórar innkeyrsludyr og góð lofthæð.

Upplýsingar hjá Birgi í síma 690 6001.



STYRKIR

Eignalóðir

Eignalóðir í Galtarholti Borgarfirði. Lóðirnar eru klónaðar 1-80.

Verð á lóð með þús frá kr. 3.200.000

Uppl. gæla Kjartan í s. 822 3449

og Reynir í s. 883 9779

Ath. mjög tillagt kjartí væð land.



Glæsilegar fánastangir

Höfum til sölu vandaðar 6 metra fellanlegar fánastangir úr glössfiber og með gyltum hún. Þær henta einstaklega vel fyrir framan einbýlishúsið eða sumarhúsið.

kr. 34.990.-

BROS Bros - Gjalaver ehf.
Norðlingabraut 14
Sími 569 9000
sala@bros.is

www.bros.is • 569 9000

Húsafell

Sumarbúst. á besta stað í Húsafelli til leigu í sumar. Uppl. í s. 895 6156. - Geymið auglýsinguna.

Geymsluhúsnæði

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 20 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar. www.buslodageymsla.iceware.net

Bílskúr

Til leigu 24 fm bílskúr á Flyðrugrandu. 35000 kr á mánuði. Uppl. í síma 8964409.

Vantar bílskúr til leigu undir geymslu á búslóð og fjórholi helst á sv. 112 -113 -270. S. 856 5761.

ATVINNA

Atvinna í boði

starf.is

Nú er rétti tíminn til að breyta til.

SÍMSTÖÐIN
Lattu okkur gjá um símann

Kvöld og helgarvinna

Okkur vantar öflugt og skemmtilegt fólk til starfa! Ekki síður skemmtilegt fullorðið fólk. Hringdu núna í síma 575 1500 simstodin@simstodin.is www.simstodin.is

Málarar Athugið!

Óskum eftir málurum eða vönum mönnum í fullt starf eða sumarstarf. Mikil vinna í boði og íslenskukunnátta nauðsynleg.
Upplýsingar í síma 857 0900.

miðlun

Vilt þú starfa í söluverinu okkar?

Miðlun ehf rekur söluver sem annast fjölbreytt verkefni fyrir öflug og góð fyrirtæki.

Starfið er mjög fjölbreytt og unnið við góðar vinnu- aðstæður. Starfsfólk þarf að hafa áhægi af mannlegum samskiptum og vera áhugasamt og iðíð. Miðlun býður starfsþjálfun fyrir nýtt starfsfólk.

Við leitum að fólki til kvöld- og helgarvinnu í símaverum okkar í Reykjavík og Akureyri. Þeir sem hafa áhuga á að starfa með okkur eru beðnir að hafa sambandi við Andra í netfangið andri@midlun.is

Viltu vinna vaktavinnu?

Hlöllabátar Þórðarhöfða óska eftir duglegu og hressu fólki í vaktavinnu. Mikil að gera. Íslenskukunnátta skilyrði. **Hlöllabátar Þórðarhöfða. S. 892 9846.**

Matreiðslumaður óskast

Óskum eftir matreiðslumanni sem fyrst. Í boði er sumararfeislingar eða framtíðarstarf. **Upplýsingar og umsóknir á www.kringlukrain.is eða í s. 863 8900.**

Hrói Höttur

Hringbraut 119. Óskar eftir starfsfólki um er að ræða bæði dag, kvöld og helgarvinnu. **Upplýsingar í síma 844 6292, Eva, milli kl. 12- 15 eða sendið umsókn á eva@hroi.is**

Loftorka Reykjavík

Óskar eftir vönum manni á valtara í malbikunarframkvæmdir. **Upplýsingar í síma 565 0875 & 892 0525.**

Bettís

Starfsfólk óskast í afgreiðslu- störf á kvöldin og um helgar. Yngri en 18 ára kemur ekki til greina. Íslenskukunnátta skilyrði. **Upplýsingar í síma 899 8212.**

Veitingahúsið - Lauga-ás.

Okkur vantar áhugasaman og lífsglaðan starfskraft í sal og starfskraft í uppvask og aðstoð í eldhúsi. Góður starfsandi. Góð laun fyrir réttan aðila. Íslenskukunnátta skilyrði. **Nánari upplýsingar á staðnum. Veitingahúsið Lauga-ás, Laugarásvegi 1. S. 553 1620.**



Vaktstjóri á Pizza Hut Sprengisandi

Laus staða vaktstjóra á Pizza Hut Sprengisandi. Um er að ræða framtíðarstarf. Starfið felst í: stjórnun vakta, þjónustu og mannastjórnun í samráði við veitingastjóra. Hæfniskröfur: Þjónustulund, samvirksemi, reglusemi, hæfni í mannlegum samskiptum. Lágmarks aldur er 22 ár. Áhugasamir sendi inn umsókn á www.pizzahut.is. Nánari uppl. hjá Þórey veitingastjóra í síma 822-3642.



Vantar þig hlutastarf í sumar og næsta vetur?

Pizza Hut leitir að duglegu og stundvísu starfólki. Um er að ræða störf í veitingasal og í eldhúsi. Lágmarksaldur er 18 ára. Umsóknir sendist á www.pizzahut.is. Allar nánari upplýsingar hjá Þórey á Sprengisandi í síma 822-3642, Leó Nordica 865-9691 og Abdul í Smáralind í síma 692-9759.

Gluggasmiðjan, Viðarhöfða 3

Reykjavík, óskar eftir að ráða bílstjóra til starfa á vörubíl fyrirtækisins. **Upplýsingar gefur Búi Guðmundsson í síma 577 5050 og á staðnum.**



Veitingastaðurinn Carpe Diem

Veitingarstaðurinn Carpe Diem Rauðarstíg leitir eftir duglegu fólki til starfa strax í sal og morgunmat. Ef þú ert 18 ára eða eldri, dugleg/ur og stundvís og vilt vinna á skemmtilegum vinnustað endilega hafðu samband í síma 6956701 eða 6956702 eða kaktu til okkar.

Thorvaldsen er að leita að duglegum vaktstjóra sem þolir mikið álag. Ekki undir 24 ára og þarf að hafa einhverja reynslu. Eru einning að leita að fólki í kvöld og helgarvinnu. Uppl. veitir Kristín í s. 6163001 eða Rósa Amelía í s. 8447978

Óska eftir hörkuduglegum starfsmönnum í slátt. Uppl. í s. 821 2676 á milli 15-19.

Vantar starfsmenn í útvinna og 2 gröfsmenn. Uppl. í s. 820 5860.

Vatnsvirkni ehf.

Óskum eftir að ráða starfsmenn í jarðvinnu og aðstoðarmenn við pípuálagning. Bæði sumar- og framtíðarstjóri í boði. Uppl. í s. 517 0116 / 821 4787.

Fiskvinnsla

Starfsfólk vantar í fiskvinnslu í Hafnarfirði. Uppl. í s. 896 3180.

Framtíðarstarf

Okkur vantar vana menn til stafa við smíði & uppsetningu á álguggum. Mjög góð vinnuástaða, góða laun fyrir góða menn. Uppl. sendast á algluggar@algluggar.is Algluggar JG, Flugumýri 34, 270 Mosf.

Potrzebujemy kobiety do pracy (fil-etowanie). Zapewniamy zakwaterowanie. Blizsze informacje pod nr tel. 567 7040/8993199.

Handflakari. Handflakari óskast í hálf dagsstarf. Flakarar á öllum aldri koma til greina. Nánari upplýsingar í síma 567 7040 & 899 3199.

Óska eftir vönum meirapróbílstjóra til framtíðarstarfa (trailerinnna). Uppl. í s. 844 5270.

Íslensk hönnun til útlanda. Leitum að öflugum aðilum í markaðsetningu erlendis. Uppl. á www.katina.is eða Brynjar s. 823 1990.

Ömmu sem er hreyfihömluð vantar aðstoð við að laga til, tilvalið fyrir grunn-skólafólk. Uppl. í s. 661 8728.

Sjómann vanan netaveiðum vantar á 80 tonna netabát sem gerður er út frá Suðurnesjum. S. 892 5522.

Vélstjóra

Yfirvéstjóra 1000hó vantar á MB Mörtu Ágústsóttir frá Grindavík til netaveiða frá 1 júní. S. 426 8286 & 894 2013.

Saxás ehf.

Smíðir, eða vanir menn óskast í móta- uppslátt og fleira. Uppl. í s. 699 7111.

Starfsfólk óskast til ræstingarstarfa 2x í viku, sveigjanlegur vinnutími. Uppl. í s. 894 3013.

Glæsilegar stelpur og hraustir strákar óskast í skemmtilega vinnu. Uppl. í s. 894 4141.

Atvinna óskast

Vantar þig Smíði, múra eða járnabindingamenn?

Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Geta hafði störf nú þegar. **Proventus starfsmannabjónusta s. 661 7000.**



B.SJ Gröfubjónusta Getur bætt við sig verkefnum. Tekur að sér bæði Stór sem smá verk. Uppl. í síma 866 1500.

20 ára Stákur leitir skemtilegar vinnu, helst um eða yfir 200 tíma á mánuði Smári 8234687

TILKYNNINGAR

Einkamál

SÍMAÞJÓNUSTUR

Stefnumót
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (fritt, karlar)
555-4321 (fritt, konur)
Spjall
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (fritt, konur)
Gay spjall
535-9988 (kreditkort)
Sögur
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
Spjaldómur
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

Símaþjónusta Spjaldómur

S. 908 6666 Opið allan sólarhringinn.

908 6666

Við viljum vera sumardisinnar þínar í nótt. Opið allan sólarhringinn.

Tilkynningar

Uppboð óskilamuna hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu
Laugardaginn 31. maí n.k. kl. 13.30 fer fram árlegt uppboð óskilamuna. Uppboðið verður haldið í húsnæði Króks, Suðurhrauni 3, Garðabæ. **Lögreglustjórnin á höfuðborgarsvæðinu.**



Frímerkjasýning
Frímerkjasýning haldin í tilefni af 40 ára afmæli Landssambands Íslenskra frímerkjasafnara. **Haldin í Síðumúla 17, Reykjavík. Opnunartími: Föstudagur 23. Maí frá kl. 17-20**

Laugardagur 24. Maí frá kl. 13-17

Sunnudagur 25. Maí frá kl. 13-16.

TIL LEIGU

Tækifæri!!

Íbúðarhús til leigu.

Frá miðjum júní er til leigu ca. 185 fm. íbúðarhús í hverfi 105. Hægt er að skipta húsinu niður í allt að 7 leigueiningar, hver eining frá 12 til 20 fm., eða íbúð á tveimur hæðum og leiguherbergi í kjallara. Lýsing, neðri hæð: Ytri og innri forstofa, eldhús og tvær stofur. Efri hæð: Tvö stór herbergi (annað er notað sem skrifstofa í dag) og glæsilegt baðherbergi. Hægt er að leigja út frá sér í kjallara, þar eru tvö stór herbergi og 3 geymslur, þær mætti nota til að útbúa eldunaraðstöðu. Þá er bílskúrinn innréttaður sem íbúðarherbergi. Gegnt er úr bílskúr inn í húsið svo nota má salernisaðstöðu í kjallara fyrir bílskúrseiningu. Sér inngangur er bæði í bílskúrseiningu og í kjallara.

Áhugasamir sendi tilboð merkt "Norðurmýri 2008" í afgreiðslu fréttablaðsins fyrir lok maí mánaðar.

FASTEIGNIR

Vallakór 1-3, Kópavogi

AÐEINS ÞESSA HELGI – VANDAÐ PARKET FYLGIR HVERRI KEYPTRI ÍBÚÐ OPIÐ HÚS LAUGARDAG OG SUNNUDAG FRÁ KL. 13.00-14.00. SÝNINGARÍBÚÐ Á 1. HÆÐ (104).
Sölumenn Eignamiðlunar sýna þér þessar glæsilegu íbúðir sem PG-verk byggir afhendast í júní n.k.

Allt að 95% lán til 25 ára í boði frá byggingaraðila



Íbúðirnar eru 3ja – 4ra herbergja á bilinu 115 fm – 133 fm. Um er að ræða lyftuhús. Staðið í bílagæmslu fylgir öllum íbúðum og er inngangur í bílagæmslu. **Sér inngangur af svalagangi í íbúðirnar.** Arkitekt er Kristinn Ragnarsson. **Innréttingar eru frá HTH (Bræðurnir Ormsson).** Valdar hafa verið höldulausar innréttingar. Annars vegar er um að ræða hvítar sprautulakkaðar innréttingar og hins vegar hvítar eik. Innihurðir eru hærra en gengur og gerist og eru hvítar. Íbúðunum fylgir uppbyggð og innbyggður ísskápur. **Húsið er staðsett steinsnar frá einni stærstu og glæsilegustu íþróttamiðstöð landsins, Íþróttakademíu Kópavogs. Eins eru góðar gönguleiðir og útivistarsvæði í næsta nágrenni.**

EIGNAMIÐLUN
sala fasteigna í 50 ár

Sími: 588 9090

Síðumúla 21 - www.eignamidlun.is - eignamidlun@eignamidlun.is - Fax: 588 9095

Sverrir Kristinsson löggiltur fasteignasali

ATVINNA

ie Iceland excursions GRAY LINE ICELAND
Allrahanda

Bifreiðastjórar / Bus drivers Athugið - Óskum eftir að ráða í nokkur störf bifreiðastjóra með rútuþróf.

Góð tungumálakunnátta æskileg.

Nánari upplýsingar gefur Rúnar í Síma:

540-1303 / 660-1303

Netfang: runar@iea.is

Iceland Excursions Allrahanda er ahlíða ferðaþjónustufyrirtæki og ferðaskrifstofa í örum vexti. Fyrirtækið kappkastar að veita góða og persónulega þjónustu við ferðamenn á Íslandi.

Við leitum að drifandi einstaklingum sem vilja verða hluti af skemmtilegum hóp í góðu starfsumhverfi.

AÐALFUNDUR 2008

Aðalfundur Alliance française verður haldinn laugardagur 31 maí 2008 kl.14:00 í húsakynnum félagsins (Tryggvagötu 8).

Fundarefni: venjulega aðalfundarstörf.

VÍSIR.IS
"...ég sá það á vísi"

Aðalfundur ÍFR 2008

Aðalfundur Íþróttafélags fatlaðra í Reykjavík verður haldinn Laugardaginn 31.maí 2008 kl. 14.00 í íþróttahúsi félagsins að Hátúni 14.

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Önnur mál

Stjórnin

Parftu að leigja?

Rentus
LEIGUMIDLUN

Hringdu í síma 440 6100 eða skoðaðu rentus.is

Auglýsingasími

512 50 50

ATVINNA

**Óskum eftir lærðum smiðum**

í uppsetningu á innréttingum, parketlög, milliveggi og ýmsa aðra innivinnu

Mikil vinna framundan. upplýsingar í síma 8240232

W związku z nawalem zadan poszukujemy wyuczonych stolarzy do montowania mebli, układania parkietów, stawiania scianek działowych i do podobnych prac. Dokładniejsze informacje pod telefonem

BETRI HÍBÝLI Hyrjarhöfða 8 Reykjavík. S. 824 0232

FASTEIGNIR

REFSHOLT 12, SKORRADALSHREPPI

Nýtt íbúðarhús/frístundahús á fallegum stað að Hálsun, Skorradal, á eignarlöð. Húsið er 88,2 ferm. byggt 2007 og fullbúið. Stór sólpallur og heitur pottur.

Á gólfum er parket og flísar, góðar innréttingar.

Til afhendingar með skömmum fyrirvara.

Verð 29.000.000.

Allar nánari upplýsingar á skrifstofu.

**LIT ehf., Borgarnesi
Ingi Tryggvason hdl. lögg. fast.s.
s. 437 1700, gsm 860 2181
netfang: lit@simnet.is**

HÍBÝLI OG SKIP

Símar 551 7270, 551 7282 og 893 3985

Til sölu eitt hagstæðasta farþegaskip landsins



Skipið tekur 90 farþega auk áhafnar. Skipið hentar mjög vel í hvers kyns ferðamannþjónustu, í hvalaskoðun, sjóstanga-veiði og m.fl. Fjármögnunarmöguleikar til staðar.

Nánari upplýsingar og myndir á hibiogskip.is, og á skrifstofu s. 892 6113 & 893 3985

Purður Halldórsdóttir hdl., lögg. fasteigna- og skipasali
www.hibiogskip.is - hibiogskip@hibiogskip.is

- TRAUST Í VIÐSKIPTUM -



Elisabet Agnarsdóttir
Lögg.fast. / Framkv.stjóri



Ásdís Ósk Valsdóttir
Lögg. fast. Sölufulltrúi 863 0402



Stefán Páll Jónsson
Lögg.fast. Sölufulltrúi 821 7337



Bergur Heiðar Birgirsson
Sölufulltrúi 898 0419



Arnar Á Evarsson
Sölufulltrúi 822 7441

RE/MAX
Skeifan

NÝTT OG GLÆSILEGT 14 ÍBÚÐA HÚS VIÐ BRÁKARBRAUT 4-8 Í BORGARNESI

**90%
lán**

Brákarbraut 4 – 4 íbúðir, **ein seld**

Brákarbraut 6 - 2 íbúðir

Brákarbraut 8 – 8 íbúðir

Fallega hannaðar og bjartar íbúðir á friðsælum stað sem henta jafnt fjölskyldufólki sem einstaklingum. Einnig frábærar fyrir félagasamtök. 2ja - 6 herbergja íbúðir á einni eða tveimur hæðum. Allar með sérinnngangi.

Brákarbraut 4 er staðsett á frábærum stað miðsvæðis í Borgarnesi, þar sem stutt er í alla þjónustu. Grunnskólinn, íþróttavæðið og sundlaug er í nokkurra mínútu göngufjarlægð frá húsunum. Íbúðirnar skilast fullbúnar að utan og innan með gólfefnum og vönduðum innréttingum og tækjum, s.s. ísskáp.

Upplýsingar veitir Stefán Páll gsm 821 7337

„Í vinnslu er frumvarp í viðskiptaráðuneytinu um greiðslu-aðlögun fyrir fólk sem lendir í greiðsluferfiðleikum og til skoðunar er hvort og þá hvernig hægt verði að taka á þeim málum í gegnum Íbúðalánasjóð. Það sem skiptir meginmáli er að fólk hafi þak yfir höfuðið og missi ekki húsnæðið. Þar munum við reyna að hjálpa. En við getum ekki bjargað öllu. Ef fólk hefur farið offari í öðrum fjárfestingum og neyslulánum á slík aðstoð ekki við með sama hætti. Stjórnvöld redda aldrei bílalanunum svo dæmi sé tekið.“

Ingibjörg segir söguna sýna að það skiptist á skin og skúrir í efnahagsmálum eins og í lífinu sjálfu og það viti allir. „Þá er bara að setja undir sig hausinn og reyna að vinna sig í gegnum erfiðleikatímabilið. Við Íslendingar erum ekki óvön því og við munum gera það nú sem endranær.“

ESB er langtímamarkmiðið

Ingibjörg segir að líkt og vanalega séu efnahagsmálin stærsta viðfangsefni stjórnmalanna fram undan enda grunnurinn sem allt hvíli á. Sökum efnahagsástandsins hér og annars staðar í heiminum séu málin flóknari en áður. „Það er ljóst að við þurfum að takast á við samdrátt í tekjum ríkissjóðs þannig að það verður flóknara og erfiðara að koma saman fjárlögum en á undanförunum árum þegar tekjuafgangurinn var umtalsverður vegna mikilla umsvifa í samfélaginu.“ Við þær aðstæður verði vandasamara en ella að búa til svigrúm til áframhaldandi uppbyggingar velferðarþjónustunnar.

Ingibjörg hefur ekki farið leynt með þá skoðun sína að aðild að Evrópusambandinu og upptaka evru geti styrkt efnahagskerfið til langframa. „Það er langtímamarkmiðið. Það er ekki lausn á vandanum sem við glímum við núna. En til lengri tíma lítið held ég að það eigi að vera stefnumiðið. Vandinn sem við eigum þar við að etja er hins vegar sá að ekki er um það pólitísk sátt í samfélaginu. Ég held hins vegar að það ætti ekki að vera um það ágreiningur að mikilvægt sé að við stefnum að því að uppfylla þær kröfur sem aðild að myntbandalaginu gerir til Evrópuþjóðanna. Það eru bara hyggindi sem í hag koma.“

Samráðsstjórnmalin eru best

Stefna stjórnarflokkanna í Evrópumálum er ólík. Ingibjörg segir það í lagi enda vitað að munur væri á skoðunum. Hún bendir þó á að afstaða flokkanna sé byggð á hagsmunamati og þó að Sjálfstæðisflokkurinn telji ekki tímabært að hefja aðildarviðræður við Evrópusambandið líti hún svo á að það sé ekki ógerlegt út frá pólitískri hugmyndafræði flokksins.

Annað dæmi um ágreining milli flokkanna skaut upp kollinum í vikunni. Samfylkingin er andvíg ákvörðun sjávarútvegsráðherra um hrefnuveiðar. „Þegar svona skoðanamunur kemur fram skiptir máli að hann sé uppi á borðum. Það er ekki verið að fela neitt, það er ekki verið að skrúfa menn niður eða kúga þá til hlýðni,“ segir hún og telur það merki um styrkleika að flokkar geti unnið vel saman þó að uppi sé ágreiningur um einstök mál. „Aðalatriðið er að samstarfið er sterkt þrátt fyrir skoðanamun í tilteknum málum. Það er ekki ágreiningslaust en það er árekstralaust. Hin frjálsu skoðanaskipti við ríkisstjórnarborðið eru einfaldlega góð vinnubrögð, einstök stjórnarfrumvörp hafa tekið miklum breytingum og útkoman verður betri fyrir vikið. Ég hef alltaf sagt að samráðsstjórnmal séu best og skili bestri stjórnarframkvæmd.“

Enn eitt ágreiningsmálið er stóridjuframkvæmdir. Ráðherrar Sjálfstæðisflokksins hafa margsinnis lýst sig hlynnta álveri í Helguvík en Ingibjörg Sólrún og fleiri framámennt Samfylkingarinnar eru því andvígir. Ingibjörg segir orkuöflun til álvers í Helguvík í óvissu eftir úrskurð Skipulagsstofnunar um Bitruvirkjun. Helguvíkurálver hafi þó verið komið úr höndum stjórnvalda. „Ég dreg ekki dul á að ef stjórnvöld hefðu haft tæki til að stýra þessu

þá hefði ég heldur viljað að byggt væri upp á Bakka við Húsavík en í Helguvík. Til lengri tíma lítið eru svo mörg önnur tækifæri til

Samfylkingarinnar 26 prósent, eins og í könnun Fréttablaðsins sem gerð var um miðjan apríl. Það er nokkuð lægra en í mars en svip-

umfram Sjálfstæðisflokkinn, hvort sem það er sanngjarnt eða ekki. Svo þegar harðnar á dalnum og menn sjá fram á þrengingar og

bundnu andstreymi og söknum þess ekki að vera í stjórnarandstöðu og græða á efnahagsþrengingum í skoðanakönnunum. Við ætlum að skila þjóðinni sterkara samfélagi og vinna kosningar á góðum verkum,“ segir hún. Samstarfið við Geir H. Haarde forsætisráðherra er gott, að sögn Ingibjargar. „Við eigum mjög gott samstarf, erum hreinskiptin og meðvituð um að við þurfum að semja okkur að niðurstöðu. Við þurfum að láta hlutina ganga þannig upp að engum finnst að gengið sé á hans hlut, hvorki einstökum ráðherrum né flokkum,“ segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir. „Geir er mjög reyndur stjórnmaður og hefur þá rósemi hugans sem mikilvæg er á erfiðum augnablikum. Hann veit að sá kann margt sem bíða kann, sem er mikilvægur eiginleiki góðs stjórnmálmanns.“

„Það er ljóst að við þurfum að takast á við samdrátt í tekjum ríkissjóðs þannig að það verður flóknara og erfiðara að koma saman fjárlögum en á undanförunum árum þegar tekjuafgangurinn var umtalsverður vegna mikilla umsvifa í samfélaginu.“

atvinnuuppbyggingar á Reykjanesi og á höfuðborgarsvæðinu.“

Ætlum að skila sterkara samfélagi

Í aprílkönnun Capacent á stjórnmalaviðhorfinu mældist fylgi

ad og í kosningunum fyrir ári. Mat Ingibjargar er að Samfylkingin hafi í fyrri könnuninni notið góðs af réttarbótum ríkisstjórnarinnar í velferðarmálum. „Ég held að við höfum notið góðs af því, kannski

óvissu bitnar það meira á okkur. Við erum nýr flokkur í ríkisstjórn og væntingarnar miklar. Þar af leiðandi eru vonbrigðin kannski meiri þegar á móti blæs. En við erum fólk til að taka tíma-

Gæða húsgögn á frábæru verði

Fáanlegt í Smáralind, Holtagörðum



ÞÚ SPARAR 80.000kr

159.000kr

Verð áður 239.000.-

Sófasett 3+1+1 8183

VISA Lán



ÞÚ SPARAR 84.000kr

155.000kr

Verð áður 239.000.-

Hornsófi 2+h+2 6689

VISA Lán



135.200kr

Fullt verð 169.000.-

3ja sæta sófi

63.200kr

Fullt verð 79.000.-

Hægindastóll

VISA Lán

DUPEN RÚMIN komin aftur



Ný sending af
120x200cm, 150x200cm
og 180x200cm



BORÐSTOFUSTÓLAR Á SPRENGITILBOÐI

OPIÐ
til 20
alla daga

Allir borðstofustólar á
9.990.-

Gildir til 29. maí eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð



Í Safnasafninu á Svalbarðsströnd en það var annar áfangastaður í Oddaflugi. Frú Dorrit er að virða fyrir sér skúlptúr eftir Rósu Petrínu Jónsdóttur. Oddaflug reyndi víða á furðu þeirra sem í ferðina komust en á nær öllum viðkomustöðum var ekki aðeins boðið upp á hefðbundin verk heldur líka ögrandi og stundum spottandi tilraunir.

Hratt til heiða

Listahátíð í Reykjavík var rétt sett þegar lagt var í hann með stóran hóp myndlistarmanna og blaðamanna og flogið norður heiða til Akureyrar og síðan austur á Egilsstaði til að skoða myndlistarsýningar. Fimm staðir voru heimsóttir: Listasafn Akureyrar, Safnasafnið, Eiðar, Sláturhúsið á Egilsstöðum og Skaftfell á Seyðisfirði. Hvarvetna var beini góður og sól náði að brjótast fram á ferðalanga þótt vorið væri ókomið nyrðra og eystra. **Páll Baldvin Baldvinsson** og **Stefán Karlsson** slógust í för í þessu Oddaflugi eins og ferðin er kölluð af Listahátíð.



Steinunn Vasulka eltist við gerningamann Björns Roth og félagi fyrir austan þar sem málað er á malbikið með mjólk, ávaxtagraut, krömdum ávöxtum og fleiru.



Grafa kremur fjórar litfylltar ryksugur. „Er þetta gagnrýni á neyklusamfélagið?“ tautaði hagvanur maður í fræðaheiminum. Dr. Ruth var gripin sparsemi: „Sá sem eyðileggur fjórar ryksugur hlýtur að vera auðugur maður. Það er margt fólk í heiminum sem á ekki ryksugu.“



Einn hinna erlendu blaðamanna sem í ferðinni voru virðir fyrir sér tómlega vegg í Sláturhúsinu gamla á Egilsstöðum sem sveitarstjórn er að breyta hægt og rólega í menningarhús fyrir ungt fólk á Héraði og aðsetur fyrir tilraunir í listum.



Aðalsteinn Ingólfsson innan um verk Aðalheiðar S. Eysteinsdóttur á Safnasafni - Alþýðulistasafni Íslands. Höggmyndir Aðalheiðar eru sérstakar og þær sem eru nafnkenndar bera sterkan svip af fyrirmyndunum.



Það var svalt í sólinni á planinu framan við Sláturhúsið á Egilsstöðum en drygklanga stund settust gestir upp við húsvegginn og nutu blíðunnar. Sumir gerðu betur og hölluðu sér á grasríma neðan við bílplanið hjá húsinu. Frú Dorrit liggur flötum beinum og herra Ólafur Ragnar kominn í símann.



Nemendur í Klassiska listdanskólanum í Reykjavík klífruðu upp eftir gamla brunastíganum á heimavistinni gömlu á Eiðum, dönsuðu fritt um grundir og stéttir og skemmtu gestum.



Gimsteinar í námu. Með vasaljós að vopni fóru gestir inn í niðurniddan sal í Sláturhúsinu á Egilsstöðum og í myrkrinu glitruðu similusteinar í verki Söru Björnsdóttur.



Erna Ómarsdóttir og Fjöllistahópurinn SkyrLee Bob sýndu í plastklæddu búi á efri hæð Skaftfells. Stefáni fannst Erna æðisleg, en meðan Páll dvaldi við gerninginn kúrdi hún á hnjúnum ofan í sængurveru úr Rúmfatalagernum sem hafði ekki mikil áhrif – á hann.

SPORT 2

Stórkostlegir heimildabættir um 10 bestu knattspyrnumenn Íslands fyrr og síðar. Öll þriðjudagskvöld í sumar.



10bestu
Pétur Pétursson

**FYRSTI ÞÁTTUR Á ÞRIÐJUDAG KL 21:00
FYLGSTU MEÐ FRÁ UPPHAFI**

Kolsvört flóð og fjara

Stórslys vegna olíuflutninga á sjó eru sjaldgæf en þau hafa verið hreyfiaflið að baki alþjóðlegum samningum um varnir gegn mengun sjávar. Eins hafa þau verið tilefni umræðu um umhverfismál í víðum skilningi. Svavar Hávarðsson kynnti sér sögubrot sem tengjast afmörkun siglingaleiða við Íslandsstrendur og tillögum siglingayfirvalda um neyðarhafnir og skipaafdreip.

Strand olíuflutningaskipsins Exxon Valdez í Alaska árið 1989 er það fyrsta sem kemur upp í huga margra þegar rætt er um alvarleg mengunarslys. Fyrir því eru margar ástæður. Líklega hafa fá mengunarslys valdið viðlíka náttúruspjöllum. Eins hefur ekkert mengunarslys fengið meiri umfjöllun nokkru sinni sem skýrist af því að um er að ræða stærsta mengunarslysið í bandarískri sögu. Í kjölfar slyssins var kastljósinu varpað á hættuna sem fylgir því að flytja mikið magn olíu sjóleiðina á milli svæða. Stórslys vegna olíuflutninga á sjó eru sjaldgæf en þau eru hreyfiaflið að baki alþjóðlegum samningum um varnir gegn mengun sjávar.

Stórslys og umhverfsvakning

Olíumengun í hafi var ekki þekkt sem vandamál fyrr en á fyrri hluta 20. aldar, en upp úr 1950 tóku margar þjóðir að setja reglur um losun olíuúrgangs innan eigin landhelgi. Mikil þróun í iðnaðargeiranum varð til þess að olíuviðskipti jukust mikið frá ári til árs og kallaði það á frekari aðgerðir í mengunarslysamálum. Árið 1967 strandaði olíuflutningaskipið Torrey Canyon í Ermarsundi. Þetta var stærsta olíuslysið í sögunni til þess tíma og olli því að mikil umhverfsvakning varð. Tveimur árum síðar ákvað stjórn Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) að halda ráðstefnu þar sem MARPOL-samningurinn var samþykktur sem er grundvallarsamningur um mengun sjávar af völdum skipaumferðar.

Neyðarhafnir

Slysfarir og óhöpp olíuflutningaskipa á árunum í kringum aldamótin 2000 og viðbrögð við þeim urðu til þess að koma hugmyndum um neyðarhafnir og skipaafdreip á dagskrá hjá IMO. Í byrjun ársins 2001 beindust sjónir þeirra sem fást við siglingar og öryggismál að olíuflutningaskipinu Castor og öförum þess. Skip þetta var á leið



ERIKA BROTNAR Ástæða þess að olíuflutningaskipið brotnaði árið 1999 og sökk er talið vera lélegt ástand skipsins. Í réttarhöldum vegna Exxon Valdez-slyssins kom fram að skipstjórnin var undir áhrifum áfengis. Hann valdi siglingaleið sem var erfið fyrir mun minni skip. Kaupskipafloti heimsins er talinn vera um áttatíu þúsund skip og þar af sjó þúsund sem flytja olíu og fljótandi skaðleg efni.

NORDICPHOTOS/AFP

frá Constanza í Rúmeníu til Lagos í Nígeríu fulllestað af olíu þegar rifa kom á bol þess undan ströndum Marokkó á gamlársdag árið 2000. Hvorki Marokkó né Gíbraltar heimiluðu því að koma til hafnar og spænsk yfirvöld gáfu fyrirmæli um að því yrði haldið frá Spánarströndum. Svo fór að hið laskaða olíuflutningaskip var dregið um Miðjarðarhaf í 35 sólarhringa þar til heimild fékkst loks til að setja farm þess á land í Túnis. Var það gert og tókst giftusamlega.


Árið 2002 fórst olíuflutningaskipið Prestige undan Spánarströndum. Þetta slys varð til þess að enn meiri áhersla var lögð á það en áður að efla mengunarslysin, ekki síst á sviði Siglingaöryggisstofnunar Evrópu (EMSA). Þótti sú atburðarás sem varð eftir að olíuflutningaskipið var orðið ósjó-

hæft sýna að þörf væri á útbótum á þessum vettvangi, því unnt hefði verið að halda aftur af útbreiðslu olíumengunarinnar og draga úr afleiðingum hennar með réttum og fagmannlegum viðbrögðum. Lemstrað skipið var dregið á haf út þar sem lítt mögulegt var að fást við olíuhroðann sem frá því barst. Eftir að skipið brotnaði í tvennt og sökk, sex dögum eftir að fyrst var sent út neyðarkall, þótti mörgum sýnt að nauðsynlegt væri að setja alþjóðlegar reglur um afdreip fyrir skip sem hefðu orðið fyrir skemmdum eða laskast. Við þessu hafa íslensk siglingayfirvöld brugðist og gert tillögur um hvar neyðarhöfnum og skipaafdreipum verður best við komið héraendis, eins og fjallað var um í Fréttablaðinu í gær.

Exxon Valdez

Þann 24. mars 1989 strandaði olíuflutningaskipið Exxon Valdez við Prins William-sund í Alaska. Skipið var að koma frá Los Angeles á leiðinni til Valdez í Alaska en sigldi ekki hefðbundna siglingaleið til þess að forðast hafis á leiðinni. Um fjórutíu þúsund tonn af hráolíu láku í hafið innan sex klukkustunda frá strandinu. Olían mengaði 1.400 kílómetra af strandlengju Alaska.

Slysið ógnaði viðkvæmri fæðukeðju sem er undirstaða fiskiðnaðarins á svæðinu og 250 þúsund fuglar, síldarhrogn og milljónir laxa drápuast auk fjölda annarra dýra. Viðkvæm svæði voru afmörkuð og forgangsröðuð og strax hafist handa við hreinsun á ströndum. Hreinsunaraðgerðir voru ekki skipulagðar í tíma og gengu því ekki nógu vel. Það tók meira en fjögur sumur að þrífra upp olíuna á strandsvæðum sem menguðust og náðist þrátt fyrir það ekki að ná allri olíunni upp. Enn finnst þar olíumengaðar strendur sautján árum eftir að slysið átti sér stað. Slysið hafði áhrif á ferðaþjónustu, veiðar og landbúnað. Þetta er stærsta olíuslys sem orðið hefur í bandarískri sögu og eftir slysið var hert á reglum og lögum um mengun sjávar og siglingaleiðum breytt.



Prestige


Hinn 13. nóvember árið 2002 myndaðist stór rifa á olíuflutningaskipið Prestige undan ströndum Spánar sem var á siglingu í vondu veðri. Um borð var 27 manna áhöfn og um 77 þúsund tonn af hráolíu. Áhöfninni var bjargað frá borði og reynt að draga skipið á haf út til að koma í veg fyrir að olían bærist að landi. Skipið þoldi ekki álagið og brotnaði sex dögum síðar um 225 kílómetra frá landi.

Meira en áttatíu prósent af olíunni láku í sjóinn þegar skipið sökk eða um 63 þúsund tonn. Afleiðingarnar voru skelfilegar og mun veri en búist var við í fyrstu. Ströndin mengaðist frá Vigo á Spáni til Brest í Frakklandi eða yfir 1.900 kílómetra langa strandlengju. Um 140 þúsund tonn af olíuúrgangi voru hreinsuð af ströndum Spánar og um átján þúsund tonn í Frakklandi. Mikið af vistkerfi strandsvæðanna varð fyrir verulegri röskun. Það er hugsanlegt að á einstaka svæðum hafi áhrifin orðið til þess að búsvæði ákveðinna lífvera hafi þurrkast út. Talið er að það taki náttúruna um tíu ár að jafna sig eftir slysið. Skipið er enn á hafsbótinni og er erfið að komast að því þar sem það liggur á miklu dýpi. Sérfræðingar telja hugsanlegt að olía eigi eftir að leka úr skipinu í nokkur ár og getur það valdið langtímaáhrifum á strandsvæðum Spánar og Frakklands.




Erika

Hinn 11. desember 1999 varð vart við vélarbilun í olíuskipinu Erika þegar það var að sigla um Biskajafloa á leið sinni frá Dunkerque í Frakklandi til Livorno á Ítalíu. Skipstjórnin sendi strax út neyðarkall en fljótlega lét hann vita að allt væri komið í samt lag. Um kvöldið fór að sjást sprunga á skrokk skipsins. Morguninn eftir tilkynnti skipstjórnin að skipið væri að brotna í sundur. Allt tiltækt björgunarlið var sent af stað við mjög erfið veðurskilyrði en það náðist að bjarga áhöfninni heilu og höldnu frá borði. Tveimur tímum síðar þegar verið var að reyna að draga skipið frá landi, brotnaði það í tvennt um sextíu kílómetra suður af Bretlandi og sökk sömu nótt. Um borð voru 31 þúsund tonn af hráolíu og um tuttugu þúsund tonn láku út í umhverfið. Talið var að olían myndi ná að veðrast áður en hún ræki upp í fjörur en sú varð ekki raunin. Fyrstu áhrifa olíumengunar varð vart ellefu dögum eftir slysið, hinn 23. desember. Um 500 kílómetra löng strandlengja mengaðist og hluti hennar var hulin 5 til 30 sentimetrar þykku og nokkurra metra breiðu olíulagi. Fugladauðinn er talinn vera sá mesti sem orðið hefur eftir mengunarslys. Mengunin hafði mikil áhrif á ferðamannaíðnað og sjávarútveg.



→ STÆRSTU OLÍUMENGUNARSLYSIN Í EVRÓPU



VOR ÚTSALA

ASUS

**FERÐATÖLVUR
MARGAR GERÐIR**

VERÐ FRÁ 59.990
AFSLÁTTUR ALLT AÐ 80.000

**SJÓNVÖRP Í ÖLLUM STÆRÐUM OG
GERÐUM Á FRÁBÆRU ÚTSÖLUVERÐI**

PHILIPS JVC Panasonic GRUNDIG Dantax UNITED enox.

TUGPÚSUNDA AFSLÁTTUR

15" LCD SJÓNVARP

FULLT VERÐ 34.990

TILBOÐ 24.990

32" TOPP LCD TÆKI

FULLT VERÐ 169.990

TILBOÐ 114.990

enox AFSL. 10.000 / 28%
JVC AFSL. 55.000 / 32%
LOKADAGUR

FULLT VERÐ 199.990
TILBOÐ 139.990

JVC AFSL. 60.000 / 30%

FULLT VERÐ 149.990
TILBOÐ 49.990

JVC AFSL. 30.000 / 37%

HARMAN KARDON HLJÓMTÆKI MEÐ ALLT AÐ 35% AFSLÆTTI
JBL HLJÓMTÆKI MEÐ ALLT AÐ 50% AFSLÆTTI
BÍLTÆKI OG HATALARÁN MEÐ BÆRIS VERÐI
OPIÐ 10 - 16

JVC

KENWOOD

JBL

Panasonic

STAFRÆNAR MYNDAVÉLAR FRÁ 9.990 - FRÁBÆR KAUP

OLYMPUS

CASIO

Panasonic



Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk
MINNISKORT

ALLAR GERÐIR

Að fara á mis við allsnægtir

Fjölskylduhjálpin í Eskihlíð úthlutar á hverjum miðvikudegi matarkörfu til þeirra sem á þurfa að halda. Jón Sigurður Eyjólfsson fór á vettvang og reyndi að glöggva sig á því hvað skilur á milli þeirra sem bíða í biðröðinni og hinna sem búa við allsnægtir.

Hugmyndir margra um forstjóra eru oft tengdar glamúr með kampavíni, vindlum og veislum í kóngslegu föruneyti þar sem neytt er á meðan á nefinu stendur. Eflaust á þessi hugmynd mikið skylt við það sjónvarpsefni sem við horfum á en að einhverju leyti tengist það íslenskum raunveruleika. Hermanns Ragnarssonar, forstjóra fyrirtækisins Flotmúrs, bíður hins vegar hlutverk á hverjum miðvikudegi sem á ekkert skylt við slíkt lífverni. Þá fer hann í Fjölskylduhjálpinu í Eskihlíð og leggur sitt af mörkum svo að þeir sem þurfa eru fái sína matarkörfu.

„Þetta byrjaði kannski ekki af góðu,“ segir Ragnar þegar blaðamaður truflaði hann við þetta starf. „Ég var tekinn próflaus á bíl og var dæmdur til að sinna svokallaðri samfélagshjálpi, þannig að í raun var ég neyddur til að koma hingað. En í rauninni er ég afar þakklátur fyrir að hafa kynnst þessu starfi sem hér fer fram. Hér er fullt að fólki að leggja á sig mikla vinnu sem enginn hefur neytt það til. Og þessi vinna er greinilega afar mikilvæg fyrir fjölda fólks.“ Þó hann hafi tekið út sína refsingu er ekkert fararsnið á Hermannni því hann hefur verið kosinn í stjórn Fjölskylduhjálpar og er tilbúinn að láta heldur betur til sín taka.

En hvernig var fyrir forstjóran að koma þangað fyrst. „Ég vissi auðvitað að fátækt væri til í landinu en ég hélt að sveitarfélögin kæmu því fólki til aðstoðar eins og þeim ber reyndar skylda til en ég sé í þessu starfi mínu að það er langur vegur þar frá.“

Flotmúr er fyrirtæki sem fæst við að fullhanna gólf svo viðfangsefnið sem Hermann fæst við á einum degi geta vissulega verið afar ólík. „Eitt af verkefnum sem við erum með er í 850 fermetra sumarhúsi í Borgarfirði svo það eru nokkur viðbrögð að hverfa af þeim vettvangi og fara niður í Fjölskylduhjálpinu þar sem allsnægtirnar eru víðsfjarri,“ segir hann.

Gæfan skilur á milli

Andrúmsloftið var vissulega nokkuð þrúganandi þegar blaðamaður lagði leið sína í Fjölskylduhjálpinu síðasta miðvikudag þegar verið var að úthluta matarkörfu. En starfs-

“Ég hef búið hjá vini mínum í eitt og hálf ár því ég fer nú ekki inn á þennan leigumarkað, þá bý ég nú frekar í tjaldi.

menn eru löngu farnir að kynast flestum af sínum skjólstaðingum og það setur vinalegan brag á allt sem fram fer. „Nei, sæll vinur, ætlar þú ekki að fá brauðhleif?“ spyr Jóhann Steingrímsson einn sem kominn er að þiggja mat.

Ásgerður Jóna Flosadóttir, formaður Fjölskylduhjálpar, segir það mikilvægt að hafa hugfast að það gæti hent hvern sem er að þurfa að leita í Eskihlíðina á miðvikudögum. „Þetta er fólk eins og ég og þú,“ segir hún ákveðin. „Það eina sem greinir skjólstaðingana frá okkur er í flestum tilfellum aðeins það að gæfan var þeim ekki jafn hlið-holl og okkur.“



FORSTJÓRINN Í FJÖLSKYLDUHJÁLPINNI Hermann Ragnarsson fékk dóm fyrir að aka réttindalaus og var því gert að vinna hjá Fjölskylduhjálpinni í samfélagshjálpi. Hann er afar þakklátur fyrir refsinguna og fer hvergi þótt henni sé lokið.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Svarti markaðurinn freistar

Blaðamaður brá sér út fyrir þar sem fólkíð beid eftir að röðin kæmi að sér og þar hitti hann fyrir Eggert Eggert og Gunnar Jónsson. „Við erum báðir öryrkjar eftir slyss,“ segir Eggert. „Og það er nú bara þannig að ef þú lendir í slíku þá er búið að dæma þig úr leik. Við getum alveg unnið en okkur er hreinlega ekki leyft að vinna. Kerfið er búið að stimpla okkur sem aumingja. Ég hef leitað víða en það vill enginn ráða öryrkja til vinnu, jafnvel þó ég geti unnið.“

verður lokað í Fjölskylduhjálpinni, hvað gera þeir þá? „Það veit ég ekki,“ segir Eggert. „Við látum hvern dag nægja sína þjáningu,“ bætir Gunnar við.

Frekar í tjald en á leigumarkað

Þegar kona nokkur frá Norður-Afríku fréttir af blaðamanni á staðnum vill hún endilega segja sína sögu. Til allrar hamingju er Aníta Kristín Jónsdóttir frá Fjölskylduhjálpinni á staðnum og greiðir úr tungumálaórðugleikum en hún tala arabísku sem er móðurmál þessarar konu. Hún á fjögur börn, er ekki í vinnu og maður hennar hefur einnig þurft að hætta vinnu vegna veikinda.

Hermann segir að sumir komi að lokuðum dyrum þar sem síst skyldi. „Um daginn kom beiðni frá Reykjavíkurborg um að hjálpa einstæðri móður með fimm börn sem var nýkomin ófrísk frá Svíþjóð,“ segir hann. „Hún fær hvorki meðlög né barnabætur og hún þurfti að flytja inn á móður sína sem býr ásamt syni sínum í tveggja herbergja íbúð. Þetta er skelfilegt og svo vísar Reykjavíkurborg þessu bara frá sér.“

Björg er öryrki og segist fá 111 þúsund á mánuði. „Ég missti manninn minn fyrir nokkrum árum og ég fæ úr lífeyrissjóði einar tíu þúsund og sjö hundruð krónur og þá er það nú öll innkoman upptalin hjá mér,“ segir hún. „Ég er búin að sækja oft um vinnu því ég get alveg unnið. Mig langar til að hjálpa gamla fólkinu en mér er alls staðar hafnað. Ég hef búið hjá vini mínum nú í eitt og hálf ár því ég fer nú ekki inn á þennan leigumarkað, þá bý ég nú frekar í tjaldi.“



FLÍKURNAR SKOÐAÐAR Björg býr hjá vini en segist frekar búa í tjaldi en að fara á leigumarkaðinn.

MYND/JÓN SIGURÐUR

Blaðamaður heldur til Anítu sem komin er við tölvuna þar sem haldið er utan um lista skjólstaðinga. „Þessu fer alveg að ljúka,“ segir hún en biðröðin er uppleyst og aðeins einn og einn kemur að. „Það komu 106 í dag. Næsti miðvikudagur er alveg í mánaðarlok svo það er við því að búast að þá komi enn fleiri.“

UM FJÖLSKYLDUHJÁLPI ÍSLANDS

Fjölskylduhjálpi Íslands er líknarfélag stofnað í september 2003 og markmið þess er að hjálpa og létta undir með einstaklingum og fjölskyldum sem eiga í tímabundnum erfiðleikum.

Á hverjum miðvikudegi úthlutar það hátt á annað tonn af matvælum.

Um 20 manns vinna fyrir það og er það allt gert í sjálfböðavinnu. Sumir starfsmannanna eru fyrrum skjólstaðingar.


Verndari félagsins er Ragnhildur Gísladóttir tónlistarmaður.

Félagið er með lyfjasjóð sem notaður er til þess að hjálpa fólki að leysa út líf.

Félagið veitti fermingarástoð í vor þar sem 25 fermingar börn fengu 25 þúsund krónur.

Helstu styrktaraðilar eru: Myllan, Mjólkursamsalan, Bakameistarinn, Mjólka, Plastprent, Lýsi, Dreifing, Papco og Kjarnafæði.

Ólafur Jóhann Ólafsson hefur einnig reynst félaginu vel. Til dæmis gefur hann félaginu 300 hamborgarhryggi fyrir hver jól. Einnig hefur Helgi Guðmundsson, fyrrum formaður bankaráðs Seðlabankans, reynst félaginu drjúgur.



ANÍTA OG ÁSGERÐUR FARA YFIR LISTANN Starfsmaður og formaðurinn kíkja á það hversu margir höfðu komið en þeir voru 106 í lok dags. Þær eiga von á fleirum næsta miðvikudag enda þá komin mánaðarlok.

MYND/JÓN SIGURÐUR

Einnig á félagið hauk í horni sem ekki vill greina frá nafni sínu, svokölluð Huldukona. Gjafir hennar nema um tveim milljónum.

Bryndís Schram, Hólmfríður Karlsdóttir og Árni Johnsen hafa öll verið verndarar félagsins.

Félagið tekur á móti notuðum og nýjum fötum, búsaðöldum og leikföngum ásamt matvælum.

Það tekur einnig á móti fjárframlögum á bankareikning númer 101-26-66090. Kennitalan er 660903-2590.



GUNNAR OG EGGERT Þeir félagar segjast hafa verið dæmdir úr leik þegar þeir urðu öryrkjar vegna slyss.

MYND/JÓN SIGURÐUR

Nú er tækifærið að fata sig upp fyrir sumarið:

Hlaupafatnaður

Herrafatnaður

Dömufatnaður

Barnafatnaður

Aerobikfatnaður

Sundfatnaður

VSK-dagar á íþróttafatnaði!

Fellum niður

**af öllum íþróttafatnaði
frá fimmtudegi
til sunnudags**

Vaskinn

Nike

Adidas

Puma

Casall

Reebok

Hummel

USA Pro

Speedo

Seafolly

En að sjálfsögðu greiðum við virðisaukaskattinn til yfirvalda.



PREYTT EN ÁNÆGD Fyrsta lota yfirlaugin og sú næsta fram undan.

FRÉTTABLAÐIÐ / GVA

Þarf ekki að laga það sem er ekki bilað

Dr. Gunnir fylgdist með stemningunni í Belgrad þegar Eurobandið komst í úrslit Eurovision.

Gríðarleg fagnaðarlæti brutust út þegar serbnesku kynarnir drógu Ísland upp úr fjórða umslaginu. Baksviðs faðmaði fólk hvað annað og Íslendingarnir í stúkunnni æptu af gleði. Gríðarleg vinna og undirbúningur hafði skilað árangri: Ísland var loksins komið í sjálft úrslitakvöldið, í fyrsta skipti síðan 2004.

Rólegt var yfir íslenska hópnun fyrir keppnina á leiðinni upp í höll. Friðrik og Regína sátu fremst hvort sínum megin, á undan keyrði blár Skóda með íslenska fánann blaktandi á þaki bílsins og blátt blikkljós. Einhver fór að syngja þjóðsönginn og rútan tók undir, þetta var hátíðleg stund, sumir fengu kökk í hálsinn. Þegar beygt var inn á bílastæðið við höllina brast á með Einu lagi enn.

Á sviðinu small allt saman í fullkomnum flutningi. Tæknin sem hafði aðeins verið að stríða okkur í æfingarennslunum gekk nú algjörlega upp. Þegar ljóst var að Ísland færi áfram varð að hafa snör handtök að koma Friðriki og Regínu upp í fjölmiðlahöll, þangað sem er um 10 mínútna akstur frá keppnishöllinni. Þar voru staflar af fjölmiðlafólki sem beið þess að spyrja keppendurna út úr. Á leiðinni upp á langborðið náði ég að stöðva Eurobandið í augnablik. „Okkur líður æðislega, þetta er alveg ólýsanleg tilfinning,“ sagði Regína og geislaði af hamingju.

Hvernig á að fagna þessu, Friðrik? „Maður fær sér nú bara einn bjór.“

Á Píanoá barnum á Continental-hótelinu, sem orðin er hálfgerð félagsmiðstöð íslenska hópsins, beið fólk í sigurvímu eftir stjörnunum. Órlygur Smári, höfundur lagsins, var að vonum glaður. „Atriðinu verður

ekkert breytt og það má heldur engu breyta. Og til hvers að laga eitthvað ef það er ekki bilað?“

Euronörðið og sérstakur aðdáandi Íslands í keppninni, Bretinn Peter Fenning, var í skýjunum. „Loksins loksins,“ sagði hann. „Mér líst mjög vel á að Ísland sé númer ellefu í röðinni. Lagið er á eftir pólska lagi, sem er ballaða, og það er yfirleitt mjög sterkt að vera með kraftmikið lag á eftir rólegu lagi.“ Peter samdi enska textann við lagið hans Eiríks Hauks í fyrra og hjálpaði Páli Óskari við enska textann í ár. „Ísland er eina smáþjóðin sem er eftir í Eurovision í ár. Það segir sitt um gæði lagsins og flytjendanna.“

Nú beindust allra augu að innganginum því Friðrik og Regína voru mætt. Enn á ný brunnur flassljós, rembingskossar og faðmlög og kampavínglósín flugu á loft þegar Íslendingarnir fögnuðu hetjum sínum. Friðrik áritaði merkilegan íslenskan fána sem Peter Fenning dró upp úr þússi sínu. „Okkur var gefinn þessi fáni af íslenska konsúlunum í Ísrael 1999 og allir íslensku keppendurnir hafa skrifað nafnið sitt á hann,“ sagði Peter. „Allir nema Silvía Nótt því við náðum aldrei til hennar. En einn daginn mun ég banka upp á hjá Ágústu Evu og fá hana til að skrifa á hann.“

En það var ekki til setunnar boðið. Bælið kallaði enda var mæting í smink upp á herbergi 701 í hádegisdaginn eftir.

Ævintýrið er bara hálfnað. Í gær voru tvö búningarennslí og það síðasta er í dag. Það er hörkupúl að taka þátt í Eurovision. „Við getum alveg haldið Eurovision ef til þess kemur,“ segir Jónatan Garðarsson, fyrirlíðinn hjá RÚV. „Það er alveg búið að hugsa út í hvernig það verður leyst.“



FAGNAÐARFUNDIR þegar Regína og Friðrik komu á Píanoá barnum á Continental-hótelinu þar sem íslensku áhængendurnir biðu þeirra.



LUKKUDÝR EUROBANDSINS Tveir bleikir bangsar fylgja þeim á sigurbraut.



ÍSLENSKU ÁHORFENDURNIR voru kannski ekki margir en það kom ekki að sök.



SPIJLAÐ VIÐ BLAÐAMENN Friðrik Ómar og Regína Ósk í viðtali.

**40%
afsláttur**



989 kr/kg. áður 1.649 kr/kg.
Goða grísaofnsteik



270 kr/pk. áður 540 kr/pk
Goða pylsur - 10 stk.



2.598 kr/kg. áður 3.698 kr/kg.
Gourmet lambafille



362 kr/kg. áður 723 kr/kg.
Ísfugl kjúklingaleggir



95 kr/stk. áður 189 kr/stk
Jurtarjómi 250 ml. Vitala



199 kr/stk.
Nutella hnetusmjör - 200 gr.



99 kr/pk. áður 198 kr/pk
Náttúra vöflumix - 450 gr.

allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 22. maí til 25. maí eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahlverfi Kópavogi - Höfn



BALDUR HÉÐINSSON STÆRÐFRÆÐINEMI Valinn besti DJ Bostonborgar tvö ár í röð

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Leita að Jesú

Baldur Héðinsson er nemi í stærðfræði og taugavísindum við Boston University. Auk þess hefur hann verið valinn besti plötusnúður Boston-borgar undanfarin tvö ár þar sem hann er þekktur sem DJesus. Í kvöld þeytir hann skífum ásamt systkinum sínum, Heimi (DJSkeleton) og Hrafnhildi (Pronghorn) á Tunglinu. Fréttablaðið tók Baldur í þriðju gráðu yfirheyrslu.

ÞRIÐJA GRÁÐAN

FULLT NAFN: Baldur Héðinsson

FÆÐINGARÁR: 1980, árið sem Dallas-aðdáendur komust að því hver skaut J.R og Mugabe var kjörinn forseti Simbabwe.

Hvenær varstu hamingjusamastur? Ég get ekki breytt fortíðinni og framtíðin er handan við hornið, ég segi því núna.

Ef þú værir ekki plötusnúður hvað myndirðu þá vera? Búinn með námið sem ég er í núna.

Hvað er það dýrasta sem þú hefur nokkurn tímann keypt þér?

Eini bíllinn sem ég hef átt, Suzuki Alto 1981 módel, 35 hestöfl hvorki meira né minna.

Hvað er það versta sem nokkur hefur sagt við þig? Fólk er nú allajafna mjög gott við mig og mér dettur ekkert í hug, en ætli þögn sé ekki stundum verri en orð.

Ef þú byggir ekki í Boston hvar myndirðu vilja búa? Ístanbul eða Berlín, úllen dúllen doff.

Draumahelgin þín í einni setningu? Auðvelt er að gleðja mann sem mig, enda er ég „minimal“. Fólk, sem mér er annst um auk góðrar tónlistar er draumablánda. Kannski gott veður í bónus.

Hvað þýðir eiginlega þetta „minimal teknó“ sem þú spilar?

Það er áhugaverðasta tónlistarstefna síðari tíma. Melódísk og ögr-

andi danstónlist, sem hefur ekkert með teknó-hnakka að gera.

Hvernig dast þú inn í þessa tónlist og DJ-mennskuna? Ég hef alltaf eytt of miklum tíma og pening í tónlist. Einhvern tímann 2005 heyrði ég í Stephan Bodzin, Booka Shade og fleirum, þá var ekki aftur snúið. Auk þess er ég svo heppinn að vera umkringdur fólk, sérstaklega systkinum mínum, sem ögra og ýta manni út í alls kyns vitleysu.

Hvert er versta starf sem þú hefur nokkurn tímann gegnt? Pitsusendill á Dominos, ég át yfir mig af misgóðum pitsum, auk þess sem sífellt var gert grín að bílnum mínum.

Uppáhaldsstaðurinn þinn á jörðinni? Þessa stundina legg ég meira upp úr því að uppgötva nýja staði, en sumarbústaðurinn hjá ömmu og afa klikkar ekki.

Hvers konar tónlist hefur mest áhrif á þig og hvaða lag ertu að hlusta á mest í dag? Taktföst tónlist með rætur sínar í Suður-Ameríku, til dæmis Yamoré (Luciano Remix) með Salif Keita & Pepe Bobilla er í miklu upphaldi núna.

Ef þú ættir tímavél, hvert myndirðu fara og af hverju? Ég myndi fara á upphafspunkt og leita að Jesú, er ekki augljóst af hverju?

”

Ansí hvítleitt að margir setji sama-sem-merki milli danstónlistar og sólbrúnna gæja með vel rakaðan hnakka.

Er eitthvað sem heldur fyrir þér vöku á nóttunni? Fyrir utan meðleigjendurna, þá er það nú helst hvað mig langar að verða þegar ég verð stór.

Ef þú gætir breytt einhverju í fortíð þinni, hvað myndi það vera? Ég nokkuð viss um að það hafi ekki verið með Ingimar í Berlín um síðustu helgi.

Áttu þér einhverja leynda nautn? Fullt af nautnum, engin falin.

Uppáhaldsbókin þessa stundina? Mér finnst ég í sí og æ vitna í the Omnivors Dilemma, sérlega góð lesning.

Hvaða núlifandi manneskju lítur þú mest upp til? Þegar ég var yngri beit ég næst-um því af mér tunguna því mig langaði svo að vera eins og Michael Jordan. Nú reyni ég því að líta mér nær, ég lít því hvað mest upp til fjölskyldu og vina. Ég er gríðarlega heppinn með fólk sem ég umgengst.

En hvaða núlifandi manneskju þolirðu ekki? Mér verður alltaf um og óþegar Dick Cheney, varaforseti Bandaríkjanna, opnar vunninn. Ef

ekki væri fyrir nútíma læknavísindi væri hann bókað farinn yfir móðuna miklu, en honum er haldið gangandi og heimurinn líður fyrir.

Uppáhaldsoröið þitt? Hali.

Hvaða eitt atriði myndi fullkoma lífsgæði þín? Svefn.

Hvaða frasa ofnotar þú? „Keep it minimal“.

Er ekki öll techno-tónlist hálfgerð hnakka músík? Nei, langt því frá. Ansí hvítleitt að margir setji sama-sem-merki milli danstónlistar og sólbrúnna gæja með vel rakaðan hnakka. Þetta er svona eins og Skímó væri eina rokkið sem fólk þekkti.

Er eitthvað sem tengir Ísland við þessa tónlist? Já, þótt Ísland í sé fámenn er merkilega auðvelt að nálgast góða tónlist. Sirkus var einstaklega frjór staður, nú er það kannski helst Barinn, Kaffibarinn og svo er Tunglið að koma sterkt inn. Ef þú færir út að skemmta þér í 200 þúsund manna bæ í Bandaríkjunum... gangi þér vel.

Hvað er næst á döfinni? Stærðfræðirannsóknir og DJ-mennska í Boston, svo annað vegaferðalag um Bandaríkin, eitthvað sem allir ættu að upplifa.

Hvaða lag ætti að spila í jarðarförinni þinni? Ég væri til í að heyra „Til eru fræ“ í útgáfu Benna Hemm Hemm, svo væri ekki verra ef gestir myndu syngja „Panic“ með The Smiths, „Hang the DJ, Hang the DJ, Hang the DJ...“

DjBeletor, DJSkeleton og DJPronghorn þeyta skífum frá kl 23 á Tunglinu í kvöld.



MÆLISTIKAN

■ Á uppleið

Indy-lúkkið. Hetjan er komin aftur í bíó og allir sannir karlmenn ættu að taka sér órakaða, veðurbarna en ó-svo-sexí og veðurbarna lúkkið til fyrirmyndar.

Vogaídyfur. Koma sterkt inn á kosningakvöldum og Eurovisionkvöldum. Retró mæjones kaloríubombur eru kúl.

Kolagrill.

Gefa frá sér þessa einstöku lykt og gæða grillmatinn bragðinu sem allir hafa saknað frá tjaldferðalögnum í fyrndinni. Kolagrillin sækja á og þess verður örugglega ekki langt að bíða þar til húsbóndinn kemur inn með „kolailandi“ steikur.



Frakkar. Hundrað sætir flugmenn mættir til landsins og nú verður kvenpeningurinn að fara að æfa sig í frönskunni til að halda uppi filósófísum samræðum yfir rauðvíni.

Austurland. Tuttugu og sjö stiga hiti í maí? Þetta er hin nýja riviera Íslands!

■ Á niðurleið

Að díska Eurovision. Maður má ekki taka sig of hátiðlega. Nú er um að gera að hafa húmor fyrir þessu, halda partí og jafnvel veðmál.

Ovfaxinn gasgrill. Fylla út í allar svalir og verandir landsmanna. Trylltæki eldamennskunnar eru komin út fyrir öll skynsemismörk og varla fær nokkur maður þann filing að hann sé að grilla á krómaðri útielavél.



Hvíttaðar tennur. Friðrik Ómar hefur sýnt að sjálflysandi bros er bara einhvern veginn of mikið af því góða.

Bling. Bara svo 2006 eitthvað. Burt með palliottur, demanta og gyllingar...

Kaffi. Nú er enginn maður með mönnum nema að kunna að drekka gott te. Darjeeling er málið núna.



heima

Öndregi

LAGERSALA

RÝMUM FYRIR NÝJUM VÖRUM

25 - 80%

AFSLÁTTUR AF VÖLDUM VÖRUM!



Opið í dag, laugardag 11-16.

Síðumúla 30 - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is - Opið virka daga 10-18, laugardaga 11-16

**HEIMA
HÚSIÐ**

SPORT

besta sætið

FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT
OG ÞÚ GÆTIR VERIÐ Á LEIÐinni
Á FORMÚLU 1 Í VALENCIA Í ÁGÚST*
DREGIÐ 22. JÚNÍ

* Miðað við 3 mánaða bindingu.

MÓNAKÓ

FORMÚLA 1 UM HELGINA

Í DAG KL. 8:55

BEIN ÚTSENDING FRÁ ÆFINGUM

Í DAG KL. 11:45

TÍMATAKA - BEIN ÚTSENDING

Á MORGUN KL. 11:30

KAPPAKSTURINN - BEIN ÚTSENDING

Á MORGUN KL. 22:45

F1: VIÐ ENDAMARKIÐ

Fjallað verður um atburði helgarinnar og gestir í myndveru ræða málin.
Farið verður yfir helstu mál keppinnar og þau krufin til mergjar.



pars pro toto kynnr:
nýtt dansverk í lðnó

★★★★★ "DJARFT OG HEILLANDI"
- M. R., MORGUNBLAÐIÐ

"MAÐUR GRÍPUR ANDANN Á
LOFTI YFIR FEGURÐINI Á SVIÐINU"
- S. A., VIÐSKIPTABLAÐIÐ

"STÚDÍA Í LJÓSI OG
PRÖNGT MÖRKUÐUM
HREYFINGUM VAR
FULLKOMIN"
- P. B., FRÉTTABLAÐIÐ

"P.Ó. SKILADI SÍNU AF
FEIMNISLAUSUM GLÆSIBRAG"
- J. V., DV

FÖSTUDAGUR, 23. MAÍ - UPPSELT
LAUGARDAGUR, 24. MAÍ - UPPSELT
SUNNUDAGUR, 25. MAÍ - AUKASÝNING, SÍÐASTA SÝNING

Systur

Höfundar og flytjendur:
Ástrós Gunnarsdóttir
Lára Stefánsdóttir

Texti:
Hrafnhildur Hagalín
Guðmundsdóttir

Lýsing: Björn Bergsteinn Guðmundsson
Tónlist: Guðni Franzson o.fl.
Búningar: Dýrleif Örylgsdóttir

Miðasala: midi.is og í lðnó:
idno@xnet.is s: 5629700

Reykjavíkurborg

STUÐ MILLI STRÍÐA Fótboltabullur og ástfangnir læknar

RAGNHEIÐUR TRYGGVADÓTTIR SLÆST UM FJARSTÝRINGUNA



Harðar rimmur verða gjarnan á heimilum þegar fótolti rekst á við aðra dagskrá í sjónvarpinu. Ég hef heyrt af þessum rimmum. Ekki upplif að þær sjálf svo mikið því þvottadrengrinn er ekki fótboltabulla og ég á ekki líf mitt undir sápuóperum.

Mér hefur líka alltaf fundist að við hjónin séum yfir þá klisju hafin að rífast yfir þróttunum í sjónvarpinu. Ég er vel gift.

Þess vegna kom það mér á óvart um daginn þegar þvottadrengrinn stíllti á leik MansteftirJúnæted við Chelsea, meðan Greys Ana-

tomy var í sjónvarpinu. Svissaði reyndar reglulega á milli fyrir mig. Ekki það að ég sé það vel inni í læknadramanu að ég gæti ekki misst af þætti, en þar sem ég stóð við uppvaskið fór þetta flakk á milli spennandi ástarmálanna í Grey og gaulandi söngs stuðningsmanna fótboltaliðanna að fara í taugarnar á mér. Mitt í alvarlegri hjartaaðgerð svissaði drengurinn svo á leikinn sem átti að vera löngu búinn. Þá var hafin víta-spyrnukeppni.

Ég veit ekki hvað kom yfir mig. Ég henti frá mér uppvottaburstanum og stökk á fjarstýringuna. Við tókumst á en ég átti við ofur-epli að etja. Til að friða mig stillti hann á Grey milli marka en það


var bara til að gera mig vitlaus. Árangurslaust reyndi ég að klóra til mín fjarstýringuna en hann varðist vel. Ég gat ekki skilið að hann sæi ekki dramatíska spennuna í augnagotum læknanna sín á milli við hjartaaðgerðina. Hann var rasandi yfir skilningsleysi mínu á spennunni í víta-spyrnukeppinni. Sagði hátt að þetta væri ÚRSLITALEIKURINN!

Hjartaaðgerðin tókst vel. Leiknum lauk með sigri Mansteftir-Júnæted eftir bráðabana og jafnvægi komst aftur á andrúmsloftið í eldhúsinu. Ég lauk raulandi við uppvaskið meðan þvottadrengrinn skelti í vél. Enda við hjónin hvorki upptekin af sápuóperum né fótbolta.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Viltu taka daginn
snemma í sumar?

Erum að leita að duglegu og morgunhressu fólki til að bera út blöð milli 6 og 7 á morgnana.

Hafðu samband við dreifingar-deild Pósthússins í síma 585 8330 eða fylltu út umsókn á www.posthusid.is

Póst húsið

„...fyrst á visir.is“

visir.is
...ég sá það á visir.is

GRAS

www.gras.is
ÞAR, SEM ALLT SNÝST UM
FÓTBOLTA

Nýtt! Gras.is beint á skjáborðið þitt!
Gras.is hefur sett upp vefþjónustu (Gagdet) sem tengir þig beint við fréttirnar, án þess að þurfa opna vafrann þinn!

BT

VAXTALAUS VEISLA

á öllum vörum alla helgina



Panasonic



SAMSUNG



BT berst við vaxtadrauginn



TOSHIBA

0% vextir
til allt að 12 mánaða



TOSHIBA

Barnamenning verðlaunuð



Kl. 14

Boðið verður upp á leiðsögn um sýningarnar Stefnuþót við safnara III í menningarmiðstöðinni Gerðubergi í dag kl. 14. Á sýningunni má sjá samansafn fjölbreyttra hljóðfæra. Klukkutíma síðar, kl. 15, verður á sama stað boðið upp á leiðsögn um sýninguna Kynjaskepnur úr íslenskum þjóðsögum, en á henni má sjá myndskreytingar eftir Jón Baldur Hlíðberg.

Gerður Kristný rithöfundur, myndlistarmennirnir Una Stígsdóttir og Anik Todd, og tónlistarparið Dúó Stemma hlutu Vorvinda-viðurkenningar IBBY á Íslandi. Verðlaunaafhendingin fór fram 18. maí síðastliðinn í Gunnarshúsi við Dyngjuveg.

Gerður Kristný hlaut viðurkenningu fyrir barnabækur sínar, Mörtu smörtu, Jóladyrin, Land hinna týndu sokka og Ballið á Bessastöðum, sem allt eru vönduð og skemmtileg verk.

Una Stígsdóttir og Anik Todd hlutu viðurkenningu fyrir sýninguna Allt í plati sem opnuð var í Gerðubergi í nóvember síðastliðnum í tengslum við ritþing um Sigrúnu Eldjárn. Á sýningunni gátu gestir upplifað heim þekktra sögupersóna Sigrúnar, þeirra Málfríðar, mömmu hennar og Kuggs, með því að ganga inn á heimili þeirra. Var öllum 8 ára börnum á höfuðborgarsvæðinu boðið á sýninguna sem stóð í allan vetur og var afar vel sótt og vinsæl.

Þriðju viðurkenninguna hlaut tónlistarparið Dúó Stemma sem hefur glatt leikskólabörn með sögunni um Jón bónda sem byggist öðrum



VERÐLAUNAHAFAR IBBY 2008 Listamenn sem þykja hafa skapað framúrskarandi menningararfarir fyrir börn.

þræði á hljóðgjörningi. Dúó Stemmu skipa þau Herdís Anna Jónsdóttir víóluleikari og Steef van Oosterhout slagverksleikari sem hafa búið þekktar þulur og vísur í nýjan búning og leika undir á óhefðbundin heimatilbúin hljóðfæri. Þau fluttu stutt atriði fyrir samkomugesti á Vorvindahátíðinni við góðar undirtektir.

-vp

> Ekki missa af ...

Sunnudagsspjalli um myndlist í Listasafni Arnesinga í Hveragerði á morgun kl. 15. Í safninu stendur nú yfir sýningin Listamaðurinn í verkinu, en á henni má sjá verk eftir Magnús Kjartansson. Spjallið leiðir sýningarstjóri Jón Proppé, en ásamt honum taka til máls þær Kogga, ekkja Magnúsar, og Inga Jónsdóttir safnstjóri.

menning

menning@frettabladid.is

Ergi á Indlandi

Dr. Hoshang Merchant, prófessor í enskum bókmenntum við Hyderbad háskóla, flytur áhugaverðan fyrirlestur í Háskóla Íslands á mánudag. Þar fjallar hann um aðstæður og sjálfsmynd samkynhneigðra í Indlandi samtímans og tekur í því tilliti dæmi úr verkum þekktra indverskra rithöfunda sem skrifa á ýmsum indverskum tungumálum. Þar með veitir hann óvenjulega innsýn inn í líf samkynhneigðra karlmanna í indverskum bæjum og þorpum.

Fyrirlesturinn, sem fluttur



AÐALBYGGING HÁSKÓLA ÍSLANDS Hýsir fyrirlestur dr. Hoshang Merchant.

verður á ensku, fer fram í stofu 225 í Aðalbyggingu Háskóla Íslands og hefst kl. 12. Aðgangur er ókeypis og öllum opin.

-vp

Hvaladans úr djúpunum

Það er lítil stoð í kynningarefni dansflokka tveggja sem frumsýndu stórballettinn Ambra í gærkvöldi í Borgarleikhúsi að verkið sé öður til hvala. Efnið byggir á hugleiðingu um hvali, háttum þeirra í hafinu og örlög. Áhorfandi nýtur sýningarinnar fullvel án þeirrar vitneskju, ef ekki lægi á sviðinu hryggur úr hval gæti verkið, rétt eins og mörg dansverk okkar tíma, verið stefnuliðið ramb, rammalaust þótt bakveggur með hólfum fyrir flokkaðan úrgang gefi okkur hugmynd um að þetta sé eitthvað nútímalegt og jafnvel hugvekja um spilliefnin öll sem við látum frá okkur. Ambra er inn-nyflaefni og notað til ilmefnagerðar segir orðabókin. Nafnið eitt og sér er þannig tilvísun til rányrkju, fyrirgefið nýtingar á hvalastofnum.

Annars deilist dansinn niður í marga kafla og styrkist heildin nánast einungis af búningum og lýsingu því tónlistin hólfar verkið ekki í sundur. Hún er lítt danshæf, jafnvel þótt hvalablistur leggist á taktrofna bylju þeirra Kiru Kiru og Hildar. Margt er fallett í þessum dansi. Það er gaman að sjá dansarana hlið við hlið frá svo skyldum flokkum og Carte Blanche og Íd eru. En heldur er hann sundurlaus, skýra þræði vantar í hann. Bestu partarnir eru vissulega þegar Ina Christel Johannessen leggur stóran hluta danssveitarinnar í kröftuga corpus-dansa undir skýru rytmisku mynstri. Þá eru dansararnir lagðir á sömu mælistiku og samstillingin hrifur mann í krafti sínum. Smærri partansar og sólar eru lagðir meira og minna á herðar öllum þeim sem dansflokkinn skipa og hér gefst einstakt tækifæri til að sjá svona stóran flokk á sviði. Þau eru 21. Raunar sviptir sýningin hulunni af því að smár flokkar sem þessir eiga að ná saman á reglulegum grundvelli um stærri verkefni. Stór svið eins og Borgarleikhúsið heimita stóra flokka – og kalla þannig á ríkari áhuga áhorfenda.



DANSLIST Íslenski dansflokkurinn og Carte Blanche frá Björgvin leggja saman í athyglisverða stóra danssýningu.

DANSLIST

Carte Blanche og Íd sýna

Ambra

Höfundur: Ina Christel Johannessen. Tónlist: Kira Kira, Hildur Ingvaldardóttir og Dirk Desselhaus. Leikmynd og búningar: Kirsten Torp. Hljóðhönnun: Morten Cranner.

★★★★

Athyglisverð sýning en losaraleg í byggingu

Vitaskuld halda stakir dansarar athyglinni. Camilla Spidsøe er hér gefið meira rými en öðrum, en af okkar konum eru Aðalheiður Halldórsdóttir og Katrín Ingvaldóttir eins og svo oft áður það sem augun leita uppi. Steve Lorenz og Cameron Corbett reynast makar félagar sinna í Björgvin, hörku dansarar.

Samstarf sem þetta getur lítið nostrað við styrkinn. Það yrði ekki nema á grundvelli reglulegs samstarfs að það væri hægt. Vel má velja fyrir sér þeirri áherslu sem Kamilla fær. Hún er sterkur dansari, henni eru lagðar stórar hreyfingar, hún heimilar rými og fær það.

Og þá er bara hvort áhorfendur skila sér. Sýning sem þessi væri meira við hæfi utan þess annartíma sem maí er að verða í framboði listviðburða. Hið hefðbundna ár er sprungið og raun ekki lengur hægt að velja þá ráðstöfun að halda stórum hluta listastofnana lokuðum lungann úr sumrinu. Nú verða menn aftur að víkja öðru til hliðar: það verða tvær sýningar til viðbótar á Ömbu: laugardag kl. 17 og sunnudag kl. 20. Það má ekki láta þennan hvalreka hverfa úr fjörunni nema menn hafi séð rekann.


Páll Baldvin Baldvínsson

Eurovisionball með Sixties í kvöld

Fjölbreyttur sérreittasedill og tilbodsmatsedill á leikfúsakvöldum

MÁLVERKAUPPBOÐ

29. MAÍ Á HILTON-NORDICA HÓTELI KL. 20:30




Kristján Davíðsson



K. Kvaran



Gunnlaugur Blöndal



Louisa Matthíasdóttir



Ásgrímur Jónsson



Kristján Davíðsson



Muggur



Kjarval



Gunnlaugur Blöndal

Verkin eru sýnd í Gallerí Borg Skipholti 35 í dag og alla daga fram að uppboði kl. 13:00 - 17:00



FIMMUDAGUR 22. MAÍ KL. 20

PIANÓTÓNLEIKAR FRÁ LHÍ HÁKON BJARNASON Aðgangur ókeypis!

ÞRIÐJUDAGUR 27. MAÍ KL. 20

SAMKÓR REYKJAVÍKUR 30 ára afmælistónleikar Miðaverð 2000 kr.

FIMMUDAGUR 29. MAÍ KL. 20

KEITH TERRY Í SALNUM Body percussion. Miðaverð 1000 kr.

FÖST 30. MAÍ KL. 20 UPPSELT!

LAUG 1. JÚNÍ KL. 20 ÖRFÁ SÆTI! VÍKINGUR HEIÐAR ÓLAFSSON TIL MINNINGAR UM BIRGI EINARSON Miðaverð 2500 kr.

SÍMI 5 700 400 - WWW.SALURINN.IS



Bókverkið Höll blekkinganna

Bókaverslunin Útúrdúr á Njálsgötu stendur fyrir kynningu á bókverkinu Höll blekkinganna eftir Eirúnu Sigurðardóttur í dag á milli kl. 16 og 17.

Uppistaða bókverksins er teikningar eftir Eirúnu en einnig stuttir textar eftir Sigríði Þorgeirsdóttur heimspeking og Sigrúnu Daníelsdóttur sálfræðing, auk ljósmynda sem Katrín Elvarsdóttir tók. Gunnar Vilhjálmsson hannaði bókina ásamt Eirúnu. Bókverkið er gefið út í 200 númeruðum eintökum af Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar og sýningarrýminu Suðsuðvestur.

Teikningarnar voru unnar samhliða lifandi hekludum skúlptúr sem sýndur var í sýningarrýminu Suðsuðvestur í Keflavík í mars á þessu ári. Á sýningartímanum sat



LIFANDI SKÚLPTÚR Mynd af verki Eirúnu Sigurðardóttur, Höll blekkinganna.

manneskja inni í vandlega hekludum skúlptúrnum og heklaði úr höfði sér þræði. Bókverkið sem nú er sérstaklega kynnt í Útúrdúr gefur skoðandanum færri á að komast nær kjarna skúlptúrsins.

-vp

Sjö hús friðuð

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra hefur að tillofu húsafriðunarnefndar tilkynnt um friðun sjö húsa. Nær friðunin til ytra byrðis þeirra. Öll eru húsinn byggð á síðustu öld. Elst húsanna er Franski spítalinn sem reistur var 1902 og var þá eitt myndarlegasta hús í Reykjavík og stóð austan við fiskreitanna umhverfis Kveldúlfshúsin og er núna á Lindargötu. Húsið man tímana tvenna, var reist sem sjúkrahús fyrir franska fiskiskipafloptan við Ísland, hefur hýst skóla, síðast Tónmenntaskóla Reykjavíkur. Það er ásamt nokkrum húsum embættismanna eitt glæsilegasta húsið í Skuggahverfi og furðulegt að það skuli ekki friðuð fyrir löngu.

Næstelst húsanna friðuð er hin mikla bygging sem Gunnar Gunnarsson skáld reisti á héraði, Skriðuklaustur, með miklum erfiðleikum í efnisáðráttum á árunum 1938-1939 og teiknað var af þýska arkitektinum Fritz Höger sem var virtur arkitekt í sínu heimalandi á árunum fyrir stríð. „Íbúðarhúsið að Skriðuklaustri er sérstætt með mikið listrænt og menningarsögulegt gildi og var heimili Gunnars Gunnarssonar skálds á árunum 1939-48,“ segir á vef ráðuneytisins.

Nokkru yngri er Sjómannaskólinn við Háteigsveg en hann var byggður á árunum 1942-45. Það sem meðal annars gerir bygginguna óvenjulega er að innsiglingarviti Reykjavíkurhafnar er felldur inn í form hússins sem turn. Hann var teiknaður af arkitektinum Sigurði Guðmundssyni og Eiríki Einarssyni og hýsir nú Tækniskóla Íslands.

Tvö íbúðarhús arkitekta eru friðuð að ytra byrði enda bæði sérlega vel heppnaðar byggingar og dæmi-



HÚSAVERND Stórbýlið á Klaustri sem Gunnar Gunnarsson reisti en yfirgaf eftir stríð og er nú í eigu ríkisins.

MYND: FRÉTTABLAÐIÐ/VILLI

gerðar fyrir höfunda sína: Tómasarhagi 31, sem Gísli Halldórsson teiknaði og bjó í lengi. Það var reist á árunum 1953-54 og er talið eitt merkasta verk Gísla í listrænu tiliti. Þá eru Sólheimar 5 friðuðir en það reisti Gunnar Hansson húsa-teiknari á árunum 1957-59. Þykir húsið gott dæmi um byggingarlist hans og hefur upphafleg hönnun hússins varðveist að utan sem innan án breytinga.

Dyngjuvegur 8, Gunnarshús, heimili Gunnars Gunnarssonar rit-höfundar og fjölskyldu hans, reist árið 1950 þegar Gunnar flutti frá Skriðuklaustri var ekki síður vand- að en ódalsgarður hans eystra. Húsið var teiknað af Hannesi Kr. Davíðssyni.

Yngst húsanna sem friður verður nú um ytra byrði á er Menntaskólinn v/Hamrahlíð, sem byggður var árið 1966 og teiknaður af Skarphéðni Jóhannssyni arkitekt. Með þessari friðun er ráðherra og húsa-friðunarnefnd að stíga skref til friðunar yngri bygginga í ljósi þess að nú aukast þær raddir að styrk sem vilja sjá breytingar á lögum um húsafriðun sem verndi byggingar yngri en þær sem reistar voru fyrir 1918.

- pbb

Stórtónleikar í Fíladelfíu

Tónleikahrinu erlendra listamanna er ekki lokið: John Fogerty, Wayne Shorter og Bob Dylan eru á ferðinni þessa daga, en hingað koma líka listamenn og leggjast á árar með innlendum kröftum: á sunnudagskvöld verða stórir gospelsónleikar í Fíladelfíu, kirkju Hvítasunnusafnaðarins við Laugaveg, og hefjast kl. 20 um kvöldið. Þar verður á sviði sameinaður kór Gospelkór Reykjavíkur og Gospelkór Fíladelfíu og verður því 40 manna kór á sviði. Undirleik annast hljómsveit sem er að kjarna Mezzoforte-líðið auk aukahljóð-færaleikara.

Sérstakir gestir verða gospelsöngurinn Andrae Crouch og Carol Dennis-Dylan. Crouch er þekktasta nafn gospel-geirans og hefur verið að síðan um 1960 og unnið til margra Grammy-verðlauna. Hann



TÓNLIST Andrea Crouch

hefur haft hvað mest áhrif allra manna á gospel-tónlist samtímans og er mjög virtur fyrir bragðið. Margar stórstjörnurnar hafa sótt í hans krafta þegar gera á eitthvað með gospel-ívaði. Meðal þeirra má nefna Michael Jackson, Madonna, Elton John, Quincy Jones og Hans Zimmer.

Með Andrae í för er gospelsöngkonan Carol Dennis-Dylan, fyrrverandi eiginkona Bob Dylans og barnsmóðir frá þeim árum sem Dylan lagðist í gospel eins og fram kom á nokkrum diskum hans. Carol hefur áður komið hingað til lands en þau Andrae komu hingað fyrir 11 árum þegar þau héldu tónleika fyrir trúfullu húsi í Broadway. Stjórnandi tónleikanna er Óskar Einarsson og verða þeir haldnir í Hvítasunnukirkjunni Fíladelfíu sem fyrr segir og verða ekki endurteknir. Miðasala er á www.hljomur.is og við innganginn ef einhverjir verða eftir.



„Heilbrigð efri ár - mikilvægt hagsmunamál!“

„Miklar breytingar hafa átt sér stað á almennri lýðheilsu Íslendinga síðustu áratugi. Ber þá ekki síst að þakka eftirliti með hjarta- og æðsjúkdómum, m.a. með mælingum á blóðþrýstingi og blóðfitu og viðeigandi meðferðarúræðum. Aukin þekking, almenn heilsuefning og það að fylgst er mun fyrr með almennu heilsufari fólks, hefur leitt til þess að hægt hefur verið að koma í veg fyrir eða seinka ýmsum alvarlegum áföllum.“

Slíkar forvarnir stuðla ekki einungis að auknu heilbrigði á efri árum heldur einnig meiri lífsgæðum. Meiri þekking, árvekni og fjölbreytilegar meðferðarlausnir gera okkur því kleift að horfa björtum augum til langrar framtíðar án óþarfa kvilla og verkja.“

Anna Birna Jensdóttir, hjúkrunarfræðingur.

Lyf skipta sköpum!



Sjónræn mannfræði

Í vetur hefur Mannfræðifélag Íslands staðið fyrir fyrirlestraröð undir yfirskriftinni „Frásögn, túlkun, tengsl“ og hyggst nú loka vetrardagskránni sinni með pallborðsumræðum þar sem tekið verður sérstaklega fyrir viðfangsefni sjónræn mannfræði sem er ein af hlíðargreinum mannfræðinnar. Lokahnykkurinn tengist alþjóðlegri ráðstefnu um það efni og ráðstefnu sem haldin verður á Ísafirði dagana 29. maí - 1. júní. NAFA - Nordic Anthropological Film Association - eða Norræn samtök um mannfræðilegar kvikmyndir stendur fyrir ráðstefnuhaldinu vestra. Það

ber heitið Hvað er sjónræn mannfræði? - Frásögn, túlkun, tengsl.

Fundurinn í Norræna húsinu í dag hefst kl. 11 og stendur í þrjár klukkustundir: þar verður kynnt sjónræn mannfræði og hópur fræðimanna sem unnið hefur innan þess geira mun skiptast á skoðunum um efnið. Kvikmyndir eru meðal þeirra verkfæra sem sjónræn mannfræði notast við, en eru einnig vettvangur mannfræðilegra rannsókna. Er umræðunum í dag ætlað að gefa innisýn í fjölbreytileika þeirra viðfangsefna sem sjónræn mannfræði fæst við. Stutt erindi flytja mannfræðingarnir Gísli Sveinn Loftsson, Katrín Anna Lund, Sigurjón Baldur Hafsteinsson, Tinna Grétarsdóttir og Þórunn Hafstað. Kristinn Schram þjóðfræðingur stýrir pallborðsumræðum að loknum erindunum.

Gísli Sveinn Loftsson var á árum áður kunnur fyrir afskipti sín að skemmtanahaldi í Reykjavík. Hann brautskráðist frá mannfræðiskor Háskóla Íslands, 2000. Hann lagði stund á sjónræna mannfræði við University of Oxford, ISCA og lauk meistaraþrófi í Visual Anthropology frá Wolfson College, 2005. Erindi Gísla mun fjalla um gildi ljósmyndar sem heimildar frá ýmsum hljóðum.

Katrín Anna Lund er mannfræðingur og lektor í land- og ferðamálafræðiskor Háskóla Íslands. Hún skoðar hvernig frásagnir birtast í ljósmyndum í tengslum við athöfnina að ganga.

Sigurjón Baldur Hafsteinsson er doktor í mannfræði frá Temple University í Bandaríkjunum og stundakennari við Háskóla Íslands. Í erind-



SJÓNÆN MANNFRÆÐI Fréttamynd frá haustinu 2003 sem sýnir slátrun á spendýrum til manneldis. Í Norræna húsinu í dag er athygli beint að heimildum í mynd um atferli mannsins og viðfangsefni mannfræðinnar

inu sem Sigurjón nefnir Hráðsla verður gerð tilraun til að lýsa hvernig hægt er að hugsa sér kvikmyndagerð og kvikmyndasýningar sem rannsóknartæki og rannsóknarmiðun í mannfræðilegum rannsóknum.

Tinna Grétarsdóttir er doktorsnemi í sjónrænni mannfræði við Temple University í Bandaríkjunum og stundakennari við Háskóla Íslands. Með tilliti til yfirskriftar fundarins „Frásögn, túlkun, tengsl,“ fjallar erindi hennar um ávinning þess fyrir mannfræðina að eiga í samræðum við samtímalist.

Þórunn Hafstað útskrifaðist með M.A. í sjónrænni mannfræði frá Goldsmiths University of London árið 2007. Hún ritstýrir sjónritinu Rafskinnu og rekur bókverkabúðina Útúrdúr á Njálsgötu. Í erindi sínu fjallar Þórunn um mannfræði arkitektúrs út frá meistaverkefni sínu.

Þann 29. maí - 1. júní næstkomandi heldur NAFA, (Nordic Anthropological Film Association), Safn Jóns Sigurðssonar á Hrafnseyri og Háskólasetur Vestfjarða Sumarháskóla Hrafnseyrar í formi alþjóðlegrar heimildamyndahátíðar og ráðstefnu undir nafninu „Breaking the barriers“ eða „Hindranir burt“ í Edinborgarhúsinu á Ísafirði. Hátíðin/ráðstefnan er haldin í samvinnu við Edinborgarhúsið, Laglagið Rætur á Ísafirði, Mannfræðideild Háskóla Íslands og Mannfræðifélag Íslands. Nánar verður fjallað um hátíðina hér á síðunni í komandi viku en þeir sem vilja kynna sér dagskrána geta kynnt sér dagskrá og þátttöku á vefnum www.hrafnseyri.is.

pbb@frettabladid.is

> TÍSKUFRETTIR VIKUNNAR

Of djörf auglýsing Leikkonan **Eva Mendes** leikur í nýjum auglýsingum tískurisans **Calvin Klein** fyrir ilmvatnið **Secret Obsession**. Auglýsingarnar eru svo djárfar að sjónvarpsfirvöld í Bandaríkjunum hafa bannað þær, en Calvin Klein er kominn með lögfræðing í málið. „Obsession á að vera kynþokkafullt. Auglýsingin er djörf, en ekki ósmekklegr. Það sést mikil nekt, en smekklegr nekt,“ segja fjölmiðlafulltrúar Klein. Auglýsingin sýnir víst frú Mendes í dagdraumum um kynsandi leyndarmál.

stíll

utlit@frettabladid.is



OKKUR
LANGAR Í
...

Gylltan stuttan kjól frá Dolce og Gabbana. Guðdómlegur. Fæst hjá Sævari Karli.



Sandalar gerast vart gyðjulegri en þessir. Frá MiuMiu og fást hjá Sævari Karli.



DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA Anna Margrét Björnsson

Evrórusl og evrókúl

Hún er runnin upp, þjóðhátíð Evrópubúa. Eurovision fangar algjörlega allt sem kalla mætti „Eurotrash“ og er einhvers konar stórfengleg blanda af öllu því ósmekklegasta sem okkar ágæta álfa hefur upp á að bjóða. Sem er auðvitað frábær skemmtun fyrir alla fjölskylduna. En frásinn „Eurotrash“ er líka dálítið sniðugur. Hann er reyndar upprunninn í Bandaríkjunum og nær yfir dálítið annan hluta Evrópubúa en maður myndi ætla. Ekki neonteknohnakkana heldur nýrika evrópska snobblíðið sem þykist vera af finum ættum. Á vefnum „The Urban Dictionary“ er orðið skilgreint sem hópur fólks frá Evrópu sem er klassískt í fatavali, talar nokkur tungumál, fer bara á „réttu“ staðina í frí (og aðallega á Ian Schrager-hótel og svoleiðis), hefur ekki hugmynd um hver Britney Spears er og flassar aldrei merkjavöru þrátt fyrir að fötin séu eflaust öll rándýr og úr kasmírull. Þetta er til dæmis gaurinn sem þú spottar í sumarfríinu og finnst óstjórnlega pirrandi án þess að vita af hverju. Þú veist- hann gengur í beige-lituum buxum, snýr kraganum á skyrtni upp, notar sólgleraugu sem hársþöng, setur peysuna yfir axlirnar og gengur berfættur í mokkaánum. Ef hann er ítalskur talar hann líka mjög hátt. En aftur að annarskonar rusli: Njótum litagleðinnar og hrærigrautsins í kvöld þegar ofurbrúnar og jafnvel strekkar kynbombur í þröngum kjólum syngja og austur-evrópskir sjarmörar flassa hvíttuum tönnum. Njótum kvöldsins þar sem bleikt er IN og konur mega syngja í bikiníum. En þrátt fyrir það fer mitt atkvæði til hins alskeggjaða franska Sébastien Tellier sem dettur inn í Evróruslatunnuna eins og skrattinn úr sauðarleggnum. Honum tekst hið nær ómögulega - að skjóta kúli í Eurovision.

LJÓSBLEIKT Stutternabolur við sebrabuxur og Chanel-hálsfestar.



SUMARLEGUR Fallegur blár sólkjól sem er auðvelt að skella yfir bikiní.



Sumarbúðir fyrir 12 - 16 ára

Frábærar sumarbúðir
fyrir alla unglina
13. - 17. ágúst 2008
að Löngumýri í Skagafirði



„Þetta var ótrúlega skemmtilegt og ég eignaðist fullt af frábærum vinum... og starfsfólkið var líka æði“



- Hlutverkaleikir
- Kvöldvökur
- Ferðir
- Frábær skemmtun

Dagskrá mótsins er blönduð af gamni og alvöru. Unnið er með viðhorf þátttakenda til ýmissa þjóðfélagshópa og fá þeir meðal annars tækifæri til að setja sig í spor þeirra í formi hlutverkaleikja



Skráning hjá jon@redcross.is
eða í síma 5704000

Rauði kross Íslands
raudikrossinn.is



CHANEL DRAGT Klassíska dragtin í sumarþúningi með flottum ökkla-skóm.



HÁRBAND Lagerfeld sýndi mikið af breiðum hippa-legum hárböndum sem eru einföld lausn á strandar-hári.

KARL LAGERFELD SÝNIR CRUISE-LÍNU CHANEL FYRIR SUMARIÐ 2008

SEXÍ OG STUTT Í SÓLINA

Einhver okkar halda án efa á stendur Evrópu í sumar og upplagt að skoða hvað hátísku-hönnuðurnir hafa fram að færa á „cruise“-sýningunum þar sem þeir skapa heilu línurnar til að hafa meðferðis í sumarfríið. Meistari Lagerfeld klikkaði ekki frekar en fyrri daginn með strandarlínu Chanel sem einkenndist af pínulitlum stuttbuxum og sætum sólkjólum. Það er alltaf hægt að sækja innblástur til Chanel.

- amb

SVALT Rennur glimmerjakki og derhúfa, fullkomið á diskótékin í Ibiza.



SEXÍ Knallstutt pils fyrir þær leggjalöngu.



Seðlaveski með sumarblómum frá Orla Kiely. Fást í Kisunni, Laugavegi.

Geggjað arm-band frá Maui. Frá Systrum, Laugavegi.



ILMVÖTN ÁRSINS?

Hin alþjóðlega ilmvatnsstofnun velur þau bestu

Nú í vikunni var haldin verðlaunaafhending á vegum „The Fragrance Foundation“ um bestu ilmstöfnun ársins og eru eins konar óskarsverðlaun ilmvatnsheimsins. Alls kyns stjörnur og tiskuhönnuðir mættu í verðlaunateitið en þetta er í 36. sinn sem hátíðin er haldin. Vinsælustu ilmstöfnun ársins voru frá Beckham-hjónunum en þeir nefnast Intimally Beckham fyrir menn og konur. Verðlaunin fyrir mesta lúxusilmvatn kvenna fékk ilmurinn Daisy frá Marc Jacobs, en besti lúxusilmurinn fyrir herra að mati dómnefndar var Dolce & Gabbana Light Blue for Men. Verðlaun fengu einnig Infusion d'Iris frá Prada og Armani Privé fyrir herra.



An International Education in Iceland

The International School of Iceland offers a dynamic learning environment for primary school children in grades 1-7 (aged 6-13). Our emphasis is on international mindedness and Positive Discipline in a bilingual environment. Instruction takes place within small classes and pull-out programs. All students study Icelandic. For more information please visit our site at www.internationalschool.is

Skólinn er einkarekinn grunnskóli innan Sjálandsskóla, Garðabæ sem býður upp á alþjóðlega menntun fyrir grunnskólabörn. Áhersla er lögð á alþjóðlega vitund og jákvæðan aga í tvítungdu umhverfi. Allir nemendur fá íslenskukennslu, ýmist sem móðurmál eða annað tungumál. Kennsla hefst 25. ágúst.

Nýtt: Tvítungd námsleið er í boði fyrir nemendur í 1. og 2. bekk.



Grunnskóli fyrir nemendur í 1.-7. bekk

Alþjóðaskólinn á Íslandi / Löngulínu 8 / 210 Garðabæ
Sími 590-3106 / isi@internationalschool.is / www.internationalschool.is



EUROVISIONSTEMMNING Í HOLTAGÖRÐUM

Skemmtileg grillstemmning með pylsum og safa

Habitat verður með leiðsögn að skemmtilegum útfærslum á Eurovision-borðhaldi.

Eurovisionlög og leikir allan daginn

KI. 14.00 Okkar ástsæla Eurovisionstjarna Selma Björnsdóttir tekur lagið og opnar Stubbavision-söngvakeppni fyrir hressa Stubba á öllum aldri. Vegleg verðlaun í boði.

KI. 15.30 Dregið úr Eurovision-spurningarleik „Hver er Eurovisionstjarnan“. Myndir af þekktum Eurovisionstjörnum verða sett í 13 herbergi í Stubbasmíðjunni og nú reynir á kunnáttu barna og foreldra. Vegleg verðlaun í boði.

KI. 15.00 Eurovision-teiknisamkeppni í Eymundsson. Veitt verða verðlaun fyrir flottustu teikninguna. Hvernig líta Regína Ósk og Friðrik Ómar best út á sviðinu í Serbíu? Myndirnar verða hengdar upp til sýnis í Eymundsson, Holtagörðum.



> SVINDLAÐ Á SYSTRUM

Tvívurasystrurnar Ashley og Mary-Kate Olsen eru eflaust viti sínu fjær af reiði þessa dagana. Starfsmaður á Starbucks-kaffihúsi nærri íbúð þeirra í New York hefur játað að hafa svindlað á systrunum. Í hvert skipti sem systurnar pöntuðu sér kaffi-drykki og báðu um fituskerta mjólk, sem þær gerðu iðulega, notaði hann þá feitustu sem völ var á. Ástæðan? Honum fannst þær allt of grannar.



fólk
folk@frettabladid.is

Kærastarnir í skýjunum

„Þetta var bara æðislegt,“ segir Sigursveinn Þór Árnason, kærasti Regínu Óskar. Hann er staddur í Belgrad og horfði á Eurobandið syngja sig inn í úrslitakvöldið í gær. „Maður óskraði úr sér lungun þegar úrslitin voru kynnt,“ segir Sigursveinn en allt ætlaði um koll að keyra meðal Íslendinganna sem voru í salnum. Hann er að vonum mjög stoltur af sinni konu. „Að sjálf-sögðu er maður það, enda ekki annað hægt.“ Sigursveinn, eða Svenni eins og hann er kallaður, segir að flutningur þeirra Regínu Óskar og Friðriks hafi ekki komið sér á óvart. „Ég vissi að þau myndu rúlla þessu upp. Þetta eru náttúr-lega fagmenn sem gera þetta hverja einustu helgi.“

Ármann Skæringsson er kærasti



HAMINGJA Þeir Friðrik Ómar og Ármann voru að vonum ánægðir með úrslit kvöldsins.

Friðriks Ómars. Hann er ekki síður stoltur af ástinni sinni. „Jú, ég er það,“ segir hann, en hann er einnig staddur í Belgrad eins og greint var frá hér í blaðinu á dögunum. Ármann hefur lítið látið fyrir sér fara í Belgrad en á fimmtudagskvöldið tók hann fullan þátt í fögnuði þeim er braust út eftir að úrslitin voru gerð kunn.



SIGURKOSS Svenni smelli einum heitum kossi á varir sinnar heittelskuðu þegar úrslitin voru kunnngjörð.

Þegar blaðamaður náði tali af Sigursveini var hann á leið til móts við tengdaforeldra sína sem komu til Belgrad í gær til að vera í salnum á úrslitakvöldinu. Ljóst er að spenningurinn verður mikill í herbúðum Eurobandsins en Sigursveinn hefur fulla trú á að þau Friðrik og Regína fari alla leið í kvöld. „Ekki spurning,“ segir hann kampakátur. -shs

Naumur sigur Cook

Úrslitabáttur sjöundu þáttaraðarinnar af American Idol fór fram á miðvikudagskvöldið. Þar áttust við hinn sautján ára gamli David Archuleta og David Cook sem er 25 ára. Keppnin hefur aldrei verið eins jöfn í sögu American Idol.



SIGURVEGARI Miðvikudagskvöldið var gott kvöld fyrir David Cook.

NORDICPHOTOS/GETTY

Skemmst er þó frá því að segja að David Cook fór með sigur af hólmni með 56 prósent atkvæða, eftir að hafa sýnt mikla yfirvegna á úrslitakvöldinu og sungið frábæra. Nafni hans Archuleta var hins vegar taugaveiklaður og þegar Ryan Seacrest ræddi við hann milli laga var hann algerlega yfirspennur og átti erfitt með að tjá sig.

David Cook er frá Blue Springs í Missouri-ríki í Bandaríkjunum en mætti í áheyrnarprufur í Omaha. Þar vakti hann strax athygli dómnefndar, án þess þó að nokkurn hefði grunað að hann ætti eftir að fara alla leið. Honum hefur hins vegar vaxið ásmegin jafnt og þétt í gegnum keppnina en toppnum var náð á miðvikudagskvöldið. Þá söng hann lögina I Still Haven't Found What I'm Looking For með U2, Dream Big með Emily Shackleton og The World I Know með Collective Soul.



DATNER & KUSHNIR Grínistarnir Datner & Kushnir fluttu Hoopa Hoole á eftirminni-legan hátt í Eurovision árið 1987.



ZOHAR LASKOV Zohar telur að Íslendingar séu yfirhöfuð mjög hamingjusamir.

Hamingja og Hoopa Hoole

Íslenskir Eurovision-aðdáendur virðast eiga erfitt með að fá leið á ísraelska laginu Shir Habatlanime, eða Hoopa Hoole. Höfundur lagsins Zohar Laskov, hefur sínar skýringar á vinsældunum.

Hoopa Hoole var flutt af gríndú-etnum Datner & Kushnir, sem einnig eru þekktir sem The Lazy Bums, í Eurovision árið 1987. Lagið náði sér í 73 stig og endaði í áttunda sæti, átta sætum ofar en Hægt og hljótt.

Flest af þeim lögum sem ná ekki að vinna Eurovision falla í gleymiskunnar dá með tíð og tíma. Sú hefur þó ekki orðið raunin með Hoopa Hoole, sérstaklega ekki hér á landi

þar sem flestir sem komnir eru til vits og ára geta raulað lagið án þess að hafa mikið fyrir því.

Fyrir skömmu birtist frétt á ísraelskri netsíðu þar sem undrast var yfir því að lagið væri að finna á nýrri íslenski Eurovision-safnplötu. Þar var því jafnframt haldið fram að Hoopa Hoole sé vinsælasta Eurovision-lag allra tíma á Íslandi, hvorki meira né minna.

Til að leita skýringa á þessum vinsældum hafði Fréttablaðið samband við höfundinn Zohar Laskov. Hann er gríðarlega ánægður með viðtökurnar sem lagið hefur fengið hérna en tekur þó fram að hin Norðurlöndin hafi einnig tekið það upp á sína arma. Til að mynda hafi Svíar, Norðmenn og Finnar allir gert sínar útgáfur af laginu.

Eftir mikla umhugsun segist Laskov hafa fundið skýringuna á vinsældum lagsins á Íslandi. „Það

er mikil gleði í Hoopa Hoole og það var samíð með bjartsýnina að leiðarljósi. Ég trúi því að í öllum sköpunarverkum sjáir þú persónuleika höfundanna í gegn. Ég held líka að þú getir séð hvað einkennir hverja þjóð fyrir sig með því að finna út hverju hún hefur gaman af. Mín niðurstaða er því sú að Íslendingar séu yfirhöfuð mjög hamingjusamir og kannski ennþá hamingjusamari en aðrir. Síðan er spurning hvort þeir átti sig á því sjálfir,“ segir hann.

Hvað varðar framlag Íslands til Eurovision í ár segist Laskov hafa fulla trú á því. „This Is My Life hefur allt að bera til að verða sígilt Eurovision-lag, ég efast ekki um það. Það kemst pottþétt í úrslitin en afgangurinn fer eftir því hvernig dúettinum gengur á sviðinu í beinni útsendingu,“ segir Zohar Laskov.

freyr@frettabladid.is

Stökktu til
Mallorca
28. maí
frá kr. **34.990**



Síðustu sætin

Heimsferðir bjóða nú síðustu sætin til Mallorca frá 28. maí á einstökum kjörum. Mallorca er einn vinsælasti áfangastaður Íslendinga á Spáni og hér nýtur þú sumarsins til hins ítrasta í sólinni. Þú bókar flug og gistingu og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir.

Verð kr. **34.990**

Netverð á mann, m.v. 2-4 í herbergi / stúdíó / íbúð. Aukavika kr. 15.000



Skógarhlíð 18 • sími 595 1000

Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Rosa fín stemning hjá Eurobandinu – stefna á toppsætið

Allar Norðurlandþjóðirnar fimm taka nú þátt í aðalkeppni Eurovision. Það hefur ekki gerst síðan árið 2001. Þegar þetta varð ljóst á fimmtudagskvöldið þótti ekki annað hægt en að efna til sameiginlegs blaðamannafundar. Norrænnir blaðamenn fjölmenntu á In hóteli við hliðina á keppnishöllinni í Belgrad. Charlotte hin sænska lét drottningarlega og var lítið að blanda geði, finnsku þungarokkararnir virtust feimnir, en Eurobandið, Maria hin norska og Daninn Simon eru orðin ágætis kunningjar.

„Ég held að öll norrænu lögin eigi jafna möguleika. Þetta eru allt svo ólík lög,“ svaraði Regína Ósk og var dipló. „Okkar uppáhaldslag er þó lagið frá Serbíu.“

Rosa fín stemning er nú á Eurobandinu enda ákveðin pressa að baki. „Allt sem gerist frá og með núna er bara bónus,“ sagði Friðrik. „Það er öðruvísi pressa á okkur en var. En að sjálfsögðu stefnum við á toppsætið.“

Örlygur Smári, höfundur This is my life, tekur undir þetta: „Við stefnum bara á toppinn. Og eftir að ég sá þau syngja lagið á fimmtudaginn fannst mér eiginlega ekki annað koma til greina en að okkur gangi vel.“ -glh



STEFNA Á TOPPINN Regína Ósk og Friðrik Ómar voru í góðu skapi í viðtölum við erlenda fjölmiðla í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



NORRÆN SAMVINNA Íslensku keppendurnir með þeim norsku.



UMKRINGD Nóg var að gera hjá Friðriki og Regínu í gær.



ENDURBÆTTUR BANKI Plötusnúðateymið N3 hefur sent frá sér nýja útgáfu af Gleðibankanum, en þeir gefa sig út fyrir að vera plötusnúðar á síðasta snúningi.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA.S

Gleðibankinn í nýjum búningi

Norðenska plötusnúðateymið N3 hefur gefið út nýja og að eigin sögn betrubætta útgáfu af Gleðibankanum. „Við erum að halda upp á ársafmæli okkar,“ útskýrir Davíð Rúnar Gunnarsson, sem skipar N3 ásamt þeim Sigurði Rúnari Marinóssyni og Péttri Má Guðjónssyni. Þeir eru fæddir árin 1971 og 1972, en gefa sig út fyrir að vera plötusnúðar á síðasta snúningi. „Já, við erum orðnir svo gamlir. Það eru alveg síðustu forvöð að verða frægir núna,“ segir Davíð og hlær við.

Hann segir þá félagana hafa plötusnúðast saman frá unga aldri, en ekki með skipulögðum hætti fyrr en í fyrra. „Við bjuggum til Eurovision-partí í fyrra, þar sem það er í upphaldi hjá okkur öllum, og troðfylltum Sjallann. Við höfum haldið nokkur böll síðan, og nú ætlum við að halda upp á ársafmælið, með Eurovision auðvitað,“ segir Davíð, sem er að vonum ægilega ánægður með árangur Friðriks Ómars og Regínu Óskar.

Í tilefni af afmælinu hefur N3 gefið út endurbætta útgáfu af Gleðibankanum. „Það er bara Eurovision-Lagið og nánast þjóðsöngurinn,“ segir Davíð. „Við gerðum þetta bara svona í gríni. Heimir Ingimars úr Luxor syngur, og nokkrir strákar hérna á Akureyri hjálpuðu okkur að búa til lagið sjálft,“ útskýrir hann. Þá er það enginn annar en Páll Óskar Hjálmtýsson sem talar inn á upptökuna. „Honum fannst það bara skemmtilegt. Hann prófaði að spila þessa útgáfu á Eurovisionballi í Sjallanum síðustu helgi og það fékk þvíflikar undirtektir,“ segir Davíð.

N3 stendur fyrir Eurovisionballi í Sjallanum í kvöld, en nánari upplýsingar um það má sjá á sjallinn.is. Nýjan Gleðibanka má hlusta á á myspace.com/djn3.
www.wwwwwwwww

Kemst ekki í kirkju lengur

Beyoncé Knowles er hætt að sækja kirkju vegna áreitiss frá öðrum kirkjugestum. „Mér finnst það leitt,“ segir söngkonan sem er afar trúuð.



ÁREITT Í MESSU Beyoncé Knowles er hætt að fara í messu á sunnudögum þrátt fyrir að vera afar trúuð, þar sem fólk er stöðugt að koma upp að henni í kirkjunni.

„Ég held að Guð skilji það ef ég missi af sunnudagsmessunni,“ bætir söngkonan við.

Hún segir einnig að ekki sé von á neinni opinberri staðfestingu á því að hún hafi í raun gengið að eiga unnusta sinn, rapparann Jay-Z, á dögnum. „Ég neita því ekki. Ég tala bara ekki um það. Við höfum aldrei talað um okkur og það hefur eiginlega verndað sambandið okkar,“ segir söngkonan.

Fornir fjendur gleðjast með Eurobandinu

„Ég hélt alltaf að þau myndu komast upp úr úrslitakeppninni, sérstaklega í ljósi þess að undankeppnirnar eru tvær og allar þjóðir nema hinar fjórar stóru taka þátt í þeim,“ segir Sigrún Blomsterberg dansari. Eins og frægt er orðið þá var ákveðið að láta dansarana fjúka skömmu eftir að tilkynnt var að Eurobandið hefði unnið forkeppni Eurovision hér á landi og þær stöllur spóruðu ekki stóru orðin, töldu möguleika Íslands fremur litla eftir brotthvarf þeirra. Sigrún segir að atriði þeirra Friðriks og Regínu hafi verið kraftmikið og virkilega flott. „Mér fannst þau skila þessu vel, notuðu myndavélarnar og voru virkilega örugg. En mér finnst ennþá eins og það vanti eitthvað upp á atriðið og ég er ansi hrædd um að það eigi eftir að koma niður á þeim á lokakvöldinu. Þau eru vodafonega ein á þessu stóra sviði,“ útskýrir Sigrún og fer ekkert í grafótur með það að dansarar hefðu sett punktinn yfir i-ið og fleytt þeim ansi langt. Hún viðurkennir að eitt augnablik hafi hellst

yfir hana pínulítill vonbrigði. „Auðvitað hefði maður viljað vera þarna, sviðið er með því flottara sem maður hefur séð og við hefðum auðvitað viljað sýna Evrópu hvað í okkur býr.“

Egill Einarsson, betur þekktur sem Gillzenegger, sagðist vera ótrúlega stoltur af Eurobandinu. Og talar þar í fullri einlægni. „Þau voru það glæsileg á sviðinu að þetta gat ekki klikkað. Ég segi það í fullri hrein skilni að ég hoppaði um af gleði heima,“



segir Egill en hann og félagar hans í Mercedes Club áttu í töluverðum útistöðum við Eurobandið meðan á forkeppninni stóð. „Mér fannst sérstaklega gaman að sjá Friðrik á hlýrabolnum, hann hafði bætt allavega þremur sentímetrum við upphandleggs-vöðvana og þau voru í virkilega flottu formi. Ég fer hins vegar ekkert ofan af því að það voru mistök að taka ekki dansarana með út, það hefði gert gæfumuninn.“

- fgg

Útsölumarkaður Noa Noa
hefst í dag í Skeifunni 17

Þú tekur **3** flíkur en
borgar aðeins fyrir **2**

- á 40% afslætti!

Opið mán.- föst: 12 - 18 · Lau: 12 - 18 · Sun: 13 - 17



Láta dansinn duna í sumar

Fyrsta Dansa meira-kvöld sumarsins verður haldið í kvöld á Kaffibarnum. Kvöldið er liður í röð samkvæma sem stjórnendur útvarpsþáttarins Party Zone standa fyrir þriðja sumarið í röð.

Party Zone ætlar að hreiðra um sig á litlu stöðunum í sumar og verður Kaffibarninn höfuðvígíð. Einnig munu Dansa meira-partýin færa sig yfir á Barinn, B5 og til Akureyrar. „Við byrjuðum í gamla daga á litlu stöðunum og ákváðum því að búa til þetta konsept því okkur fannst lítið dansað á litlu kaffihúsunum,“ segir Helgi Már Bjarnason, sem skipar dúettinn Már og Nielsen ásamt Andréssi Nielsen. „Við byrjum á upphaldsbarnum okkar, Kaffibarnum, sem er búinn að vera félagsmiðstöð danssennunnar í 101 í fimmtán ár,“ segir hann. „Aðalsmerkið okkar er „súperdelaleg“ og „sleazy“ partítónlist og kampavín. Við spilum alltaf með eina kalda rándýra kampavín okkur við hlið.“

Sem fyrr verður partídiskur sumarsins, Dansa meira Vol.3, settur saman af þessu tilefni og verður hann gefinn gestum kvöldanna.



MÁR OG NIELSEN Már og Nielsen spila alltaf með eina rándýra kampavínsflösku sér við hlið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Aðalfundur ÍFR 2008



Aðalfundur Íþróttafélags fatlaðra í Reykjavík verður haldinn Laugardaginn 31.maí 2008 kl. 14.00 í íþróttahúsi félagsins að Háturni 14.

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Önnur mál

Stjórnin

FRÉTTIR AF FÓLKI



Victoria Beckham mun snúa aftur í Ugly Betty. Kryddþían vakti mikla athygli þegar hún lék sjálfa sig sem brúðarmær fyrir hina harðsvír-uðu Wilhelminu Salter, sem **Vanessa Williams**, í fyrra. Henni

hefur því verið boðið að snúa aftur, og það oftast en einu sinni. Fregnir herma að hún hafi tekið boði um að vera reglulegur gestaleikari í þáttunum, þó alltaf sem hún sjálf. Fleiri stjórnur hafa heimsótt Ugly Betty, en í þeirra hópi eru bæði **Naomi Campbell** og **Lindsay Lohan**.

Harrison Ford neitaði að láta líta hárlit fyrir nýjustu Indiana Jones-myndina. **Steven Spielberg** og **George Lucas** munu báðir hafa ýtt á stjórnuna, sem er 65 ára, að hylja gráu hárin með lit, en Ford þvertók fyrir það.



„Af hverju má Indiana Jones ekki hafa grátt hárlit? Hvaða máli skiptir það?“ segir Ford, sem fékk sínu framgengt að lokum.



Kröfur Madonna um aðbúnað á hótélherberginu sem hún og **Guy Ritchie** búa í meðan á dvöl þeirra í Cannes stendur munu hafa komið

starfsfólki Carlton-hótelsins á óvart. Madonna fór fram á að hitastig í svítunni væri alltaf 30 gráður og að herbergið væri fullt af blómum og ilmkerfum. Hún bað einnig um að tveimur hlaupabrettum yrði komið fyrir þar, svo hún og eiginmaðurinn gætu æft saman. Skrítnasta bóinn þótti þó vera sú að krókur yrði festur við loftið í herberginu. Ekki er vítað til hvers hann er ætlaður.

Leikkonan **Scarlett Johansson** virðist ekki kippa sér upp við að plata hennar, þar sem hún syngur lög Tom Waits, fái draemar viðtökur.

„Ég er ágætis söngkona,“ segir hún í viðtali við NME. „Ég held að margir leikarar hafi góðar raddir. Við erum eftirhermur,“ bætir hún við, og segir frá því að hún hafi sankað að sér alls kyns hljóðum áður en upptökur á plötunni hófust. „Ég varði mörgum dögum í að taka upp ughljóð,“ segir leikkonan.



Nýtt í bíó

INDIANA JONES
and the
KINGDOM OF THE CRYSTAL SKULL

EKKI MISSA AF STÆRSTU ÆVINTÝRAMYND SÍÐARI ÁRA

LAUGARÁR BÍÓ SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ BORGAR BÍÓ ALFABAKKI SAMBÍÓIN KEFLAVÍK SAMBÍÓIN KRINGLAN SELFÖSS

> Sigur hjá Jóni Arnóri og Lottomatica

Lottomatica Roma, með Jón Arnór Stefánsson innanborðs, vann fyrsta leikinn gegn Air Avellino í undanúrslitum ítalska körfuboltans í gærkvöldi. Leikurinn var æsispennandi en Lottomatica tryggði sér 68-63 sigur með því að nýta færin sín betur á lokakaflanum. Avellino var yfir eftir þrjá leikhluða en Roma var sterkari undir lokin. Þetta var fyrsti leikur liðanna en þrjá sigurleiki þarf til að komast í úrslit. Jón Arnór skoraði eina þriggja stiga körfu en hafði annars hægt um sig á þeim þrettán mínútum sem hann spilaði.

sport
sport@frettabladid.is



ÓLAFUR JÓHANNESSON LANDSLIÐSPJÁLFARI: SLEIT HÁSIN Í FÓTBOLTALEIK MED TÍU ÁRA KRÖKKUM

Það var eins og steypubíll hefði keyrt á mig

Ólafur Jóhannesson landsliðspjálfi mun stöðvast við hækjur í landsleiknum gegn Wales í næstu viku eftir að hann sleit hásin í fótbolta með tíu ára krökkum í Korpuskóla. Ólafur var þar að kynna íþróttina ásamt Bjarna Sigurðssyni markmannspjálfa og endaði dagskráin með því að Ólafur brá á leik með krökkunum sem síðan endaði á þennan slæma hátt.

„Ég var alls ekkert að sýna neina takta. Hef alltaf haft vit á því að passa mig í svona stöðum. Ég var í raun ekkert að gera, ég stóð í lappimar og fór svo á móti bolta og þá var bara eins og steypubíll hefði verið keyrt á mig.“ sagði Ólafur við Fréttablaðið í gær en hann gekkst undir aðgerð vegna meiðslanna í gær. Þrátt fyrir meiðslin alvarlegu var Ólafur ekkert að gera mikið úr málinu á staðnum en neitaði því ekki að þetta hefði verið þínu neyðarlegt.

„Því er ekki að neita. Svo rétt áður en þetta gerðist kallaði Bjarni að það væru 20 sekúndur eftir af leiknum. Ég reyndi síðan að bera mig vel og halda andlitinu gagnvart krökkunum. Ég

keyrði síðan bara sjálfur heim. Hélt ég hefði kannski bara tognað. Blessunarlega hef ég gott aðgengi að læknum og endaði á Orkuhúsinu og þar kom þetta í ljós. Ég verð því á hækjum næstu mánuðina væntanlega. Það tekur tíma fyrir menn á mínum aldri að jafna sig á svona. Ég er samt ekkert að velta mér mikið upp úr þessu enda margt verra til í lífinu en að slíta hásin.“ sagði Ólafur en ætla hann að láta hækjurnar trufla störf sín í landsleiknum?

„Ég reyni það sem ég get en óneitanlega hægir þetta aðeins á mér. Annars var ég að horfa á leik með Wales um daginn og þá var þjálfari Wales líka á hækjum. Ég veit ekki hvort hann sleit líka hásin.“ sagði Ólafur léttur.

„Ég hef aldrei slitið hásin áður en þegar ég var 32 ára meiddist ég illa á gervigrasinu í Laugardal en þá snérist löppin við og allt fór í rauninni nema hásinin.“ sagði Ólafur en meiðslin setja strík í reikninginn fyrir sumarið hjá honum og fjölskyldunni. „Þetta átti að vera fyrsta sumarið mitt í frii og það stóð til að hreyfa sig og annað með konunni en það verður lítið úr því núna.“



EIÐUR Gæti verið með gegn Wales.
FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

Óvissa með Eið Smára:

Verður Eiður með eða ekki?

FÓTBOLTI Enn er óvíst hvort Eiður Smári Guðjohnsen taki þátt í vináttulandsleiknum gegn Wales á miðvikudag. Eiður var hér á landi í gær en fer aftur til Spánar í dag. Var Eiður að sækja passa sem hann vantaði að sögn Arnórs Guðjohnsen, föður og umboðsmanns Eiðs. Þórir Hákonarson, framkvæmdastjóri KSÍ, sagði í gærkvöldi að ekkert hefði heyrst frá Barcelona.

Á heimasíðu Barcelona sagði í gær að Eiður hefði ekki tekið þátt í æfingu dagsins þar sem honum hefði verið leyft að taka þátt í öðru verkefni. KSÍ hafði óskað eftir þátttöku Eiðs í leikinn.

Arnór sagði við Fréttablaðið að Barcelona væri ekki hrifin af því að Eiður spilaði landsleikinn. „Þeir telja svona vináttuleiki vera meiðslahættu.“ sagði Arnór. Hann staðfesti einnig að ýmis félög hefðu áhuga á því að kaupa Eið sem ætla að skoda stöðu sína hjá félaginu í sumar. - hph

KR kann að klára leikina

KR-konur unnu sinn þriðja leik í röð í Landsbankadeild kvenna í gær og þjálfari Helena Ólafsdóttir var alsæl með 3-0 sigur á Blikum. Vanda Sigurgeirsdóttir, þjálfari Blika, var stolt af sínum stelpum þrátt fyrir tap.

FÓTBOLTI KR-konur eru áfram með fullt hús á toppi Landsbankadeildar kvenna eftir 3-0 sigur á Breiðabliki á KR-vellinum í gær. Blikar bitu frá sér í leiknum og fengu færni til þess að skora en KR lenti þó ekki í sömu vandræðum og í fyrstu tveimur leikjunum, þegar liðið vann nauma útisigra á Keflavík og Þór/KA. Það var annars vörbragur á leik liðanna og leikurinn bauð aðallega upp á baráttu en minna var um flott samspil.

„Ég er ánægð með að vinna 3-0 sigur og að við skyldum ekki fá á okkur mark. Við höfum verið í ákveðnum vandræðum í fyrstu tveimur leikjunum en mér fannst við ná að rífa okkur upp úr því og sýna smá karakter fyrir okkur sjálfar.“ sagði Helena Ólafsdóttir, þjálfari KR, eftir leikinn og bætti síðan við:

„Þetta var besti leikurinn hjá okkur en það er margt sem við þurfum að fínþússa eins og önnur lið. Við höfum lent í vandræðum en við erum ekki að tapa stigum því stelpurnar hafa verið að sýna karakter og náð að klára leikina. Við erum með nýu stig eftir þrjá leiki og það er það sem við ætlum okkur.“ sagði Helena.

Elsa Hlín Einarisdóttir hafði í nógu að snúast í Blikamarkinu framan af leik og varði nokkrum sinnum mjög vel í upphafi leiks þar á meðal úr dauðafærum frá bæði Hrefnu Huld Jóhannesdóttur og Ólínu Guðbjörgu Viðarsdóttur. Eftir þó nokkra pressu KR-liðsins í fyrri hluta hálfleiksins unnu Breiðabliksstúlkur sig inn í leikinn og færði sig fram á völlum.

Breiðabliksliðið náði nokkrum ágætum sóknunum og færði sig



BARÁTTA KR-ingurinn Fjóla Dröfn Friðriksdóttir skapaði oft usla í gær og hér er hún á undan Blikanum Söndru Sif Magnúsdóttur.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

framar á vellinum en það var hinsvegar KR sem skoraði fyrsta markið. Hrefna Huld Jóhannesdóttir lyfti þá boltanum laglega yfir Elsu Hlín Einarisdóttur í Blikamarkinu eftir að hafa fengið langa stungusendingu frá Eddu Garðarsdóttur inn fyrir vörnina. KR var meira með boltann en gekk illa að opna skipulagða vörn Breiðabliks.

Vanda Sigurgeirsdóttir breytti um tvo sóknarmenn efir klukkutíma leik og í kjölfarið fengu Blikar nokkur ágæt færni þar sem KR-liðið var hafði heppnina með sér. Blikum tókst þó ekki að jafna leikinn og var refsað fyrir það.

Ólína Guðbjörg Viðarsdóttir skoraði annað mark KR á 68. mínútu með skalla eftir aukapyrnu Eddu Garðarsdóttur og tólf mínútum síðar gerði Katrín Ómarsdóttir út um leikinn þegar hún fylgdi á eftir skoti Hrefnu Huldar.

„Auðvitað er ég hundfúl með að tapa en ég var ánægð með marga hluti hjá mínu liði og ég er stolt af mínum leikmönnum. Við vorum óheppnar að skora ekki og ég held að það hefði breytt miklu ef við hefðum náð að jafna í 1-1 eða minnka muninn í 2-1.“ sagði Vanda Sigurgeirsdóttir, þjálfari Breiðabliks, eftir leikinn.

ooj@frettabladid.is

ÚRSLIT GÆRDAGS

Landsbankadeild kvenna:

KR-Breiðablik	3-0
1-0 Hrefna Huld Jóhannesdóttir (36.), 2-0 Ólína Viðarsdóttir (68.), Katrín Ómarsdóttir (80.).	
Fjölnir-Valur	1-7
0-1 Málfríður Ema Sigurðardóttir (15.), 0-2 Hallbera Guðný Gísladóttir (42.), 0-3 Katrín Jónsdóttir (49.), 1-3 Kristín Hextall (62.), 1-4 Sif Rykær (63.), 1-5 Margrét Lára Viðarsdóttir (77.), 1-6 Kristín Ýr Bjarnadóttir (86.), 1-7 Margrét Lára Viðarsdóttir (87.)	
Keflavík-Fylkir	2-1
1-0 Lilja Íris Gunnarsdóttir (34.), 2-0 Danka Podovac (45.), 2-1 Lizzy Karoly (56.).	
Afturelding-Stjarnan	0-2
0-1 Björk Gunnarsdóttir, 0-2 Björk Gunnarsdóttir.	

Staðan:

Valur	3	3	0	0	15-2	9
KR	3	3	0	0	8-3	9
Stjarnan	3	2	1	0	7-1	7
Keflavík	3	1	1	1	4-4	4
Breiðablik	3	1	1	1	4-5	4
Afturelding	3	1	0	2	3-5	3
Fylkir	3	1	0	2	3-4	3
HK/Víkingur	2	0	1	1	1-4	1
Þór/KA	2	0	0	2	3-8	0
Fjölnir	3	0	0	3	1-13	0

1. deild karla:

ÍBV-Stjarnan	2-0
1-0 Þórarinn Ingi Valdimarsson (5.), Augustine N'Zumba (45.).	
KA-Selfoss	2-2
1-0 Guðmundur Óli Steingrímsson (32.), 2-0 Norbert Farkas (40.), 2-1 Sævar Þór Gíslason (41.), 2-2 Henning Eyþór Jónsson (68.).	
Haukar-Víkingur R.	3-1
0-1 Jimmi Hoyer (45.), 1-1 Úlfar Hrafn Pálsson (46.), 2-1 Davíð Ellertsson (48., víti), 3-1 Denis Curic (85.).	

Staða efstu liða:

ÍBV	3	3	0	0	6-0	9
Selfoss	3	2	1	0	9-6	7
Haukar	3	1	2	0	6-4	5
Víkingur Ó.	2	1	1	0	2-1	4
Stjarnan	3	1	1	1	2-3	4
Víkingur R.	3	1	0	2	6-7	3
Þór Ak.	2	1	0	1	3-4	3
Fjarðabyggð	2	0	2	0	4-4	2
KA	3	0	2	1	5-7	2

Ísland og Spánn undirbúa sig bæði fyrir forkeppni ÓL: Mætast í hádegisleik í dag

HANDBOLTI Íslenska A-landslíð karla í handbolta mætir Spánverjum í dag í æfingaleik í Cordova á Spáni en leikurinn hefst í hádeginu á spænskum tíma eða klukkan 10.30 að íslenskum tíma.

Báðar þjóðir eru að undirbúa sig fyrir forkeppni Ólympíuleikanna.

Ísland er þar í riðli með Póllandi, Svíþjóð og Argentínu sem fram fer í Wrocław í Póllandi. Spánn mætir meðal annars Norðmönnum í undankeppninni og telja leikinn á móti Íslandi góða æfingu á móti „norræna stílnum“. Liðin mætast aftur á morgun klukkan 10.45. - 66j

142 kylfingar eru skráðir til leiks í fyrsta móti Kaupþingsmótaraðarinnar um helgina:

Hættulegir Hólar á Hellu

GOLF Golfarar hefja leik á Kaupþingsmótaraðinni í dag þegar leikið verður á Strandavelli á Hellu. 142 kylfingar eru skráðir til leiks en nokkra þekkta kylfinga vantar í fyrsta mótið.

Breyting hefur orðið á fyrirkomulagi mótaraðarinnar. Hringjunum hefur verið fækkað um einn. Nú verða því aðeins leiknar 36 holur á tveimur dögum í stað 54 áður. Spennan ætti því að vera meiri á toppnum en auk þess fær sigurvegari mótaraðarinnar þátttökurétt í alþjóðlegu áhugamannamóti í haust.

FORGJAFIR Á MÓTINU

Karlar:

Lægst: Sigurpáll G. Sveinsson (GKJ) -2.7
Hæst: Helgi Már Mogensen (GÚ) 13.3

Konur:

Lægst: Ragnhildur Sigurðard. (GR) -0.0
Hæst: Hansína Þorkelsdóttir (GKG) 13.5



SÁTTIR Jón Ásgeir Eyrjólfsson og Kristján Arason frá Kaupþingi handsala samning sinn á milli. Samið var til þriggja ára um stuðning Kaupþings við golfíþróttina á ýmsum sviðum.
FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

Haraldur Heimisson úr GR og Nína Björk Geirsdóttir úr GKJ eiga titil að verja. „Hólarnir og sandurinn einkenna völlum, það er alltaf gaman að spila á Hellu. Ef maður nær að halda sig frá hólunum er maður í góðu lagi, sér í lagi á síðari nýu hólunum.

Þeir eru hættulegir.“ sagði Nína, sem ætla sér að verja titil sinn. „Það eru margar stelpur að koma upp en ég býst við því að baráttan um titilinn verði á milli þessara gömlu góðu.“ segir Nína, sem er í ágætu standi að eigin sögn. - hph



Golfmót Samiðnar 7. júní

Samiðnargolfmótið verður að þessu sinni haldið á Golfvöllum við Hellu laugardaginn 7. júní. Sérstök athygli er vakin á því að mótið er jafnframt innanfélagsmót aðildarfélaga Samiðnar og er það opið öllum félagsmönnum Samiðnar og fjölskyldum þeirra. Ræst verður út frá kl. 9 - 11.

Skráning er í síma 535 6000 eða í tölvupóstfangið
skrifstofa@samidn.is
www.samidn.is



ecco®



Dömu

Herra

RXP 1000 - 29033
Stærðir 36-42



Nirvana - 68993
Stærðir 36-42



Xpedition - 68024
Stærðir 40-47



Xpedition - 68804
Stærðir 40-47



R. Ultra Ter - 26183
Stærðir 36-42



Spark - 16393
Stærðir 36-42



Exorcise - 69354
Stærðir 40-47



Cas.Sandal - 45214
Stærðir 40-47



Crossport - 29703
Stærðir 36-42



Spark - 16273
Stærðir 36-42



R.Range - 28214
Stærðir 40-47



Cas.Sandal - 45234
Stærðir 40-47



Offroad - 69533
Stærðir 36-42



Spark - 16363
Stærðir 36-42



A-Traction - 68404
Stærðir 40-47



Offroad - 69534
Stærðir 40-50



ecco®

KRINGLAN - LAUGAVEGUR - SMÁRALIND

> Kirstie Alley

Alley er meðlimur í Vísindakirkjunni eins og vinur hennar John Travolta. Hún sagði eitt sinn: „Ég held að fallett lif sé mikilvægt en að maður verði sjálfur að sjá til þess að skapa það og hanna.“ Bæði Alley og Travolta leika í myndinni Look Who's Talking sem sýnd er á Stöð 2 í dag.



dagskra



VIÐ TÆKIÐ SÓLMUNDUR HÓLM FAGNAR BEGGA OG PACASI

Íslenskri dagskrárgerð bjargað

Síðast þegar ég reit í þennan dálk lýsti ég eftir nýliðum í íslenskt sjónvarp. Nú hefur ósk mín ræst, eða það stefnir allt í það. Þegar ég fylgdist spennur með þættinum Hæðinni á Stöð 2 hugsaði ég allan tímann að þeir Beggi og Pacas ættu ekki að láta þar við sitja hvað sjónvarp varðar. Það elskuðu þá allir og þeir fóru með sigur af hólmi eftir að hafa baðað sig í sviðsljósinu, í orðsins fyllstu merkingu. Nú hefur það verið gefið út að þeir munu vera með matreiðsluþátt á Stöð 2 næsta vetur og eru það bestu fréttir sem ég hef heyrt lengi.

Í Begga og Pacasi fáum við ekki einungis nýliða, heldur fánlega skemmtilega nýliða. Þeir eru hommar og það eitt gerir þá skemmtilega, þótt



FLOTTIR Beggi og Pacas bjarga íslenskri dagskrárgerð.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

það sé auðvitað til fullt af hundleiðinlegum hömum eins og öðru fólk. Þeir eru samt skemmtilegir hommar og fyndnar týpur. Ólíkir sem frekast getur verið.

Ég, sem auglýsti eftir nýliðum, átti von á því að ósk mín myndi ræstast fyrr eða síðar. Því auðvitað á sér stað nýliðum af og til. Menn koma og fara. Ég átti þó ekki von á því að svona sterkir nýliðar myndu stíga fram á sjónarsviðið.

Nú eru þeir með innsög í Íslandi í dag sem ég trúir að sé bara lognið á undan storminum og ástæða þessarar tilfinningar minnar er augljós – þeir eru allt of stórir fyrir Ísland í dag, þá meina ég þáttinn, ekki landið, og þó?

EKKI MISSA AF



► **14.05 Brúðkaup Jóakims Danaprins** BEINT SJÓNVARPIÐ




► **17.25 Sjáðu** STÖÐ 2



► **18.30 Bob Dylan-tónleikar 1963-65** SKJÁR EINN



► **20.00 Life Support** STÖÐ 2 BÍÓ



► **23.55 NBA-úrslitakeppni Boston-Detroit.** STÖÐ 2 SPORT

SJÓNVARPIÐ

08.00 Morgunstunden okkar Gurra grís, Lítill prinsessa, Herramenn, Bangsímón, Bítte nú!, Lubbi læknir, Skúli skelfir.

09.40 Hrutúrinn Hreinn

09.47 Leyniþátturinn

10.00 Einu sinni var... - Maðurinn

10.30 Kastljós (e)

11.00 Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva 2008 - Forkeppni (e)

13.05 Tímamót Heimildamynd eftir Guðmund Erlingsson. (e)

► **14.05 Konunglegt brúðkaup** Bein útsending frá brúðkaupi Jóakims Danaprins og Marie Cavallier.

16.15 Hvað veistu? Danskur fræðsluþáttur um samanburð á tívörum.

16.50 Viðtalið (e)

17.20 Táknálsfréttir

17.30 Ofvitinn

18.20 Fréttir

18.50 Veður

19.00 Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva 2008 - Úrslit Bein útsending frá söngvakeppninni í Belgrád.

22.20 Skemmtiatriði úr Söngvakeppninni

22.30 Lottó

22.35 Konuilmur Námsmaður tekur að sér að passa blindan mann en starfið reynist annað og meira en hann hugði.

01.10 Grunuð um græsku Lögreglukona er grunuð um græsku eftir að maður sem hún svaf hjá finnst myrtur.

02.45 Útvarpsfréttir í dagskrárlök

BÍÓ

06.05 Life Support

08.00 In Her Shoes

10.10 Field of Dreams

12.00 the Sisterhood of the Traveling Pants

14.00 In Her Shoes

16.10 Field of Dreams

18.00 the Sisterhood of the Traveling Pants

► **20.00 Life Support** Átakanleg verðlaunamynd.

22.00 Syrjana

00.05 Transporter 2

02.00 Boys

04.00 Syrjana

STÖÐ 2

07.00 Krakkarnir í næsta húsi

07.25 Ofurhundurinn Krypto

07.50 Fífi

08.00 Algjör Sveppi Sveppi vaknar allar helgar klukkan átta og sýnir börnunum skemmtilegar teiknimyndir með íslensku tali.

09.00 Tommi og Jenni

09.25 Ben 10

09.50 Litlu grillarnir

12.00 Hádegisfréttir

Fréttir, íþróttir, veður og Markaðurinn.

12.30 Bold and the Beautiful

12.50 Bold and the Beautiful

13.10 Bold and the Beautiful

13.30 Bold and the Beautiful

13.50 Bold and the Beautiful

14.15 American Idol

15.00 American Idol

15.45 Hell's Kitchen

16.35 Tim Gunn's Guide to Style

► **17.25 Sjáðu** Ásgeir Kolbeins kynir allt það heitasta í bíóheiminum. Hvað myndir eru að koma út og hverjar eru aðalstjörnur í bíóhúsinum? Ómissandi þáttur fyrir alla bíóáhugamenn.

17.55 Sjálfstætt fólk Jón Ársæll Þórðarson ræðir áhugavert fólk um áhugavert lífs- hlaup þess og viðhorf.

18.30 Fréttir Stöðvar 2

19.10 Fjölskyldubíó. Look Who's Talking Sígild fjölskyldumynd sem segir frá einstæðri móður sem reynir í úrvæntingu að finna sér mann og föður fyrir son sinn.

20.45 Stick it Uppreisnagjörn, fyrrverandi fimleikastjörna er send í fimleikaakademíu þar sem gömul, sérvitur fimleikahetja ræður ríkjum.

22.30 Lady in the Water Nútímadraugasaga um húsvörð sem bjargar ungru konu úr sundlaug. Hann kemst að því að hún er í raun persóna í draugasögu þarf að hjálpa henni að komast aftur heim.

00.25 Campfire Stories Hrollvekja um tvo stráka sem villast í skógi með fallettri konu sem þeir rákust á. Saman hitta þau fyrir skuggalegan náunga sem býður þeim að hlýja sér við varðeld og hlusta þar á draugasögur.

02.00 Touching the Void

03.45 Fjölskyldubíó. Look Who's Talking

05.20 Man Stroke Woman

05.50 Fréttir

06.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVÍ

SPORT

besta sætið

08.55 Formúla 1 2008 Bein útsending frá æfingum Formúlu 1 í Mónakó.

09.55 PGA Tour 2008 - Hápunktar Farið er yfir það helsta sem er að gerast á PGA mótaröðinni í golfi.

10.50 Inside the PGA

11.15 Formúla 3 Sýnt frá Formúlu 3 kappakstrinum en þar eigum við Íslendingar tvo fulltrúa.

11.45 Formúla 1 2008 Bein útsending frá tímatökunni í Mónakó

13.20 NBA 2007/2008 Útsending frá leik í úrslitakeppni NBA.

15.20 Meistaradeild Evrópu Man. Ut - Chelsea

17.15 Meistaradeildin - meistaramörk

17.40 Fréttabáttur Meistaradeildar Evrópu Vandaður fréttabáttur um Meistaradeild Evrópu.

18.15 Formúla 1 2008 Útsending frá tímatökunni í Mónakó

19.50 Floyd Mayweather vs. Ricky Hatton

21.00 Box - Ricky Hatton - Juan Lazcano Bein útsending frá Manchester.

► **23.55 NBA 2007/2008** Bein útsending frá leik Boston-Detroit.

SPORT 2

enski boltinn

10.45 Premier League World Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hlutum.

11.15 PL Classic Matches West Ham - Bradford, 99/00.

11.45 PL Classic Matches Leeds - Liverpool, 00/01

12.15 1001 Goals Bestu mörk ensku úrvalsdeildarinnar skoðuð.

13.15 Coca Cola mörkin Farið yfir öll mörkin og helstu atvikin í leikjum síðustu umferðar í Coca Cola deildinni en þar eiga Íslendingar nokkra fulltrúa.

13.45 Enska 1. deildin Bristol City - Hull bein útsending frá leik um hvaða lið kemst í úrvaldsdeildina.

17.05 Enska úrvalsdeildin Tottenham - Wigan Útsending frá 11. nóv.

18.50 Enska úrvalsdeildin Newcastle - Liverpool

20.35 Enska úrvalsdeildin Aston Villa - Arsenal Útsending frá 1. des.

22.20 Enska 1. deildin Bristol City - Hull

SKJÁREINN

09.55 Vörutorg

10.55 World Cup of Pool 2007

11.45 Rachael Ray (e)

13.15 Leiðin að titlinum (e)

14.05 Kid Nation (e)

14.55 Top Gear (e)

15.55 Psych (e)

16.45 Survivor - Micronesia (e)

17.35 Game tívi (e) Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelsson fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum.

18.05 Everybody Hates Chris (e)

Bandarísk gamanseria þar sem hádfuglinn Chris Rock gerir grín af uppvaxtarum sínum.

► **18.30 Bob Dylan - The Other Side of the Mirror** Upptaka frá tónleikum með Bob Dylan á Newport Folk Festival 1963-65.

20.00 Eureka (e) Bandarísk þáttaröð sem gerist í litlum bæ með stórt leyndarmál. Lögregluáðurinn Jack Carter villist af leið og endar í Eureka.

21.30 Boston Legal (e) Bráðfyndið lögregludrama um skrautlega lögræðinga í Boston.

22.30 Jekyll (e)

Mögnuð þáttaröð frá BBC þar sem klassísk saga um doktor Jekyll og herra Hyde er sett í nútímabúning.

23.20 Minding the Store (6.10)

Raunveruleikasería þar sem grínistinn Pauly Shore freistar þess að snúa við rekstrinum á einum frægasta grínklúbbi Bandaríkjanna, The Comedy Store í Los Angeles.

23.45 Svalbarði (e)

00.45 C.S.I. (e)

01.35 The Eleventh Hour (e)

02.25 Professional Poker Tour (e)

03.55 C.S.I. (e)

04.35 C.S.I. (e)

05.15 Vörutorg

06.15 Óstöðvandi tónlist

SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Samantekt helstu fréttu vikunnar á N4. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

LITIR, LÍF & ENDALAUST ÚRVAL

Verslanir Kringlunnar eru fullar af nýjum og spennandi sumarvörum. Komdu og finndu eitthvað sumarlegt til að gleðja þig eða aðra.

Opið til 18 í dag og 13-18 á morgun

Kringlan

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 22.30

Lady in the Water

Nýjasta mynd dulspennumeistarans M. Night Shyamalan (Sixth Sense, Unbreakable, Signs). Nútímadraugasaga um hús-vörðinn Cleveland Heep (Paul Giamatti) sem bjargar ungru konu úr sundlaug sem hann sér um. Þegar hann kemst að því að hún er í raun persóna í draugasögu þá þarf hann að hjálpa henni að komast aftur heim og vernda hana fyrir verum sem vilja halda henni í okkar heimi.



► VIÐ MÆLUM MED
Söngvakeppni evrópskra
sjónvarpsstöðva
SJÓNVARPIÐ kl. 19.00
Úrslit beint

Í kvöld verður sigurlagið í söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva valið. Alls eru 25 þjóðir sem keppa í kvöld og Ísland er númer 11 í röðinni. Kynnir er Sigmar Guðmundsson.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.30 Arla dags	16.10 Sögubula, sögð af einu fífl
06.50 Bæn	17.00 Flakk
07.05 Óskastundin	18.00 Kvöldfréttir
08.00 Morgunfréttir	18.26 Hundur í útvarpsal
08.05 Útúr nóttinni... og inni daginn	18.52 Dánarfregnir og augýsingar
09.03 Út um græna grundu	19.00 Heimur óperunnar
10.15 Kvika	20.00 Sagnaslóð
11.00 Víkulokin	20.40 Loftbelgur
12.00 Hádegisútvarp	21.10 Kvöldtónar
12.20 Hádegisfréttir	21.30 Úr gullkistunni
13.00 Krossgötur	22.12 Orð kvöldsins
14.00 Til allra átta	22.15 Ég hjólaði í átt til frelsis
14.40 Þjóðbrók	23.10 Villtir strengir og vangadans
15.20 Listahátíð í Reykjavík 2008	00.07 Næturtonar
16.00 Síðdegisfréttir	

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

EXTRA

- 15.00 Hollyoaks
- 15.25 Hollyoaks
- 15.50 Hollyoaks
- 16.15 Hollyoaks
- 16.40 Hollyoaks
- 17.05 Skífulistinn

19.00 Talk Show With Spike Spike Feresten fær til sín öll stóru nöfnin í Hollywood.

19.30 Comedy Inc. Sprenglæglegur ástralskur sketsapáttur sem slær öllum öðrum við.

20.00 So You Think You Can Dance Leitað er að besta dansara Bandaríkjanna. Dómaramir ferðast víða um Bandaríkin en aðeins þeir 50 bestu fá að fara til Hollywood þar sem niðurskurðurinn heldur áfram. Þar fá dansaramir að vinna með bestu danshöfundum landsins þar til að lokum stendur einn eftir sem sigurvegari. (e)

21.35 So You Think You Can Dance 2

22.25 Entourage Raunalegt framspott Vincents og félagi í Hollywood heldur áfram en leiðin á toppinn bæði skrykkjött og brött. Á slíki þrautagöngu kemur sér vel að eiga góða vini en stundum getur það líka bara skemmt fyrir.

22.55 The Class

23.55 Comedy Inc.

00.20 So You Think You Can Dance 2

01.55 So You Think You Can Dance 2

02.45 Entourage

03.10 The Class

03.35 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV

BBC PRIME

7.00 Ray Mears' Extreme Survival 8.00 EastEnders 8.30 EastEnders 9.00 EastEnders 9.30 EastEnders 10.00 The Weakest Link 11.00 Ballykissangel 12.00 Ballykissangel 13.00 Bleak House 14.00 Bleak House 14.30 Bleak House 15.00 Bleak House 15.30 Bleak House 16.00 Bleak House 16.30 Bleak House 17.00 Bleak House 17.30 Bleak House 18.00 Bleak House 18.30 Bleak House 19.00 Bleak House 19.30 Bleak House 20.00 Bleak House 20.30 Bleak House 21.00 Jane Eyre 22.00 Jane Eyre 23.00 Jane Eyre 0.00 Jane Eyre

DR 1

8.35 Sören Bruns valentinsdag 9.00 aHA Royal '08 10.00 Joachim og Marie 10.30 Joachim og Marie 11.30 Joachim og Marie 12.00 Joachim og Marie 12.30 Joachim og Marie 14.30 Joachim og Marie 16.00 Joachim og Marie 18.00 TV Avisen med vejret 18.18 Sportnyt med SAS liga 18.28 Held og Lotto 18.30 Joachim og Marie 19.00 Det Europæiske Melodi 22.15 Speedway: Sveriges Grand Prix

NK1

8.15 Newton 8.45 Asterix & Obelix: Oppdrag Kleopatra 10.30 Eurovision Song Contest 2008: Semifinale 2 12.35 Giro d'Italia direkte: 14. etappe 15.35 Perspektiv: Og nå: Reklame! 16.00 Barnas supershow 16.30 Malena 17.00 Læringsvejen 17.45 Lotto-trekning 17.55 Edel vare 19.00 Eurovision Song Contest 2008: Finale 22.00 Kveldsnytt 22.15 Min misunnelige friser 23.30 Danserot jukeboks med chat

SVT 1

8.15 I trädgården med Camilla Plum 8.45 Plus sommar 9.15 Naturlösa 9.45 Niklas mat 10.15 Mitt i naturen 10.45 Morgonsoffan 11.15 Andra Avenyn 11.45 Andra Avenyn 12.15 Andra Avenyn 13.15 Uppdrag Granskning 14.15 Sthlm 15.00 Peter Jöback live på Oscars 16.00 Bolibompa 16.05 Disneydags 17.00 Bröderna Lejonhjärta 17.30 Rapport 17.45 Sportnytt 18.00 Glasklart 19.00 Eurovision Song Contest - final 22.00 Rapport 22.05 Mannen på tåget 23.35 Sändningar från SVT24

Hágæða háskólanám

FISKELDISFRÆÐI SJÁVAR- OG VATNALÍFFRÆÐI

Áhersla á auðlindir vatns og sjávar, umhverfismál, líffræðilegar og tæknilegar hliðar fiskeldis.

Diplóma í fiskeldisfræði *
BS í sjávar og vatnalíffræði
sameiginleg námsbraut með HÍ
MS í sjávar og vatnalíffræði



HESTAFRÆÐI OG REIÐMENNASKA

Áhersla á líffræði hestsins, tamningar, reiðmennsku og reiðkennslu.

Hestafræðingur og leiðbeinandi
Tamningamaður (diplóma)
Þjálfari og reiðkennari (diplóma)

Hestafræðingur (BS)
sameiginleg námsbraut með Lbhí



FERÐAMÁLAFRÆÐI

Áhersla á náttúru, menningu, upplifun, afþreyingu og rekstur.

Diplóma í ferðamálafræði ásamt
landvarðar- og staðarvarðarréttindum *
Diplóma í viðburðastjórnun *
BA í ferðamálafræði



* boðið í fjarnámi

ÖFLUGUR HÁSKÓLI Í ÖRUM VEXTI

Við erum sérhæfð. Sérhæfingu fylgja gæði. Við Háskólann á Hólum starfa úrvals kennarar og aðstaða til náms er frábær. Fjölbreytt störf að loknu námi í vaxandi atvinnugreinum.

Umsóknarfrestur: 10. júní

www.holar.is

Háskólinn á Hólum

551 Sauðárkrókur

s: 455 6300



PERSÓNAN

Hreinn Erlingsson




Aldur: 23 ára
Starf: Ég vinn á hæfingarstöðinni í Fannborg, Kópavogi.
Fjölskylda: Foreldrar mínir og tvö yngri systkini, Vignir og Aldís.
Foreldrar: Helga Hreinsdóttir, sem er heimavinandi listamaður, og Lúðvík Vignisson smiður.
Búseta: Ég bý í Hafnarfirði hjá foreldrum mínum.
Stjörnumerki: Steingit.

Hreinn mun halda til Búdapest í júl þar sem hann tekur þátt í keppninni Mr. Gay Europe.

Örn í erfiðri samkeppni við Kellogg's

„Já, morgunkornið setti strik í reikninginn. Við reiknuðum ekki með þessu. Héldum að þeir filmuðu bara að morgni dags. Þeir hljóta að vera að kynna eitthvert kvöldkorn,“ segir Örn Arnason skemmtikraftur. Örn þeyrist nú um landið þvert og endilangt ásamt tenórnum hugumstóra Óskari Péturssyni og Jónasi Þóri píanóleikara en þeir flytja skemmti- og söngdagskrá sem að mestu byggir á því að syngja lög Everly-bræðra. Um síðustu helgi lentu þeir í óvæntri og harðri samkeppni um athygli bæjarbúa í Stykkishólmi sjálfa opunarhelgi ferðalags þeirra. Á sama tíma og söngdagskrá þeirra var hafði Kellogg's morgunkornsframleiðandinn mikli óskað eftir 150 aukaleikum úr hópi bæjarbúa í Kellogg's auglýsingu sem þá var verið að taka í bænnum. „Já, þeir voru vant við látnir Hólmarar,“ segir Örn. Hann má þó vel við una því alls mættu 60 manns. „Það er í góðu lagi. En ef Kellogg's hefði ekki verið í bænnum hefðu komið 160.“ Örn sýtir þetta þó ekki, skemmtunin tókst vel og meðal annars mættu útlendingar sem sögðust aðeins hafa skilið sex orð sem féllu á skemmtuninni. „Já, en það fylgdi sögunni að þau sex orð hefðu einmitt verið frábær,“ segir Örn sem nú býr sig undir samkeppni úr annarri átt. Hann er einn þeirra fáu Íslendinga sem hlýtur að óska þess að Friðrik og Regína komist ekki upp úr undanúrslitunum í Eurovision (það liggur væntanlega fyrir núna) en á laugardagskvöldið



SÖNGVARAR AF GUÐS NÁÐ Þeim Örn og Óskari hefur mætt óvænt samkeppni um athygli þar sem þeir fara um landið og skemmta.

ætla þeir félagar að troða upp í Dalabúð. „Á sama tíma og Eurovision er. Já. Þá verður kannski ekki von á góðu,“ segir Örn sem ber sig vel. Segir glatt á hjalla í Land Cruisernum sem þeir félagar fari á um Vesturland og Vestfirði um þessar mundir. Næst er það svo Suðausturland.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT 2. ríki í Suðvestur-Asíu, 6. kusk, 8. for, 9. ónn, 11. gelt, 12. frétt, 14. þjóðerni, 16. pípa, 17. soðningur, 18. fát, 20. tveir eins, 21. auma.

LÓÐRÉTT 1. skref, 3. guð, 4. brá, 5. knæpa, 7. ólaglegur, 10. veiðarfæri, 13. loft, 15. stunda, 16. iðka, 19. tveir eins.

LAUSN

íðka, 16. æfa, 19. mm.
 5. krá, 7. öfríður, 10. nef, 13. gas, 15.

soð, 18. fúm, 20. ká, 21. arma.
 11. gá, 12. fregr, 14. ífall, 16. æð, 17.

LÁRÉTT: 2. írak, 6. íð, 8. aur, 9. ofn,

VEISTU SVARID

Svör við spurningum á síðu 8

- Jóhanna Sigurðardóttir.
- Frönsk.
- Atli Sveinn Þórarinnsson.

Takk!
 907 2002
 Hjálparstarf kirkjunnar
 www.help.is

SVERRIR STORMSKER: POPPARADEILAN FYRIR DÓMSTÓLA

Stormsker í mál við Eyfa

„Þetta er ákveðið, þeir tjáðu mér það hjá STEF að þetta væri kolólöglegt og mæltu með því að ég myndi fara í mál. Það verður tekið fyrir strax eftir helgi,“ segir tónlistarmaðurinn



Sverrir Stormsker sem hyggst



STORMSKER Í HART Sverrir Stormsker sakar Eyjólf Kristjánsson um að reyna visvítandi að fela hver samdi textann við lagið „Gott“.

höfða mál á hendur Eyjólf Kristjánssyni fyrir að brjóta höfundarréttarlög á textanum við lagið Gott.

Sverrir hefur undanfarna daga sótt hart að tónlistarmönnum Jóni Ólafssyni og Stefáni Hilmarsyni í greinaskrifum sínum í Fréttablaðinu en í gær bættist Eyjólfur í hóp þeirra poppara sem Sverrir telur að hafi hlunnfarið sig á undanförunum árum og brotið á sínum rétti. Sverrir sakar hann í grein sinni í gær um að brjóta visvítandi lög en lagið „Gott“ naut töluverðra vinsælda undir lok nunda áratugarins. „Eyjólfur Kristjánsson

UNDRANDI Eyjólfur Kristjánsson er undrandi á þeim tíðindum að Sverrir Stormsker ætli í mál við hann.

leikur sama feluleikinn og Stefán [Hilmarsson] og fer með það eins og mannsmorð á heimasíðu sinni að ég hafi samið textann „Gott“ og skráir mig ekki mínu rétta höfundarnafni eins og hann er skyldgudur til,“ skrifaði Sverrir í gær í Fréttablaðinu.

Sverri var alveg jafnmikið niðri fyrir þegar Fréttablaðið hafði upp á honum. „Hann skráir mig með föðurnafni, Sverrir Ólafsson, en það þekkir mig enginn undir því nafni. Hann er því visvítandi að fela það hver gerði textann í raun og veru,“ útskýrir Sverrir, rétt áður en hann raut á æfingu fyrir tónleika Johnnys Logans á Hótel Íslandi í kvöld. Sverrir þvertók hins vegar fyrir að hann væri á höttunum eftir skaðabótum frá Eyfa. „Ég er ekki að leita að peningum heldur er Eyjólfur bara einfaldlega að brjóta sæmdarrétt og höfundarréttarlög.“

„Í mál við mig? Af hverju?“ spyr Eyjólfur Kristjánsson, ákaflega undrandi á fréttunum þegar honum voru tíðindin borin. Eyjólfur var í golfi þegar Fréttablaðið náði tali af honum og eftir að honum höfðu verið kynntir málavextir voru viðbrögð hans afar einföld: „Nú, þá fer hann bara í mál við mig. Ég veit eiginlega ekki hvað hefur komið yfir hann. Sverrir hefur alltaf fengið sínar greiðslur fyrir þennan texta og ég hef ekki hugmynd um af hverju hann er að fara þessa leið.“

freyrgigia@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Sturla Jónsson, bílstjóri og mót-mælandi, hefur fengið afhentan bol með áletruninni Ekki meir Geir frá pönkhljómsveitinni Volæði. Eins og Fréttablaðið greindi frá á dögunum hefur sveitin framleitt fjölda bola með hinum ýmsu áletrunum þar sem skotið er föstum skotum að stjórnmálamönnum og öðru þjóðkunnu fólki. Með uppátækinu vill Volæði benda Sturlu á að hann þurfi á einhverju nýju og fersku að halda í baráttu sinni, sem virðist engan endi ætla að taka.

Veiðiljóð heitir nýjasta lag tónlistarmannsins **Benna Hemm Hemm**, sem er komið í útvarpsspilun. Lagið verður að finna á þriðju breiðskífu kappans sem ber hið óvenjulega heiti Murta St. Calunga. Benni ætlar að storka örlögnum með plötunni því hún kemur út á hinum alræmda degi, föstudaginn júní. Alls lög á þrettánda verða ellefu gripnum og bíða hinir fjölmörgu aðdáendur Benna spenntir eftir útkomunni.

Eins og greint var frá hér í blaðinu á fimmtudag hafa þau **Friðrik Ómar** og **Regína Ósk** brugðið á það ráð að bjóða geisladiskinn sinn hverjum þeim sem kaupir Dominospitsu og kók. Nú þegar ljóst er að Friðrik og Regína munu stíga á svið í kvöld má búast við því að eftirspurn eftir diski Eurobandsins aukist talsvert. Yfirmenn Dominos vonast til þess að birgðirnar af disknum dugi en kvöldið í kvöld er eitt af stóru pitsukvöldunum svokölluðu.

- fb/shs

Bítlastelpur með til Liverpool

„Við erum yfir okkur kát sexmenningarnir. Við fengum að vita í vikunni að við komumst með til Liverpool,“ segir Sigrún Sigurðardóttir, sjúkrahjálpari og einhver mesti Bítlaadadandi á Íslandi og þótt víðar væri leitað.

Nú liður að hinni miklu pílgrímsför sem Félag tónskálda og textahöfunda gengst fyrir til Liverpool á Bítlastóðir. Hundrað miðar voru í boði en mikil eftirspurn var og ekki komast færri með sem vilja. Sigrún og vinir hennar, sem öll hafa verið aðdáendur Bítlanna lengi, sóttu strax um miða sem innifelur ferðir, gistingu og miða á tónleika Paul McCartney svo eitthvað sé nefnt, en máttu bíða milli vonar og ótta því félagar í FTT sitja fyrir. Fréttablaðið greindi frá því fyrir mánuði að Sigrún og vinir hennar væru á bíðlista og spennan nánast óbærileg meðal þeirra. „Nú bíða Bítlahjörtun titrandi eftir niðurstöðunni,“ sagði Svandís við þetta tækifæri. Og nú fréttist það um miðja vikuna að þau kæmst öll með.

„Það tókst að særa út örfáa aukamiða með því að höfða til hinnar sterku ástríðu sem þarna býr að baki. Að þarna stæði útaf einlægur hópur aðdáenda. Sem betur fer sáu þeir aumur á okkur,“ segir Jakob Frimann Magnússon, formaður Ftt. Hann segir að tekist hafi að hliðra til og fá fleiri miða til fararinnar þegar



BÍTLASTELPUR OG -STRÁKAR Mikilli spennu var aflétt á miðvikudag en þá fengu Sigrún og vinir hennar þau gleðitíðindi að þau kæmst með til Liverpool.

spurðist af þessum hópi einlægra Bítlavina á Íslandi.

„Þetta er varla búíð að síast inn enn þá, og ýmiss konar viðbrögð fékk símastúlkan hjá Icelandair í gær. Nú eru Bítlahjörtun orðin ögn rólegri en slá þó hratt af tilhökkun,“ segir Sigrún.

-jbg



VORLÍNAN FRÁ DAY ER KOMIN

TEKK
 COMPANY

BÆJARLIND 14 -16 | 201 KÓPAVOGI
 SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | WWW.TEKK.IS

VERÐUR, Sonim

**STERKASTI
MAÐUR
ÍSLANDS
Í SMÁRALIND**

ÞÚ

STERKASTI ÁHORFANDINN



Komdu í Vetrargarðinn í Smáralind í dag þegar keppnin **Sterkasti maður Íslands** fer fram.

Taktu þátt í **Sonim** þrautinni og þú getur unnið sterkasta síma í heimi í verðlaun, Sonim vinnusíma sem þolir allt.

STERKASTI SÍMI Í HEIMI



**Komdu
og sjáðu
símann á
keppninni**

Sonim XP1

Vatnsvarinn

Höggvarinn

Polir -20° frost

Polir +60° hita

Verst mold og ryki

Sérstaklega styrkt takkaborð

Rispufrír skjár

USB hleðsla

Beltisklemma

Bluetooth

**Sterkasti maður Íslands
Smáralind laugardag kl. 13
Ókeypis aðgangur**

Hátekni

Söluaðilar um land allt



BAKÞANKAR
Gerður Kristnýjar

Þjóð á vergangi

Um leið og blásið er til Lista-hátíðar lifnar borgin við eins og í ljóði eftir Tómas. Óteljandi barnsandlit horfa glaðleg, undirleitt eða varfærin til vegfarenda í Lækjargötunni og úti í Tjörninni marar hús í hálfu kafi. Það er gaman að aka eftir Skothúsvegnum þegar svona undur bóða manns. Ég nam staðar fyrir aðvifandi umferð við Suðurgötuna og þar beið mín sjón sem ég hefði alveg viljað að væri bara gjörningur eftir Marinu Abramovic.

ÚTIGANGSKONA í gulri treyju ýtti á undan sér kerru hlaðinni plastpokum. Ég þekkti hana strax aftur. Þegar ég var unglingur unnum við báðar í eldhúsi Landspítalans. Við settum franskbrauð á bakkana með gulu límmiðunum, heilheitibrauð með þeim grænu og rúgbrauð þar sem þeir voru bláir. Nú var þessi kona komin á vergang og ekki sú eina. Útigangsfólkið sem birtist í miðbæ Reykjavíkur er orðið svo stór hluti af vorkomunni að farið er að tala um „rónablíðu“ í staðinn fyrir „rjóma-blíðu“. Hvenær varð svona sjálf-sagt að útigangsfólk væri í Reykjavík? Ekki fyrirfinnst það á Egilsstöðum.

EFTIR undirskriftalistana sem gengið hafa á milli Skagamanna að undanförunu þar sem komu palestínskra flóttamanna er mótmælt mætti halda að þar óttist fólk mest að lenda á vergangi. Húsin þess verði tekin eignarnámi svo hola megi flóttafólkinn niður. Ekki fylltumst við stolti hér um árið þegar Einar heitinn Heimisson sagnfræðingur sagði okkur frá andstöðu íslenskra yfirvalda við því að leyfa göyngum að setjast hér að á tímum seinni heimsstyrjaldarinnar. Við sendum þá fáu sem þó náðu hingað bara beinustu leið í gasklefana. Það væri ómurlegt að endurtaka þau mistök.

ÞEGAR ég hleypti fyrrum samstarfskonu minni yfir götuna veitti ég því athygli að gula treyjan hennar var merkt Lottóinu. Framan á honum var tákmynd þess, hatturinn sem út úr vella grænir seðlar en aftan á stóð: „Ég er í vinningsliðinu.“ Kaldhæðnin fór ekki framhjá mér en samt getum við Íslendingar, hvernig sem komið er fyrir okkur, tekið undir þessi orð án þess að þikna sé miðað við palestínska flóttamenn. Sjáið húsið úti í Tjörninni. Það er fólk þar inni. Förum úr sokkum og skóm, vöðum út í og náum því á þurrt.

Úti á túni



SOMMAR lugt f/kubbakerti, ýmsir litir H28 cm **695,-**



HUSÖN blómapottur, innanmál Ø52, H60 cm **6.990,-**



SOMMAR pappadiskar, ýmsir litir Ø22 cm **695,-/50 í pk.**



1.690,-

IDBYN CAFÉ stóll, grátt/brúnt B51xD56, H75 cm



PLATTA gólfklæðning, gegnheill akasíuviður L45xB45, H2,4 cm **595,-**



GRENÖ sessur, röndótt, ýmsir litir 50x50x14 cm **1.690,-/stk.**



5.990,-/settið

HEMSÖ borð & 2 stólar, svart. Borð Ø70, H73 cm. Stóll sætishæð 45 cm. Fæst einnig í gulu og appelsínugulu.



13.990,-

ÄPPLARÖ felliborð, gegnheill akasíuviður L140/260xB78, H72 cm



SKIR vönglós, glært gler 65 cl. **995,-/2 í pk.**



SOMMAR íspinnabakkar, ýmsir litir, H10 cm **195,-/stk.**



SOMMAR karafla og glös, 5 hlutir, brúnt **1.890,-**



Stóll m/örmmum, sætishæð 41 cm **5.290,-**



ÄPPLARÖ línar, gegnheill akasíuviður



Fellistóll, sætishæð 44 cm **4.890,-**



Hægindastóll, sætishæð 41 cm **5.490,-**



SOMMAR sogrör, ýmsir litir L21 cm **195,-/200 í pk.**




SOMMAR einnota glös, ýmsir litir 20 cl. **295,-/50 í pk.**




SOMMAR blómapottur ýmsir litir, innanmál Ø15, H12 cm **795,-**



SYNTES KONST diskur, hvítt/svart L38xB32 cm **995,-**



SOMMAR servíettur, ýmsir litir L33xB33 cm **250,-/50 í pk.**



SYNTES diskur, ljósgrænt Ø26 cm **250,-**
SYNTES SKISS skál, hvítt/ljósgrænt Ø17 cm **395,-**



695,-/stk.
SOMMAR svuntur, ýmis mynstur

GÓÐAN DAG!
Í dag er laugardagurinn 24. maí, 146. dagur ársins.

Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík 3.44	13.24	23.07
Akureyri 3.03	13.09	23.19

Heimild: Almanak Háskólans

Grænmetisbuff með graslaukssósu, kúskús og grænmeti **340,-**

NÝR BÆKLINGUR!

IKEA

SUMARID ER KOMID
Taktu það með þér heim!
Súkklingur, Súkklingur & Súkklingur
Öllum til gæðna
www.IKEA.is

Opið virka daga 10.00 - 20.00
Opið laugardaga 10.00 - 18.00
Opið sunnudaga 12.00 - 18.00
Veitingastaður opnaður klukkutíma fyrir en verslun

www.IKEA.is